


skoðun 12

3 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Markaðurinn
Hreingerningavörur
og þjónusta








# FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur
4. júlí 2012
155. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012




## Keppir í töfrabrögðum

*Einar töframaður er á leiðinni til Bretlands á heimsmeistaramót töframanna.*

**popp** 24

## Fékk oft tvær veislur

*Söngkonan Hrönn I. Hafliðadóttir fagnar sjötugsafmæli í dag.*

**tímamót** 20



## Ekki gerst í 52 ár

*FH-ingar hafa skorað á 17 mínútna fresti í síðustu fjórum leikjum sínum.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**BEST SA-TIL** Í dag má áfram búast við hægviðri eða hafgolu. Horfur á lítilsháttar vætu N- og V-til og síðdegisskúrum SV-lands. Suðaustantil verður bjart með köflum og hlýjast, allt að 18°C.

VEÐUR 4

# Olíu- og námuvinnsla á Grænlandi þjónustuð frá Íslandi

**Forstjóri Mannvits segir verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki eiga mikil tækifæri í þjónustu við vaxandi iðnað á Grænlandi. Kaupstaðir á Norður- og Austurlandi myndu græða á olíuvinnslu við Grænland og á Drekasvæði.**

**VIÐSKIPTI** Mikil tækifæri fyrir íslenskar verkfræðistofur og ráðgjafarfyrirtæki geta legið í olíu- og námuvinnslu á Grænlandi. Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri verkfræði- og ráðgjafarfyrirtækisins Mannvits, segir í viðtali við Markaðinn í dag að innviðir grænlensks samfélags séu of veikir til að þjónusta væntanlegan námu- og olíuiðnað og nærtækt að horfa til Íslands.

Grænlensk stjórnvöld hafa úthlutað um 140 námu- og rannsóknarvinnsluleyfum auk þess sem álframleiðandinn Alcoa hefur áform um að reisa álver á Grænlandi. Þetta kemur allt til viðbótar við væntanlega olíuvinnslu við austurströnd landsins.

> Grænlendingarnir vilja fá Íslendinga í þessa þjónustu. Þeir segja það.
>
> EYJÓLFUR ÁRNI RAFNSSON
> FORSTJÓRI MANNVITS

„Grænlendingarnir vilja fá Íslendinga í þessa þjónustu. Þeir segja það. Höfuðborgarsvæðið yrði alltaf kjarninn í því enda höfum við alla þá þjónustu sem til þarf þar. En þjónusta fyrir Grænland myndi líka skapa tækifæri nær þéttbýliskjörnum á vestur- og norðvesturhluta landsins,“ segir Eyjólfur.

Hann segir að reynist olía í vinnanlegu magni, hvort heldur sé við Austur-Grænland eða á Drekasvæðinu og við Jan Mayen, séu aðeins tvö lönd sem komi til greina til að þjónusta þá vinnslu, Ísland og Noregur. „Þeir staðir sem koma raunverulega til greina í þessa þjónustu, að okkar mati, eru Akureyri, Húsavík og Egilsstaðir/Reyðarfjörður. Ástæðan er sú að þar er nægjanlegur fjöldi af fólki og nauðsynlegir innviðir til staðar. Þar eru til dæmis sjúkrahús og aðrar grunnstoðir. En allir Íslendingar munu njóta góðs af þegar upp er staðið.“

Mannvit hefur í vaxandi mæli beint sjónum að olíutengdum verkefnum með framtíðarþróun í huga. Í gegnum dótturfélagið HRV Engineering, sem Mannvit á með Verkís og hefur sérhæft sig í þjónustu við áliðnaðinn, hefur verið stofnað félag í Molde í Noregi með norskum samstarfsaðilum. Sérfræðingar frá Mannviti eru fluttir þangað frá Íslandi til að vinna að uppbyggingu fyrirtækisins. Eyjólfur Árni segir stefnuna vera að byrja smátt, en það sé reyndar afstætt. „Það sem Norðmenn segja að sé smátt í olíuiðnaðinum er risastórt fyrir okkur. Bara í Molde vantar til að mynda um tvö þúsund manns til starfa í honum á þessu ári. Heildarfjöldi þeirra sem starfa í okkar geira á Íslandi á frjálsum markaði er um 1.400 manns.“

**- þsj / sjá Markaðinn**



**TUNGLFISKURINN Í TRAUSTUM HÖNDUM** Hér hafa þeir Úlfar Eysteinsson, Stefán Úlfarsson og Einar Björn Halldórsson tekið þennan furðufisk traustataki. Tunglfiskurinn heldur sig oftast við yfirborð sjávar og nærist meðal annars á kolkröbbum, marglyttum og öðru sem fyrir honum verður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Úlfari Eysteinssyni barst 65 kílóa tunglfiskur sem nú er tilbúinn á diskinn:

# Fiskurinn með nælonroðið

**DÝRALÍF** Úlfar Eysteinsson, veitingamaður á Þremur frökkum, komst heldur betur í feitt í gær þegar hann fékk 65 kílóa tunglfisk inn á borð til sín. Það var vinveittur sjómaður á Sighvati Bjarnasyni frá Vestmannaeyjum sem færði honum fenginn.

„Þetta er reyndar bara lítill fiskur því þeir stærstu geta orðið um 1.300 kíló,“ segir Úlfar sem þó hefur úr nógu að moða.

„Ég er hérna kominn með um tólf til fimmtán kíló af gæðafiski sem við bjóðum nú upp á fram á föstudag.“ Hann segir að um einstakt tækifæri sé að ræða. Úlfar segir ýmislegt kynlegt við fiskinn. Til dæmis segir hann að roðið sé viðkomu eins og nælon.

> Þetta er reyndar bara lítill fiskur því þeir stærstu geta orðið um 1.300 kíló.
>
> ÚLFAR EYSTEINSSON
> VEITINGAMAÐUR

„Þegar við sáum það þá hugsaði ég að alltaf er nú náttúran á undan okkur að finna upp hlutina.“ segir hann og hlær við.

Margt er greinilega að breytast í þessu hafi umhverfis okkur og eins gott að sæfarendur hafi augun hjá sér.

Til dæmis segir Jónbjörn Pálsson, fiskifræðingur á Hafrannsóknastofnun, að í síðasta mánuði hafi stofnuninni borist ábending um sæskjaldböku á svamli í Faxaflóa. Það er eins gott að hún komi sér suður um höf fyrir haustið ef einhver Íslendingurinn á ekki að finna hana í fjöru þegar kólna tekur.

**- jse**

Fornleifar í Fnjóskadal:

# Fundu minjar um járnvinnslu

**FORNMINJAR Umfangsmiklar minjar um forna járnvinnslu hafi fundist við fornleifauppgröft í Fnjóskadal, þar sem munni Vaðlaheiðarganga á að liggja. Grafinn var upp stór haugur af gjalli sem verður til þegar bræddar steindir renna undan járni við járnvinnslu til forna.**

**Fornleifafræðingar hafa tímasett minjarnar frá landnámi og þar til fyrir 1300. Guðmundur Stefán Sigurðarson fornleifafræðingur er vongóður um að minjarnar muni kasta ljósi á áður óþekkta þætti járnvinnslu til forna. „Þarna er heilleg mynd af þessu járnvinnslusvæði sem gefur okkur von um upplýsingar sem ekki hafa fengist áður um með hvaða hætti járn hefur verið unnið á Íslandi.“**

**Uppgröfturinn stendur enn og stefnt er að því að ljúka honum í haust.** **- bþh**






## SPURNING DAGSINS



*Hjörtur, reiknuðuð þið nokkuð með þessu?*

„Við lögðum bara saman krafta okkar og útkoman varð margfaldur árangur."

Hjörtur Björnsson er einn fjögurra stærðfræðinga sem útskrifaðist með ágætiseinkunn á dögunum.

Átak hjá brasilískum föngum:

# Geta hjólað sig út úr fangelsi

**BRASILÍA Föngum í fangelsinu Santa Rita do Sapucaí í Brasilíu hefur verið boðið að hjóla af kappi á líkamsræktarhjólunum í fangelsinu sem eru tengd við rafhlöður sem sjá um götulýsingu. Þegar fangi hefur hjólað í 16 klukkustundir styttist fangavistin um einn dag.**

**Maðurinn á bak við átakið, dómarinn Jose Henrique Mallmann, segir að það snúist ekki um ókeypis vinnukraft heldur um að fangarnir sjái ástæðu til þess að halda sér í góðu formi.**

**Í fangelsinu eru aðeins tvö hjól sem geta lýst upp sex ljósaperur. Vegna þess hve átakið er vinsælt hafa verið pöntuð átta ný hjól.** - ibs



**BRÚARFOSS** Brúarfoss siglir á milli Íslands og Rotterdam í Hollandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Þrír starfsmenn Eimskips:

# Játa sterasmygl með Brúarfossi

**LÖGREGLUMÁL** Þrír starfsmenn Eimskips voru handteknir á sunnudag fyrir að hafa smyglað til landsins um tíu þúsund steratöflum, verulegu magni af sterum í vökvaformi auk áfengis og tóbaks. Mennirnir hafa játað aðild sína að málinu.

Einn mannanna varpaði smyglvarningnum úr Brúarfossi, flutningaskipi Eimskips, á milli lands og Vestmannaeyja. Varningurinn var í fimm plastdunkum, festum við flotholt. Hinir tveir sigldu í kjölfarið frá Vestmannaeyjum á litlum fiskibáti og sóttu pakkana.

Ólafur William Hand, upplýsingafulltrúi Eimskips, segir að fyrirtækið hafi ekki vitað af málinu fyrr en mennirnir voru handteknir. Þeir verði leystir frá störfum. „Innan veggja Eimskips er ekki tekið létt á smyglmálum," segir hann. Þau komi upp á um tveggja ára fresti. - sh / bbi

## GRINDAVÍK

**Grindvíkingar fá háhraðanet**

Grindvíkingar fá háhraðanettengingu á næstunni, en verið er að koma upp ljósneti Símans í bænum. Fyrsta áfanga lýkur um miðjan júlí og framkvæmdir halda svo áfram í ágúst við aðra áfanga.

## ÁLFTANES

**Skipt um bæjarstjóra**

Snorri Finnlaugsson, oddviti bæjarstjórnar á Álftanesi, verður bæjarstjóri bæjarins frá 17. ágúst næstkomandi. Fráfarandi bæjarstjóri, Pálmi Þór Másson, hefur verið ráðinn bæjarlögmaður í Kópavogi.

Tveir menn hljóta hálfs árs fangelsi fyrir að koma þolanda árasar ekki til hjálpar:

# Fékk átján mánuði fyrir líkamsárás

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt 28 ára mann í átján mánaða fangelsi fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás á Laugavegi í lok febrúar. Fórnarlambið, óreglumaður á fimmtugsaldri, slasaðist lífshættulega og lá á gjörgæsludeild um tíma.

Mönnunum sinnaðist í samkvæmi og það leiddi til þess að annar réðst á hinn, kýldi hann í magann og tók hann kverkataki. Í atganginum féll sá eldri niður stiga og slasaðist við það töluvert. Þegar niður var komið traðkaði árásarmaðurinn á höfði hans. Hann naut svo aðstoðar tveggja félaga sinna við að bera manninn að húsasundi í nágrenninu og skilja hann þar eftir.



**HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR** Mennirnir voru allir fundnir sekir – tveir þeirra fyrir að koma þolandanum ekki til hjálpar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Maðurinn var sakfelldur fyrir árásina, en ekki fyrir að vera beinlínis valdur að því að maðurinn féll niður stigann. Þá þykir ekki sannað að hann hafi orsakað höfuðkúpubrotið sem maðurinn hlaut.

Tvímenningarnir sem aðstoðuðu árásarmanninn fengu sex mánaða fangelsisdóm fyrir að láta hjá líða að koma manninum til hjálpar.

Hinn slasaði er á batavegi en glímir þó enn við afleiðingar árásarinnar, á ekki gott með mál og fær höfuðverki. - sh

Fluttu amfetamín til Noregs:

# Fíkniefnasmyglarar afhjúpaðir

**NOREGUR** Norska lögreglan hefur í samvinnu við lögregluna í Litháen afhjúpað glæpagengi sem flutt hefur mikið magn amfetamíns til suðurhluta Noregs.

Amfetamínið var flutt frá Kaunas í Litháen og sett í geymslu í Noregi. Litháar komu síðan á eftir til Noregs, sóttu amfetamínið og seldu það norskum dreifingaraðila.

Tveir Litháar sitja í gæsluvarðhaldi í Noregi en sá þriðji í Kaunas. Grunur leikur á að alls eigi þrettán manns aðild að málinu. - ibs

# Gamall gærukollur í tísku í útlöndum

**Gærukollur sem hannaður var fyrir fjörutíu og tveimur árum eykur nú hróður íslenskrar hönnunar víða um heim. Víða er bannað að sitja á kollinum.**

**MENNING** Menningarmiðstöðin The American Scandinavian Foundation í New York keypti í síðustu viku koll eftir Sigurð Má Helgason. Kollurinn ber heitið Fuzzy eða Loðlingur og var hannaður árið 1970 af Sigurði og þótti þá um margt nýstárlegur en ber nú hróður íslenskrar hönnunar víða um heim.

Loðlingur komst til að mynda í sviðsljósið í maí síðastliðnum en Dorrit Moussaieff, eiginkona Ólafs Ragnars Grímssonar forseta, kynnti hann þegar hún var gestur í matreiðsluþætti Mörthu Stewart.

En kollurinn skýtur víðar upp kollinum. „Ég hef nú ekki verið nógu duglegur við að halda nöfnunum á þessum stöðum til haga," segir Sigurður Már. „En hann er á einhverju safni í Finnlandi, nú og svo bæði í Svíþjóð og Danmörku. Síðan hef ég líka selt Japana fimm stykki. Það eru eflaust ekki mörg íslensk húsgögn sem fara alla leið þangað."

Þó gærukollurinn hafið verið lengi að ná þessum hæðum komst hann þó í tísku hér á landi fljótlega eftir að hann var hannaður. „Hann varð fljótlega vinsæll til fermingargjafa. Það eru enn að koma til mín konur sem fengu hann á sínum tíma í fermingargjöf og eru nú að biðja mig að lappa aðeins upp á hann."

Sigurður Már segir að í seinni tíð sé orðið erfitt að dæma um hvort hann eigi að flokkast undir húsgagn eða skrautmun.

„Ég veit að sums staðar er alveg bannað að sitja á honum. Eins og gefur að skilja er það nú ekki algengt um kolla. Svo veit ég um mann sem tók niður Kínavasann og setti gærukollinn upp á hillu rétt eins og hvern annan skrautmun."



**HÖNNUÐURINN MEÐ GÆRUKOLLINN** Hér er Sigurður Már með gærukollinn sem víðast er nú meira fyrir augað en sitjandann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sigurður Már hefur einnig hannað lampa sem hann kallar Kraum og eru úr gleri og við. Þó hann sé nú orðinn sjötíu og tveggja ára er hann síður en svo hættur að hanna en hann lætur ekkert hafa eftir sér um það hvers konar furðuverk skjóti upp kollinum næst. jse@frettabladid.is

> Hann varð fljótlega vinsæll til fermingargjafa. Það eru enn að koma til mín konur sem fengu hann á sínum tíma í fermingargjöf og eru nú að biðja mig að lappa aðeins upp á hann



**FORSETI Á HLAUPUM** Sarkozy áður en hann lét af embætti. NORDICPHOTOS/AFP

Grunur um ólögleg framlög:

# Húsleit gerð hjá Nicolas Sarkozy

**FRAKKLAND, AP Franska lögreglan gerði húsleit heima hjá Nicolas Sarkozy, fyrrverandi Frakklandsforseta. Húsleitin tengdist rannsókn á meintum ólöglegum fjárframlögum í kosningasjóði hans árið 2007.**

**Sarkozy naut friðhelgi gegn saksókn meðan hann gegndi embætti forseta, en missti friðhelgina þann 15. júní þegar Francois Hollande tók við forsetaembættinu.**

**Rannsóknin beinist að því hvort Liliane Bettencourt, erfingi L'Oreal snyrtivörufyrirtækisins, hafi greitt mun meira fé í kosningasjóði hans en lög leyfa.** - gb

Ný rannsókn á dauða Arafats:

# Arafat líklega byrlað eitur

**PALESTÍNA** Yasser Arafat lést vegna eitrunar. Þetta segja niðurstöður rannsóknar sem rannsóknarstofa í Lausanne í Sviss hefur gert á persónulegum munum Arafats.



**YASSER ARAFAT**

Arafat, leiðtogi Palestínumanna um áratuga skeið, lést á hersjúkrahúsi í París árið 2004 en þangað leitaði hann lækninga við veikindum sem höfðu hrjáð hann um nokkurt skeið.

Rannsóknin leiddi í ljós töluvert magn af póloni í sýnum sem tekin voru. Pólon er sjaldgæft geislavirkt frumefni sem meðal annars dró rússneska njósnarann Alexander Litvinenko til dauða. Lík Arafats var ekki krufið og því hafa aldrei fengist skýringar á dauða hans. Til þess að sannreyna niðurstöður svissnesku rannsóknarinnar er nauðsynlegt að grafa líkið upp og rannsaka. - bþh

Forstjóri 365 miðla segir rekstur ársins 2011 ásættanlegan í ljósi aðstæðna:

# Hagnaður 365 var 250 milljónir

**VIÐSKIPTI** Rekstur 365 miðla ehf. skilaði hagnaði fyrir árið 2011 sem nemur 250 milljónum króna, eftir afskriftir, fjármagnsliði og skatta. Ari Edwald, forstjóri 365 miðla, segir rekstur ársins ásættanlegan í ljósi efnahagsumhverfis. 365 miðlar gefa út Fréttablaðið auk þess að starfrækja Stöð 2, Vísi.is, Bylgjuna og fleiri fjölmiðla.

Heildarvelta fyrirtækisins árið 2011 nam 9.048 milljónum króna og hagnaður þess fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA) 803 milljónum króna. Afskriftir og fjármagnsliðir námu 639 milljónum króna árið 2011.

Árið 2010 nam hagnaður ársins 360 milljónum króna og hagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta 1.004 milljónum króna.

> Þá er lögð áhersla á að efla enn frekar innlenda dagskrárgerð.
>
> **ARI EDWALD** FORSTJÓRI 365 MIÐLA

Lán fyrirtækisins eru í niðurgreiðsluferli og munu skuldir lækka hratt á næstu árum, segir í fréttatilkynningu. Lausafjárstaða félagsins er traust sem og eiginfjárstaða þess.

„Ráðstafanir hafa verið gerðar til að bæta afkomu félagsins," segir Ari. „Þar má nefna endursamninga um sjónvarpsefni, einföldun á rekstri og sameiningu rekstrus félagsins á einn stað. Í tengslum við flutninga allrar starfsemi í Skaftahlíð 24 hefur félagið varið vel á annað hundrað milljónum króna til fjárfestinga í nýrri sjónvarpsútsendingu og háskerpuvæðingu útsendingar. Þá er lögð áhersla á að efla enn frekar innlenda dagskrárgerð."

Ari segir að árið 2012 sé gert ráð fyrir verulegum bata í rekstri félagsins frá 2011. Rekstur félagsins fyrri hluta ársins í ár sé í samræmi við þær áætlanir. „Mikil óvissa er þó áfram um efnahagsþróun og rekstrarumhverfi fyrirtækja," segir Ari Edwald. - bþh

## STRANDABYGGÐ

**Andrea ráðin sveitarstjóri**

Andrea K. Jónsdóttir hefur verið ráðin sveitarstjóri Strandabyggðar. Andrea tekur við starfinu þann 7. ágúst, en Ingibjörg Valgeirsdóttir núverandi sveitarstjóri lætur af störfum 1. september. Andrea var valin úr hópi 29 umsækjenda.

**GENGIÐ 03.07.2012**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,31 | 125,91 |
| Sterlingspund | 196,5 | 197,46 |
| Evra | 157,61 | 158,49 |
| Dönsk króna | 21,197 | 21,321 |
| Norsk króna | 20,965 | 21,089 |
| Sænsk króna | 18,07 | 18,176 |
| Japanskt jen | 1,5694 | 1,5786 |
| SDR | 190,1 | 191,24 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 218,9581

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hafnarfjarðarkaupstaður skoðar leiðréttingu launalækkunar frá 2009:

# OR leiðrétti lækkun en borgin ekki

**KJARAMÁL** Orkuveita Reykjavíkur (OR) leiðrétti þær lækkanir launa sem starfsmenn tóku á sig í janúar 2009 við lok þess árs. Eins og Fréttablaðið greindi frá í gær var sú ekki raunin með Reykjavíkurborg, en nú hafa þeir starfsmenn sem heyra undir ákvörðun kjararáðs fengið leiðréttinguna, en aðrir ekki.

Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi OR, segir að ákvörðunin hafi verið tímabundin til ársloka 2009. Þá hafi lækkanirnar gengið til baka, nema hjá stjórnarmönnum OR, en þeir hljóta enn sömu þóknun og eftir lækkun.



GUÐRÚN ÁGÚSTA GUÐMUNDSDÓTTIR

Starfsmannafélag Hafnarfjarðar hefur óskað eftir því að sambærileg lækkun sem starfsmenn bæjarins tóku á sig 2009 gangi til baka. Karl Rúnar Þórsson, formaður félagsins, vonast til þess að orðið verði við ósk félagsins.

„Við vonum að Hafnarfjörður ætli ekki að vera eftirbátur annarra bæjarfélaga og muni ekki að fara Reykjavíkurleiðina í þessu."

Bæjarráð Hafnarfjarðar fól bæjarstjóra að endurskoða launakjör þeirra starfsmanna sem tóku á sig skerðingu. Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri Hafnarfjarðar, segir að lækkunin muni ekki ganga til baka í heild sinni, heldur verði kjör hvers og eins skoðuð.

„Ýmsar forsendur hafa breyst og það hefur orðið stór skipulagsbreyting í stjórnsýslu sveitarfélagsins. Það þarf því að skoða hvern og einn starfsmann sérstaklega." - kóp

Sækja um í hagfræðideild HÍ:

# Flestir stóðust inntökuprófið

**MENNTUN Fjörutíu nemendur munu hefja nám við hagfræðideild Háskóla Íslands í haust eftir að hafa náð nýju inntökuprófi. Prófið var haldið í fyrsta sinn í deildinni þann 19. júní síðastliðinn. Alls þreyttu 46 prófið á þremur stöðum á landinu. Af þeim náðu 40 fullnægjandi árangri.**

**Prófið var opið öllum sem hafa lokið stúdentsprófi, en hagfræðideildin er önnur deild skólans til að taka upp inntökupróf. Þegar eru slík próf haldin árlega í læknisfræði og sjúkraþjálfun.** - þeb

Nítján ára í gæsluvarðhald:

# Grunaður um að hafa nauðgað fimm börnum

**SVÍÞJÓÐ Nítján ára unglingur í Örebro í Svíþjóð hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa nauðgað að minnsta kosti fimm börnum á aldrinum fimm til átta ára, bæði stúlkum og drengjum.**

**Talið er að ofbeldið hafi átt sér stað frá því í janúar 2010.**

**Sænskir fjölmiðlar hafa það eftir saksóknara að unglingurinn hafi viðurkennt hluta brotanna sem hann er sakaður um.**

**Öll börnin höfðu verið í einhvers konar tengslum við manninn en saksóknarinn vildi ekki greina frá því um hvers konar tengsl var að ræða.** - ibs

## DÓMSTÓLAR

### Sextán ára á skilorð

Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt sextán ára pilt í þrjátíu daga skilorðsbundið fangelsi fyrir þrjú þjófnaðarbrot. Hann stal fjórtán þúsund króna ilmvatni úr Smáralind, braust inn í kyrrstæðan strætisvagn og stal þaðan söfnunarkassa með peningum og strætómiðum og braust svo inn á Höllabáta og stal 200 þúsund króna sjónvarpi. Við ákvörðun refsingar var meðal annars litið til ungs aldurs.

## LEIÐRÉTT

Í frétt blaðsins um metanólframleiðslu á Íslandi misritaðist í yfirfyrirsögn að íslenskt fyrirtæki hefði uppi áform um að framleiða 80 milljón tonn af metanóli á ári. Hið rétta er að áformin miða við 80 milljón lítra eins og segir í greininni. Eins var rangt farið með skammstöfun fyrirtækisins sem er CRI fyrir Carbon Recycling International. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Segir Íslendinga nú þurfa að gefa eftir

**Framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála ESB segir deilur um makrílveiðar stafa af ósveigjanleika Íslendinga. ESB hafi gefið mikið eftir og nú sé röðin komin að Íslendingum. Hún útilokar ekki sérlausnir fyrir Íslendinga í sjávarútvegsmálum.**

**EVRÓPUMÁL** Maria Damanaki, sem fer með sjávarútvegsmál í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins, segir ágreining vera innan leiðtoga- og ráðherraráðs Evrópusambandsins um það, hvenær eigi að hefja viðræður við Ísland um sjávarútvegskaflann í tengslum við aðildarumsókn Íslands.

Damanaki, sem átti viðræður við íslenska ráðamenn hér á landi í gær, hafnar því ekki að þessi ágreiningur stafi að einhverju leyti af því að Ísland á í hörðum deilum við Evrópusambandið og Norðmenn um makrílveiðar og segir mikilvægt að ná sem allra fyrst lausn í makríldeilunni.

„Markmið okkar allra er það sama. Við viljum öll sjálfbæra fiskistofna," segir hún. „Við þurfum að ná samkomulagi, og það fljótt vegna ástands fiskistofnanna. Hins vegar getum við ekki sætt okkur við neinar einhliða ákvarðanir."

Hún gefur ótvírætt til kynna að henni finnist Íslendingar ekki hafa lagt sig fram í samningaviðræðunum um makrílveiðar.

„Fyrir þremur árum lögðum við fram tilboð, sem við höfum nú hækkað um 60 prósent. Við ætlumst til þess að sjá einhverja hreyfingu núna af Íslands hálfu."

Hún segir endurskoðun sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins, sem nú stendur yfir, ekki hafa þau áhrif að Evrópusambandið dragi á langinn viðræður við Ísland um sjávarútvegsmálin.

„Viðræðurnar snúast um lög Evrópusambandsins eins og þau eru núna."



**MARIA DAMANAKI** Framkvæmdastjóri sjávarútvegsmála Evrópusambandsins ræddi við blaðamenn í Reykjavík í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Við ætlumst til þess að sjá einhverja hreyfingu núna af Íslands hálfu.
>
> **MARIA DAMANAKI** FRAMKVÆMDASTJÓRI SJÁVARÚTVEGSMÁLA HJÁ ESB

Hins vegar vill hún fullvissa Íslendinga um að Evrópusambandið muni sýna sveigjanleika þegar kemur að samningaviðræðum um sjávarútvegsmálin. Aðspurð útilokar hún ekki að einhvers konar sérlausn finnist fyrir Ísland, sem yrði þó byggð á meginreglum ESB.

„Við höfum verið sveigjanleg, til dæmis í aðildarviðræðum við Króatíu, sem nú er orðið aðildarríki að ESB. Þar voru sjávarútvegsmálin einn helsti ásteytingarsteinninn en við fundum samt lausn."

Þegar flett er upp í aðildarsamningi ESB og Króatíu kemur þó í ljós að þær sérlausnir eru flestar tímabundnar og harla smávægilegar í samanburði við íslenska hagsmuni í sjávarútvegsmálum.

Heimsókn hennar til Íslands snýst reyndar ekki síst um málefni Norðurskautsins, sem Evrópusambandið horfir til í æ ríkara mæli.

gudsteinn@frettabladid.is

Danskir vísindamenn:

# Kaffi minnkar líkur á þungun

**DANMÖRK** Drekki konur fleiri en fimm bolla af kaffi á dag minnka líkurnar á að þær verði barnshafandi við glasafrjóvgun um helming. Þetta eru niðurstöður rannsóknar danskra vísindamanna sem skoðað hafa gögn um fjögur þúsund konur. Líkurnar á að fæða lifandi barn minnka um 40 prósent, samkvæmt niðurstöðum rannsóknarinnar.



Í fréttum danskra fjölmiðla er haft eftir Ulrik Schiøler Kesmodel við Árósaháskóla að það hefði ekki komið vísindamönnum á óvart að kaffi hefði áhrif á möguleikana á að verða barnshafandi. Hversu mikil áhrifin reyndust kom hins vegar á óvart. - ibs

Flestir koma frá Sómalíu:

# Hælisleitendum fjölgar í Svíþjóð

**SVÍÞJÓÐ Þriðjungi fleiri sóttu um hæli í Svíþjóð á fyrri hluta þessa árs en á sama tímabili í fyrra. Þetta kemur fram í nýjum tölum.**

**Það sem af er ári hafa rúmlega sextán þúsund hælisleitendur komið til landsins, en á sama tíma í fyrra voru þeir rúmlega tólf þúsund. Um fimmtán hundruð hælisleitendanna eru börn, sem koma að mestu frá Afganistan og Sómalíu. Í janúar var fjölskyldum frá Sómalíu gert auðveldara að sameinast í Svíþjóð og eftir það hefur hælisleitendum þaðan fjölgað um 58 prósent og eru þeir nú stærsti hópur hælisleitenda í landinu.** - þeb




## VEÐURSPÁ



**Soffía Sveinsdóttir** veðurfréttamaður

**VÆTA AF OG TIL** Í dag má búast við vætu norðan- og vestantil en horfur á úrkomulitlu og björtu veðri að mestu SA-lands. Á morgun og föstudaginn verður áfram bjartast SA-til en þungbúnast NV-til og horfur á lítilsháttar vætu þar. Hitinn verður víða á bilinu 10-18°C.




**Á MORGUN** 2-6 m/s eða hafgola.

**FÖSTUDAGUR** Fremur hægur vindur.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 29° |
| Basel | 28° |
| Berlín | 25° |
| Billund | 22° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 27° |
| Gautaborg | 22° |
| Kaupmannahöfn | 22° |
| Las Palmas | 26° |
| London | 21° |
| Mallorca | 29° |
| New York | 31° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 22° |
| París | 25° |
| San Francisco | 23° |
| Stokkhólmur | 19° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is,* Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

# RICOH

## hefur valið Optima ehf. sem söluaðila ársins

í Evrópu, Mið-Austurlöndum og Afríku  fyrir framúrskarandi árgangur
í rekstri, sölu og þjónustu til viðskiptavina okkar.

Við viljum þakka viðskiptavinum okkar þennan árangur og það traust
sem þeir hafa sýnt okkur.

## Er þitt fyrirtæki í vinningsliðinu?

Hafðu samband við sölumenn okkar og sjáðu hvað við getum gert fyrir þitt fyrirtæki




Optima er leiðandi fyrirtæki í sölu og þjónustu á skrifstofutækjum og hugbúnaðarlausnum

STOFNAÐ 1953
OPTIMA
Vínlandsleið 6-8, S. 588 9000
www.optima.is

## KJÖRKASSINN



*Finnst þér að auka eigi fjölda meðmælenda sem þarf að afla fyrir forsetaframboð?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 78% |
| NEI | 22% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Tókst þú á þig launaskerðingu í kjölfar efnahagshrunsins?*

Segðu þína skoðun á Vísir.is

Egill Einarsson hefur kært átján ára stúlku sem sakaði hann um nauðgun fyrir rangar sakargiftir:

# Egill kærir stúlkuna og tvær vinkonur hennar

**DÓMSMÁL** Egill Einarsson hefur kært átján ára stúlku sem sakaði hann um nauðgun fyrir rangar sakargiftir. Hann kærir jafnframt tvær vinkonur hennar sem vitnuðu í málinu.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu sem Egill sendi frá sér vegna málsins í gær. Þar gagnrýnir hann yfirlýsingu sem Guðjón Ólafur Jónsson, réttargæslumaður stúlkunnar, sendi frá sér fyrir helgi, og segist hafa fundið sig knúinn til að bera hönd fyrir höfuð sér enda sé yfirlýsing Guðjóns villandi, ónákvæm og sumt í henni beinlínis rangt.

„Það er með sanni ömurleg staða að vera í, að þurfa að verja sig af yfirlýsingu frá réttargæslumanni stúlku, sem í niðurstöðu saksóknara kemur fram að hafi verð margsaga í frásögn sinni um meinta nauðgun,“ segir Egill í yfirlýsingunni.

Þá sé það enn fremur rangt að stúlkan hafi yfirgefið heimili hans grátandi og í miklu uppnámi. Það ástand hafi hún komist í síðar. „Á meðan hún dvaldi hjá okkur var mikið hlegið og góð stemning og þessi áburður kom því eins og þruma úr heiðskíru lofti.“

Egill kveðst mjög hugsi yfir því að stúlkan hafi verið margsaga í öllum meginatriðum og hann velti fyrir sér hvernig standi á því að hún og vinkonur hennar hafi borið um símtöl og sms-skeyti sem símaskýrslur sanni að hafi aldrei átt sér stað. „Ég hef þess vegna mikið velt því fyrir mér hvort eitthvað sé hæft í sögusögnum um að hún hafi orðið fyrir óeðlilegum þrýstingi frá tilteknu áhrifafólki. Komi slíkt í ljós þá eru allir aðilar þessa máls peð í pólitískum hráskinnsleik.“ - sh



**EGILL EINARSSON** Í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér í gær gagnrýnir hann yfirlýsingu réttargæslumanns stúlkunnar sem kærði hann fyrir nauðgun.


# Arges tæki



Arges einfasa Rafstöð HD3800E
Bensín m/rafstarti 3,2KW
**79.900,-**



Arges HKV-100GS30 1000W, 30 lítrar
**25.900,-**

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ
Akureyri
Húsavík
Vestmannaeyjum

Meiri gæði – Lægra verð
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is


# Öryggi og verndun er höfuðatriði við Silfru

**Þingvallanefnd ákveður á næsta fundi hvort innheimtu umdeilds gjalds fyrir kafara í Silfru verði frestað til 1. september. Nefndarformaðurinn segir áríðandi að stýra aðgangi að gjánni til að vernda umhverfið og tryggja öryggi kafara.**

**UMHVERFISMÁL** „Það er ekki hægt að fresta því að grípa til stýringar á umferðinni um Silfru,“ segir Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar.

Eins og kom fram í Fréttablaðinu í gær gagnrýna ferðaþjónustufyrirtæki nýtt 750 króna gjald á þá sem stunda köfun og snork í gjánni Silfru. Þeim hafi komið á óvart þegar tilkynnt var með níu daga fyrirvara að gjaldið yrði lagt á frá og með 1. júlí.

Álfheiður bendir á að 12. desember í fyrra hafi Þingvallanefnd ákveðið að bjóða út köfunarleyfi í Silfru frá 1. maí á þessu ári. Mjög ítarlegt samráð hafi verið við viðkomandi fyrirtæki og Ríkiskaup komið að málinu.

„Ástæðan er öllum kunn: Þarna hafa á síðustu árum orðið mjög alvarleg slys, þar á meðal banaslys árið 2010. Helsta öryggisráðstöfunin er annars vegar að takmarka fjöldann sem er ofan í Silfru á hverjum tíma og hins vegar að ekki megi vera nema tiltekinn fjöldi sem kafar eða snorkar með hverjum leiðsögumanni,“ segir Álfheiður.

Formaður Þingvallanefndar segir að við nánari skoðun hafi útboð á sérleyfum þó ekki staðist lög. Hins vegar sé heimilt að leggja á svokallað gestagjald, ámóta og gjald fyrir tjaldstæði og veiðileyfi. Ákveðið hafi verið að fara þá leið. Útreikningar hafi leitt til að gjaldið verði 750 krónur fyrir hverja heimsókn í gjána. Þjóðgarðsverði sé falið að vinna tímaskiptingar í samvinnu við fyrirtækin.

„Þannig ættu fyrirtækin vissa tíma í Silfru en þyrftu ekki að fara í kappakstur austur til að reyna að vera fyrstir ofan í en ella láta sína viðskiptavini norpa á bakkanum og bíða,“ segir Álfheiður.

Þingvallanefnd tekur á næstu dögum afstöðu til tillögu um að gjaldtökunni verði frestað til 1. september. „Mér finnst það ákveðin sanngirni, kúfurinn af þessari traffík yrði þá farinn,“ segir Álfheiður. Fyrirtækin vilja hins vegar geyma málið í eitt ár en Álfheiður telur það ekki koma til álita.

„Við horfðum fyrst og fremst til þeirrar skyldu sem við höfum til að tryggja öryggi við Silfru og umhverfið sjálft. Það fer algerlega saman að stýra umferðinni við gjána og bæta aðstöðuna og það er það sem við munum gera,“ segir formaður Þingvallanefndar og bendir á að Silfra sé takmörkuð náttúrauðlind eins og margir fleiri staðir á Íslandi. Hún horfir út fyrir Þingvelli.

„Við þurfum að koma okkur upp aðgangsstýringu að þessari takmörkuðu auðlind sem íslensk náttúra er. Ég geri mér vonir um að næsta vetur verði hægt að vinna að gerð slíkra reglna, eins og á Nýja-Sjálandi og víðar.“

gar@frettabladid.is

> Ástæðan er öllum kunn: Þarna hafa á síðustu árum orðið mjög alvarleg slys, þar á meðal banaslys árið 2010.
>
> **ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**
> FORMAÐUR ÞINGVALLANEFNDAR.



## Gagnrýna nýtt gjald fyrir kafanir í Silfru

**Eigandi Arctic Adventures segir nýtilkomið gjald Þingvallanefndar á kafara og snorklara í gjánni Silfru mismuna gestum þjóðgarðsins og koma á óvart. Helmingur gjaldsins fari væntanlega í laun starfsmanns sem eigi að rukka það.**

**FERÐAMÁL** „Þetta er ævintýralega skrýtið,“ segir Torfi Yngvason, eigandi Arctic Adventures, um nýtt 750 króna þjónustugjald sem Þingvallanefnd leggur á þá sem kafa eða snorkla í gjánni Silfru.

Torfi segir að í hálft annað ár hafi starfað nefnd með fulltrúum Sportkafarafélagsins, Þingvallanefndar og fyrirtækjanna sem nýta Silfru. Þar hafi verið málefnaleg umræða og áhersla á samstarf og almenna sátt. Runnið hafi tvær grímur á menn eftir viðtal við Ólaf Haraldsson þjóðgarðsvörð í Fréttablaðinu í vor þar sem málið virtist lengra komið en þeir töldu.

„Okkur var þá tjáð að við þyrftum engar áhyggjur að hafa því það yrði ekkert gert fyrr en í fyrsta lagi eftir sumarið og með ríkum fyrirvara,“ segir Torfi. Annað hljóð hafi verið komið í strokkinn á fundi 21. júní. Þar hafi Álfheiður Ingadóttir, formaður Þingvallanefndar, flutt þau tíðindi að þjónustugjald yrði lagt á strax frá 1. júlí.

Torfi segir hefð fyrir því í ferðaiðnaðinum að slíkar breytingar séu gerðar með eins árs fyrirvara enda séu verðskrár gefnar út og ferðir gjarnan seldar með löngum fyrirvara. Litlar skýringar hafi fengist á því í hvað þjónustugjaldið ætti að fara og hvernig og hver ætti að innheimta það. Samkvæmt lögum megi ekki innheimta þjónustugjald nema til að mæta kostnaði við veitta þjónustu.

„Það eina sem er víst er að þau ætla að ráða heilan starfsmann til að standa þarna og rukka okkur. Þetta er algjörlega fáránlegt. Væntanlega fer helmingurinn af gjaldinu í að borga honum laun,“ segir Torfi sem kveður vissulega þörf á þjónustu við Silfru og fyrir hana séu köfunarfyrirtæki reiðubúin að greiða. Fyrst og fremst vanti salerni og aðstöðu til að skipta um föt.

Viðkomandi starfsmaður mun einnig eiga að sinna öryggisgæslu. Torfi segir lítið gagn af manni uppi á bakka við köfunarslys. Auk þess fari yfir sjötíu prósent af gestum Silfru ekki í köfun heldur snorkl og séu ekki í neinni hættu því þeir fljóti á yfirborðinu.

Að sögn Torfa sinna starfsmenn þjóðgarðsins nú þegar sams konar störfum og ætluð eru hinum nýja starfsmanni. „Ég skil ekki hvers vegna við eigum að borga sérstaklega fyrir þessa þjónustu þegar allir aðrir fá hana ókeypis. Við hljótum að eiga að fá einhverja sértæka þjónustu umfram það sem allir aðrir gestir garðsins fá en það fást engin svör um það,“ segir Torfi.

Byrja átti að innheimta þjónustugjaldið við Silfru í fyrradag. Þá var áðurnefndur starfsmaður ekki mættur. Torfi segir að á fundi í síðustu viku hafi þjóðgarðsvörður sagst ætla að reyna að fá gjaldinu frestað um tvo mánuði. Fyrirtækin vilji hins vegar fresta því um eitt ár. Engar fréttir hafi borist af málinu síðan.

gar@frettabladid.is

**TORFI YNGVASON** Snorkl og köfun í Silfru nýtur vaxandi vinsælda. Hér flýtur eigandi Arctic Adventure í snorkbúningi á yfirborði gjárinnar og kannar undirdjúpin.
MYND/ARCTIC ADVENTURES

> Ég skil ekki hvers vegna við eigum að borga sérstaklega fyrir þessa þjónustu þegar allir aðrir fá hana ókeypis.
>
> **TORFI YNGVASON**
> EIGANDI ARCTIC ADVENTURES

**FRÉTTABLAÐIÐ Í GÆR** Köfunar- og snorkfyrirtæki vilja fresta gjaldtöku við Silfru fram á næsta sumar en formaður Þingvallanefndar telur nóg að gefa frest út ágúst.



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**


Frábært tilboð
# Benidorm

**Allra síðustu sætin 24. júlí**

**Frá kr. 79.900 með fullu fæði**

**7 nátta ferð – einstakt tækifæri**

Heimsferðir bjóða frábær tilboð í 7 nátta ferð til Benidorm þann 24. júlí. Í boði er m.a. Carlos I hótelið *** með fullu fæði og Hotel Melia **** með hálfu fæði eða með öllu inniföldu. Gríptu þetta frábæra tækifæri og njóttu lífsins á Benidorm á ótrúlegum kjörum.

**Hotel Carlos I ***
Kr. 79.900 - með fullu fæði.**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í herbergi með fullu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með fullu fæði kr. 99.900. Aukagjald fyrir einbýli kr. 13.300. **Sértilboð 24. júlí í í viku.**

**Hotel Melia ****
Kr. 108.500 - með hálfu fæði.**
Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 1 barn, 2-11 ára, í herbergi með hálfu fæði í viku. Verð m.v. gistingu í tvíbýli með hálfu fæði kr. 122.600. **Sértilboð 24. júlí í viku.**

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



FRÉTTIR VIÐSKIPTI SPORT UMRÆÐAN ÚTVARP LÍFIÐ SJÓNVARP
STÖÐUGT NÝJAR FRÉTTIR
vísir - oft á dag


Meindýraeyðir ætlaði ekki að trúa sínum eigin augum þegar hann sá búin tvö:

# Háttalag trjágeitungsins einsdæmi

**DÝRALÍF** „Þetta er algert einsdæmi,“ segir Konráð Magnússon meindýraeyðir hjá meindýraeftirliti Firringar. „Það er svo ólíklegt að þetta geti skeð að ég ætlaði ekki að trúa mínum eigin augum.“

Konráð fullyrðir að svona lagað hafi enginn myndað í heiminum. Holugeitungabúið, sem er í bílskúr í Fossvogi, er árs gamalt og dautt. Trjágeitungar hafa svo gert sér bú og hengt það neðan í holugeitungsbúið í vor.

„Ástæðan fyrir þessu er að þarna var holugeitungur sem bjó sér bú. Einhverra hluta vegna þá drepst það bú, það geta verið margar ástæður fyrir því. Í vor kemur trjágeitungur og hann byrjar að búa sitt heimili og einhverra hluta vegna byrjar hann neðan á holugeitungsbúinu.“

Á Vísindavefnum segir að trjágeitungar geri sér oft bú á trjágreinum eða girðingum. Þeir séu sýnilegri en holugeitungarnir sem hverfa oft ofan í holu eða undir þakskegg. Konráð segir enga sérstaka ástæðu vera fyrir því að trjágeitungur hafi gert sér bú við gamalt bú annarra geitunga. Þetta sé því alger tilviljun.

„Trjágeitungurinn hefur í búinu gert holur fyrir lirfur og búinn að verpa tveimur eggjum,“ segir Konráð. „Síðan drepst drottningin. Hefði hún haldið áfram þá hefði búið rifnað niður. Ég efast um að nokkur maður í heiminum hafi tekið svona mynd.“ - bþh



**GEITUNGABÚIN** Yfirgefna og marglitaða holugeitungabúið er árs gamalt en grátt bú trjágeitungsins er síðan í vor.
MYND/HANNA KATRÍN FRIÐRIKSSON

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is




VITA - ferðaskrifstofa á traustum grunni

## Láttu drauminn rætast

# Skemmtisiglingar með VITA

Celebrity Cruises®



## Miðjarðarhafið og Róm

### Celebrity Equinox
### 13. – 26. sept. 2012

Viðkomustaðir: Róm – Sikiley – Aþena – Efesus – Rhódos – Santorini – Mykonos og Napolí

Verð frá
**474.700 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar



Innifalið: Flug, 10 nátta sigling í í ytri klefa með svölum, 4 nætur í Róm, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta 484.700 kr.

Fararstjóri: Þóra Valsteinsdóttir



## Austur-Karíbahaf og Flórída

### Allure of the Seas
### 12. – 23. okt. 2012

Viðkomustaðir: Orlando – Fort Lauderdale – Bahamas – St. Thomas og St. Maarten

Verð frá
**334.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar



Innifalið: Flug, 7 nátta sigling í í ytri klefa með svölum, 4 nætur í Orlando, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta 344.900 kr.

Fararstjóri: Einar Sigfússon og Anna Sigþórsdóttir



## Dubai, Indland og Singapore

### Celebrity Solstice
### 10. – 25. nóv. 2012

Viðkomustaðir: Dubai – Oman – Indland Malasía og Singapore

Verð frá
**539.900 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar



Innifalið: Flug, 12 nátta sigling í ytri klefa með svölum, ein nótt í Dubai, ein nótt í Singapore, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta 549.900 kr.

Fararstjóri: Sigmundur M. Andrésson



## Karíbahaf, Mið- og Suður-Ameríka

### Celebrity Equinox
### 1. – 16. mars 2013

Viðkomustaðir: Fort Lauderdale – Cozumel – Belize – Costa Ríka – Panama – Cartagena og Cozumel

Verð frá
**368.500 kr.***
og 15.000 Vildarpunktar



Innifalið: Flug, 11 nátta sigling í ytri klefa með svölum, gisting í 4 nætur án fæðis í Orlando, akstur og skattar.

*Verð án Vildarpunkta 378.500 kr.

Fararstjóri: Lilja Jónsdóttir

Öll verð eru á mann í tvíbýli. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald. Nánari upplýsingar um hvað er innifalið í hverri ferð er á VITA.is

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR GROUP

Ferðaskrifstofa

VITA | Suðurlandsbraut 2 | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

VITA er lífið

ÍSLENSKA SIA.IS VIT 60350 06/12





NATIONAL GEOGRAPHIC CHANNEL ER Á STÖÐ 2 FJÖLVARP | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á STOD2.IS



Pyntingar sagðar stundaðar í nærri 30 fangelsum í Sýrlandi:

# Börn og konur meðal pyntaðra

**SÝRLAND, AP** Mannréttindasamtökin Human Rights Watch hafa birt ítarlega skýrslu um pyntingar í sýrlenskum fangelsum. Samtökin segja pyntingarnar það algengar að það hljóti að teljast til glæpa gegn mannkyni. Þau krefjast aðgerða af hálfu alþjóðasamfélagsins.

Börn, konur og aldrað fólk er sagt vera meðal þeirra sem sætt hafa pyntingum, þótt flest fórnarlömbin séu karlar á aldrinum 18 til 35 ára.

Í skýrslunni eru birtar nákvæmar staðsetningar 27 fangelsa, þar sem pyntingar hafa verið stundaðar í stórum stíl. Einnig eru birt nöfn yfirmanna í sumum fangelsanna.



**SÝRLENSKIR FANGAR** Myndin er tekin í nóvember síðastliðnum þegar hópur fanga var látinn laus úr fangelsi í Damaskus. NORDICPHOTOS/AFP

Skýrslan er byggð á viðtölum við meira en 200 liðhlaupa úr sýrlenska hernum og fyrrverandi fanga, sem hafa orðið fyrir pyntingum síðan uppreisnin gegn Basher al-Assad forseta hófst snemma á síðasta ári.

Viðmælendurnir skýrðu frá meira en 20 pyntingaraðferðum, þar á meðal barsmíðum, raflosti, sýruárásum, kynferðisbrotum og niðurlægingu.

Sýrlensk stjórnvöld segja ekkert hæft í því að uppreisnarmennirnir vilji pólitískar umbætur í Sýrlandi, heldur standi hryðjuverkamenn að baki ólgunni. - gb

# Krefst greiningar á orðum um aflimun

**Landlæknir skoðar, að ósk velferðarráðherra, fullyrðingar formanns Læknafélags Íslands um að fjárskortur hafi verið orsök þess að taka þurfti fót af manni. Velferðarráðherra segir ekkert hafa komið á sitt borð um málið.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur ritað Landlækni erindi og óskað eftir greiningu á ummælum Þorbjörns Jónssonar, formanns Læknafélagsins, í síðustu viku. Þorbjörn sagði í samtali við fréttastofu Ríkisútvarpsins að svo langt hefði verið gengið í sparnaði að ekki kæmi á óvart að eitthvað færi úrskeiðis í þjónustu við sjúklinga.

Ríkisútvarpið greindi frá því að maður hefði gengið á milli lækna í tvö ár áður en æxli í ökkla uppgötvaðist og skera þurfti fótinn af við hné. Það kom formanni Læknafélagsins ekki á óvart að svona gæti gerst.

„Nei, það liggur í augum uppi að þegar svona mikið fjármagn fer í burtu og vinnuálagið eykst svona mikið, þá er almennt hættan á að eitthvað fari úrskeiðis óhjákvæmilega meiri," sagði Þorbjörn í samtali við Ríkisútvarpið.

Guðbjartur segir málið ekki hafa komið á sitt borð og hefur óskað úttektar Landlæknis. Á formanninum hafi mátt skilja að niðurskurður hafi verið orsökin. „Ég óskaði eftir því að það yrði gerð athugun á því og hvort það hefði verið vegna fjárskorts að einhver óhöpp hefðu gerst, því það hafði ekki komið til mín."

Guðbjartur segir eftirlitskerfið eiga að standa vaktina hvað varðar svona mál. Mjög komi á óvart ef læknar vinni öðru vísi nú en fyrir hrun og engin teikn séu á lofti um að niðurskurðurinn hafi leitt til slíkra hluta eins og þarna sé látið í skína.

„Þegar svona fullyrðing kemur frá formanni læknafélagsins finnst mér ástæða til þess að kanna hvort þetta hefur verið athugað eða ekki og hvað býr að baki svona fullyrðingu."

kolbeinn@frettabladid.is



**LANDSPÍTALINN** Formaður Læknafélags Íslands sagði við Ríkisútvarpið að ekki kæmi á óvart að eitthvað færi úrskeiðis í þjónustu við sjúklinga. Á Landspítalanum hefðu fjárveitingar verið skornar niður um meira en 20%. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## Niðurskurður árið 2013 undir 1%

Velferðarráðherra segir að eins og undanfarin ár verði minna skorið niður í velferðarkerfinu en annars staðar. Oddný G. Harðardóttir fjármálaráðherra sagði í samtali við Fréttablaðið á dögunum að gerð yrði krafa um 1% aðhald í fjárlagafrumvarpinu 2013. Guðbjartur segir það ekki eiga við heilt yfir, staðinn verði vörður um velferðarkerfið.

„Við höfum varið velferðarkerfið meira en aðra þætti í gegnum þessi átök. Sumt hefur aukist verulega. Við munum halda þeirri línu áfram." Hann segir að heildarútgjöld til heilbrigðisþjónustu hafi aukist á undanförnum árum.

„Heilbrigðisþjónustan er nú bara lítill hluti af velferðarkerfinu, þó að hún kosti gríðarlega mikið. Staðreyndin er sú að útgjöld til heilbrigðismála hafa aukist á síðustu árum, þá á ég við í krónutölum. Þó mikið hafi verið skorið niður á heilbrigðisstofnunum þá hafa lyf og aðrir þættir aukist umtalsvert í kostnaði. Heildarútgjöldin hafa því aukist."



# SUMARDAGAR RÚMGOTT

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG
## FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

*Vertu örugg/ur*
*Komdu í greiningu*



### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?

- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**

30-50% AFSLÁTTUR AF HEILSURÚMUM

Heilsurúm á tilboði

VERÐDÆMI:
Svæðaskipt heilsurúm
Einbreitt: 70.224
Tvíbreitt: 129.336

## FRÍ HEIMSENDING EÐA GAMLA RÚMIÐ UPP Í!*

*Tilboðið gildir eingöngu um hjónarúm

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á Frábæru verði**



30-40% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM RAFMAGNS-RÚMUM

Einbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 190.049.-**

Tvíbreið rafmagnsrúm:
**Verð frá 346.995.-**

**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifing**
– Eingungis greiðist lántökugjald

**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM

**Fréttaskýring:** Virkjanaáform Landsvirkjunar

# Rannsaka virkjun í Stóru-Laxá í sumar

**Orkustofnun hefur umsókn Landsvirkjunar um rannsóknarleyfi í Stóru-Laxá til umfjöllunar. Fyrirtækið hyggst rannsaka svæðið í sumar. Verði niðurstöður jákvæðar gæti risið þar 20 til 30 MW virkjun.**

Landsvirkjun hefur sótt um rannsóknarleyfi vegna virkjunar á vatnasviði Stóru-Laxár í Hreppum. Orkustofnun hefur leyfið til umsagnar, en Landsvirkjun hyggur á rannsóknir í sumar.

Þegar sótt er um rannsóknarleyfi leitar Orkustofnun umsagnar lögbundinna aðila; umhverfisráðuneytis og landeiganda. Eins og Fréttablaðið hefur greint frá hefur hreppsnefnd Hrunamannahrepps heimilað að Landsvirkjun verði veitt leyfið.

Samkvæmt upplýsingum frá Orkustofnun veitir rannsóknarleyfi engan ádrátt um hvort af virkjanaframkvæmdum verður. Ef vilji er til þess þarf að sækja sérstaklega um það, eins og allar aðgerðir, svo sem borun. Í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu segir: „Rannsóknarleyfi samkvæmt lögum þessum felur í sér heimild til þess að leita að viðkomandi auðlind á tilteknu svæði á leyfistímanum, rannsaka umfang, magn og afkastagetu hennar og fylgja að öðru leyti þeim skilmálum sem tilgreindir eru í lögum þessum og [Orkustofnun] telur nauðsynlega.“

Svæðið sem Landsvirkjun hyggst rannsaka er vatnasvið Stóru-Laxár ofan Hrunakróks og norður að Blákolli, samtals um 250 ferkílómetra lands. Samkvæmt upplýsingum fráLaxá, sem er veiðiréttarhafi í ánni, eru nokkrir veiðistaðir ofan Hrunakróks.

„Þessar rannsóknir felast í upphafi aðallega í auknum rennslismælingum og gerð rennslislíkans, landmælingum og kortagerð af svæðinu, yfirlitsrannsóknum á jarðfræði svæðisins, lauslegum umhverfisrannsóknum og grófum orkugetu- og kostnaðarreikningum á hagkvæmni virkjunar,“ segir í svari Magnúsar Þórs Gylfasonar, yfirmanns samskiptasviðs Landsvirkjunar, við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Fyrirtækið vonast eftir því að Orkustofnun afgreiði umsóknina fljótlega, en gert er ráð fyrir að vinna hefjist í sumar og ljúki árið 2016.

### 25 til 30 megavatta virkjun

Landsvirkjun segir að ekki sé unnt að segja til um hvort um álitlegan virkjanakost sé að ræða fyrr en að rannsóknunum loknum.

„Miðað við stakar og ófullnægjandi rennslismælingar og hæðarkort er hins vegar unnt að fullyrða að möguleg virkjun gæti verið á bilinu 20-30 MW, en stærð hennar ræðst endanlega af rennslisháttum árinnar og miðlunarmöguleikum, sem geta haft mikil áhrif á afl og orkugetu,“ segir í svari fyrirtækisins.

Áður en endanlegar aðstæður eru rannsakaðar er hins vegar ekki hægt að segja frekar til um hugmyndir eða valkosti.

### Minna rennsli í hluta gljúfra

Laxárgljúfur eru mikil náttúruperla og hreppsnefnd Hrunamannahrepps bókaði sérstaklega um að þau yrðu vernduð: „Vegna þessa máls vill hreppsnefnd einnig taka fram að hagsmunum veiðiréttarhafa og náttúruperlunnar Stóru-Laxárgljúfurs mun aldrei verða fórnað í þágu orkuöflunar.“

Magnús Þór segir að miðað við fyrirliggjandi hugmyndir sé ekki gert ráð fyrir að Laxárgljúfur verði fyrir áhrifum af virkjun árinnar. Hins vegar yrði mun minna rennsli í gljúfrunum frá ármótum Leirár að Sultarranaá en er í dag.

Landsvirkjun segir að ef af virkjuninni yrði muni rennslið jafnast í ánni og skilyrði fyrir laxfiska í Stóru-Laxá geti batnað verulega yfir árið. Stórflóð muni nánast hverfa með verulegri miðlun, en miklar rennslissveiflur hafi haft mjög neikvæð áhrif á seiðabúskap í ánni í för með sér.

„Áhrifin á veiði geta orðið svipuð og í Blöndu fyrir og eftir virkjun en aðstæður þar og í Stóru-Laxá eru á margan hátt keimlíkar hvað varðar mögulega útfærslu virkjunar og áhrif á rennsli neðan virkjunarinnar,“ segir í svari Landsvirkjunar.



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
kolbeinn@frettabladid.is




**RANNSÓKNARSVÆÐIÐ** Landsvirkjun hefur sótt um leyfi til rannsókna á 250 ferkílómetra svæði í Stóru-Laxá í Hreppum. Nokkrir veiðistaðir eru innan rannsóknarsvæðisins. Landvirkjun segir mögulega virkjun, sem yrði 25 til 30 MW, ekki hafa áhrif á Laxárgljúfur.

## Orkustofnun hefur gefið út eitt leyfi

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra óskaði þess við Orkustofnun að gert yrði hlé á leyfisveitingum. Það rann út 1. febrúar. Raunar breytti fullgilding Árósasamningsins umhverfinu þannig að Orkustofnun hefur frá áramótum farið sjálf með leyfisveitingavaldið, en gerði það áður í umboði ráðherra. Stofnunin var því óbundin af ósk ráðherra um hlé í janúar, en engu að síður var farið eftir henni.

Orkustofnun hefur gefið út eitt rannsóknarleyfi á þessu ári, rannsóknarleyfi á vatnasviði við Hágöngulón á Holtamannaafrétti, en það var gefið út 12. mars. Leyfið tekur til rannsókna við að kanna hagkvæmni þess að nýta fallorku úr Hágöngulóni á Holtamannaafrétti til virkjunar. Leyfið takmarkast við rannsóknir á sviði vatnafræði og jarðfræði auk rannsókna á lífríki og annarra rannsókna í tengslum við mat á umhverfisáhrifum.





RAFVÖRU MARKAÐURINN
FLÚRLAMPAR OG KASTARAR
Við Fellsmúla - Reykjavík
FLÚRLAMPAR
10W
15W
18W
30W
36W
Verð frá 2.595
FLÚRLAMPAR
14W
21W
28W
Verð frá 2.995
IÐNAÐARLAMPAR M/ SKERM
2.995
1 x 36W
4.995
2 x 36W
SPEGLALAMPAR
Verð frá 4.995
Verð frá 5.595
Með tengli
Verð frá 4.995
Með tenglum
INNF. FLÚRLAMPAR Í LOFT
6.995
4 x 14W
5.995
4 x 18W
RAKAÞÉTTIR FLÚRLAMPAR
MEÐ ELECTRONIC BALLAST
T8
1 x 18W 3.595
2 x 18W 4.595
1 x 36W 5.995
2 x 36W 6.995
1 x 58W 6.595
2 x 58W 7.595
T5
1 x 14W 4.595
2 x 14W 4.995
1 x 28W 5.495
2 x 28W 5.995
INNRÉTTINGALAMPAR
3.995
8W
4.595
13W
FLÚRLAMPAR Á LOFT
5.995
4 x 18W
5.995
2 x 36W
ÚTIKASTARI M/ KLEMMU
150W
2.595
150W
1.990
ÚTIKASTARI
FLÚRLAMPI Á LOFT
2 x 36W
4.959
ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA
400W
150W
4.595
3.995
ÚTIKASTARAR M/ HREYFISKYNJARA
400W
150W
4.595
3.995
GÖTULJÓS MÁLMHALOGEN
70W
8.990
FLÓÐKASTARAR - MÁLMHALOGEN
250W & 400W
150W
14.995
9.995
ÚTIKASTARAR Litir: svart, hvítt, grátt
150W 1.995
500W 2.495
1000W 3.729
ÚTIKASTARAR M/ SPARPERU
9W
3.995
24W
4.595
ÚTIKASTARAR Á STANDI
150W
500W
3.495
3.995
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Konum fjölgar í stjórnum fyrirtækja:

# Hugarfarsbreyting í kappi við tímann

Við skráningu fasteignafélagsins Regins í Kauphöll Íslands hækkar hlutfall kvenna í stjórnum skráðra félaga í 35 prósent. Af fimm stjórnarmönnum í Regin eru fjórar konur.

Þetta er mikil breyting frá því sem var fyrir nokkrum árum. Rétt fyrir hrun, árið 2006, voru konur fimm prósent stjórnarmanna í hlutafélögum sem skráð voru í Kauphöllina. Eftir hrun gekk raunar furðuhægt að jafna hlutföll kynjanna í stjórnum fyrirtækja, þrátt fyrir að ágæt rök hafi verið færð fyrir því að meðal annars mætti skýra hrunið með áhættusækni sem ætti rætur sínar í alltof miklu testósteróni í stjórnarherbergjum útrásarfyrirtækjanna.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Konum í stjórnum fyrirtækja fækkaði þannig beinlínis þegar litið var á atvinnulífið í heild á milli áranna 2009 og 2010, en stærstu fyrirtækin stóðu sig hins vegar betur í að jafna kynjahlutföllin. Ein ástæða þess að Reginn kemur svona sterkur inn á markaðinn að þessu leyti er að Landsbankinn, sem átti fyrirtækið að stærstum hluta, markaði þá stefnu að í bankanum og dótturfélögum hans skyldi vera sem jafnast hlutfall kynjanna í stjórn.

Páll Harðarson, forstjóri Kauphallarinnar, hefur fagnað þessari breytingu. Í samtali við Ríkisútvarpið í fyrradag benti hann á að hlutfall kvenna í stjórnum skráðra fyrirtækja væri orðið mun hærra en á alþjóðavísu; í Evrópu væri það innan við 15 prósent. „Þetta er geysilega ánægjulegt og ég tel að það sé vísbending um hugarfarsbreytingu og bætt vinnubrögð," sagði Páll.

Það er áreiðanlega rétt hjá forstjóra Kauphallarinnar að hugarfarsbreyting hefur að einhverju leyti orðið í íslenzkum fyrirtækjum og eigendur þeirra og æðstu stjórnendur sækjast í auknum mæli eftir starfskröftum beggja kynja í stjórnunarstöðum. En við skulum ekki gleyma alveg áhrifum nýrrar löggjafar, sem kveður á um að í hlutafélögum yfir ákveðinni stærð skuli hvort kyn að lágmarki skipa 40 prósent stjórnarsæta.

Löggjöfin á að taka gildi gagnvart einkafyrirtækjum haustið 2013. Hún hafði lengi hangið yfir hausamótum stjórnenda í atvinnulífinu, en af því að hugarfarsbreytingin var jafnlengi að sýna sig í raunverulegum aðgerðum og raun bar vitni, voru lögin sett. Það er svolítið dapurlegt, en auðvitað ánægjulegt, að lagasetningin skuli nú þegar hafa skilað þessum árangri. Kannski ýtti hún við hugarfari margra eigenda og stjórnenda í fyrirtækjum.

Ennþá er hins vegar eftir að fylla mörg stjórnarsæti til uppfylla skilyrði laganna og í flestum fyrirtækjum er aðeins einn aðalfundur til stefnu. Nú verðum við bara að vona að hugarfarsbreytingin verði að minnsta kosti svo hröð að atvinnulífið verði ekki gripið með allt niður um sig þegar lögin taka gildi.

Svo verður auðvitað æsispennandi að sjá hvort allt fer í kalda kol í rekstri fyrirtækjanna þegar kvenfólkinu hefur verið hleypt að stjórnvelinum eða hvort þau verða jafnvel bara heldur betur rekin og skemmtilegra að vinna í þeim.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

ÚTSALA
38
ÞREP
Laugavegi 49 / sími 561 5813

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ósátt við hægaganginn

Rétt er að rifja það upp að Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra sagðist á Alþingi 4. júní vera ósátt við hægagang hjá Umboðsmanni skuldara. Það hefði valdið henni vonbrigðum hve hægt og illa gengi að klára mál á þeim vettvangi og ekki síst að úrræði skiluðu sér ekki hraðar. „Varðandi umboðsmann skuldara hefur verið sett mikið fjármagn og mikill mannskapur í að fara yfir þau mál sem við töldum vera mjög mikilvæg," sagði forsætisráðherra þá.



### Seglin dregin saman

Það skýtur því skökku við að Umboðsmaður skuldara ætli að fækka í starfsliði sínu frá og með 1. september. Varla bætir það úr þeim seinagangi sem forsætisráðherra þjóðarinnar var svo óánægður með fyrir mánuði síðan. Eða er búið að leysa úr öllum þeim vanda í einu vetfangi?

### Opinber stjórnsýsla

Aðstoðarmaður Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra, Anna Sigrún Baldursdóttir, gumaði af því á Facebook-síðu sinni að ráðherrann væri skjótur til svars. „Það þýðir ekkert að senda honum póst. Hann svarar alltaf strax," hafði einhver sagt um Guðbjart. Fyrstu viðbrögðin, sem komu frá Kristrúnu Heimisdóttur, fyrrum aðstoðarmanni efnahags- og viðskiptaráðherra, bentu þó ekki til þess að þetta væri rétt. „Ég er að bíða eftir pósti frá honum – skilaðu góðri kveðju." Anna Sigrún tók þá töf sem á svarinu hefur orðið þó algjörlega á sig, enda hefði hún átt að heyra í Kristrúnu um málið, hvert sem það nú er. Þetta kallar maður opna stjórnsýslu.



kolbeinn@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Þjóðarvilji ráði för

Lýðræði



Eygló Harðardóttir
alþingismaður

Þjóðin hefur kosið sér forseta. Ein sterkustu skilaboð kosninganna að mati Ólafs Ragnars Grímssonar var sú lýðræðislega krafa fólksins í landinu að vilji þess ráði för. Ekki vilji ákveðinna stjórnmálaafla eða einstakra stjórnmálaleiðtoga, heldur vilji meirihluta þjóðarinnar þegar kemur að töku ákvarðana í mikilvægum málum.

Í haust mun þjóðin geta sent stjórnmálamönnum skýr skilaboð um breytingar á stjórnarskrá landsins. Þar verður spurt um hvort rétt sé að auka vægi beins lýðræðis, auka persónukjör, jafna vægi atkvæða, setja ákvæði um þjóðareign á auðlindum og hvort við viljum áfram hafa þjóðkirkju.

Samvinnu- og framsóknarmenn hafa lengi talað fyrir auknu beinu lýðræði og þjóðfélagi þar sem ákvörðunarrétturinn byggir á virku lýðræði, ekki aðeins kosningum til löggjafarþings og sveitarstjórna heldur og í fyrirtækjum, hagsmunasamtökum og skólum. Þetta endurspeglast m.a. í grunnstefnuskrá og kosningastefnuskrá 2009 um að heimildir til þjóðaratkvæðagreiðslu verði auknar og oftar leitað beint til þjóðarinnar.

Við viljum ákvæði um auðlindir í þjóðareign í stjórnarskrá. Það var áherslumál í ríkisstjórnarsamstarfi Framsóknarflokksins við Sjálfstæðisflokkinn á árunum 1995-2007 og í þrígang hafa forystumenn flokksins lagt fram tillögu þess efnis á Alþingi án þess að hún hafi hlotið afgreiðslu.

Í forsetakosningunum kom forsetinn ítrekað inn á hversu lítið traust Alþingi hefur og nauðsyn þess að endurreisa trú fólks á stofnuninni sem hornsteini lýðræðis. Stór hluti af því er að auka áhrif kjósenda á val á kjörnum fulltrúm. Því ályktaði flokksþing Framsóknarmanna árið 2011 að flokkurinn væri hlynntur persónukjöri og teldi rétt að vægi atkvæða yrði jafnað eins og kostur er. Jafnframt höfnuðum við alfarið að landið yrði gert að einu kjördæmi. Samhliða þyrfti að tryggja valddreifingu og jafnræði til búsetu með ákvæði í stjórnarskrá sbr. grunnstefnu Framsóknarmanna.

Framsóknarmenn vilja áfram að ákvæði verði um þjóðkirkju á Íslandi og að stutt verði við öflugt starf þjóðkirkjunnar sem og annarra trúfélaga.

Eflaust mun þjóðin vera okkur ósammála í einhverjum þessara efna. En líkt og niðurstöður forsetakosninganna minna okkur á, þá á þjóðin að hafa æðsta ákvörðunarvaldið og við sem kjörnir fulltrúar að vinna í umboði hennar.

Því megum við aldrei gleyma.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Atli Fannar Bjarkason (dægurmál) *atlifannar@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að rækta reiðina

Efnahagsmál



Sighvatur Björgvinsson
fyrrverandi ráðherra og þingmaður

Þá er bölvuð lygaþvælan farin að hljóma aftur. Einhverjir besservisserar í útlöndum, sem ekkert skynbragð bera á málefni og sérstöðu íslensku þjóðarinnar, ryðjast nú fram á vígvöllinn til þess að reyna að ljúga því að fólki, að við Íslendingar séum að rétta úr kútnum. Að stjórnvöld séu að ná árangri. Að hagvöxtur sé kominn vel af stað. Að hratt dragi úr atvinnuleysi. Að kreppunni sé að létta.

Þetta eru sömu útlendu lygararnir og lugu því upp á þjóðina að allt væri hér að hrynja þegar okkur gekk allt í haginn. Þegar Ísland var á góðri leið með að verða fjármálamiðstöð heimsins. Þegar íslenskir bankamenn söfnuðu stuðningsframlögum við íslensku útrásina meðal framandi þjóða og höfðu vart undan við að taka því slík var tiltrú þeirra. Þegar sókndjarfir Íslendingar átu gull í kvöldverð og höfðu eignast Hotel Angleterre, Magasin du Nord, Hamleys, Fraser, Karin Miller, Iceland verslunarkeðjuna og fleira og fleira í tilbót við einkaþotur, lúxusvillur í London og New York, Hummera, Bentleya – og íslenska þjóðin átti fleiri nýja Range Rovera en Danir og Svíar samanlagt. Þá lugu þessir útlendingar því upp að hér væri allt á hverfanda hveli. Svo sórust þessir lygarar í fóstbræðralag um að koma þjóðinni á kné. Útlendu lygararnir gerðu þá samsæri gegn íslensku þjóðinni eins og lesa má um í bók og brutu okkur niður. Nú eru þessir lygarar og níðingar aftur komnir á kreik og halda því fram að við séum að rétta úr kútnum. Við – þegar þúsundir Íslendinga eru að flýja land. Þegar heimilin geta ekki borgað skuldir sínar og enginn vill borga fyrir þau. Þegar þjóðin er við hungurmörk. Þegar stjórnmálastéttin er gerspillt, embættismannastéttin fordjörfuð, fjölmiðlastéttin mýld og allur almenningur svo mikið óskaplega reiður í eymd sinni.

Lygi – lygi – lygi

Verst er þó af öllu þegar landráðamenn bætast í hóp þessara útlensku lygara. Menn eins og Stefán Ólafsson og Gylfi Zoega, sem stæra sig af einhverri háskólamenntun og taka undir með útlendu lygurunum um að hér sé allt á réttri leið og kreppan sé að baki. Voru það ekki þessir sömu menn sem tónuðu undir með útlendu lygurunum þegar íslenskir þjóðinni gekk sem best og reynt var að ljúga af okkur æruna? Svo koma einhverjar kerfisstofnanir eins og Hagstofan með tilbúnar tölur um hagvöxt, um fjölgun utanlandsferða, fækkun atvinnulausra, um stóraukin kaup á dýrum hjólhýsum og bifreiðum. Lygi – lygi – lygi!!!

> Reiðin sýður og kraumar í þjóðarsálinni eins og sóðalegt orðbragðið í netheimum ber vitni um. Þjóðin hefur fyllsta rétt á að vera reið...

Reiðin sýður og kraumar í þjóðarsálinni eins og sóðalegt orðbragðið í netheimum ber vitni um. Þjóðin hefur fyllsta rétt á að vera reið og hlúa að reiði sinni. Rækta hana, leyfa henni að vaxa og dafna, festa djúpar rætur og bera allan þann ávöxt sem reiðin ein getur borið. Lygaþvæla eins og sú, sem nú er reynt að halda að þjóðinni, getur einungis orðið til þess að ala heiftræknina – og það er gott. Gott vegna þess, að reiðin ein, orðbragðið og athafnirnar, sem af henni leiða, er það einasta eina sem bjargað getur íslensku þjóðinni frá þeim örlögum sem öfundarmenn hennar í útlöndum og landráða- og lygamerðirnir hér heima vilja búa henni – ekki satt? Íslenska reiðin er þjóðleg reiði. Hún bognar hvorki né brotnar undan erlendu valdi.

Evrópumál

# Möguleikar á að yfirgefa evrusamstarfið

AF EVRÓPUVEFNUM
Getur evruríki yfirgefið evrusamstarfið?



Þórhildur Hagalín
Evrópufræðingur og ritstjóri Evrópuvefsins

Ekkert evruríki getur ákveðið upp á eigin spýtur að yfirgefa evrusamstarfið nema ganga jafnframt úr Evrópusambandinu. Ástæðan fyrir því er sú að í sáttmálunum um Evrópusambandið er ekkert ákvæði sem gerir ráð fyrir því sem möguleika að evruríki hætti að nota evruna. Þvert á móti var það yfirlýstur vilji aðildarríkja ESB að innleiðing sameiginlegs gjaldmiðils væri óafturkallanleg og segir í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins að gengi evrunnar sé fest með óafturkræfum hætti gagnvart gengi gjaldmiðils viðkomandi aðildarríkis. Að sama skapi er hvergi gert ráð fyrir því í sáttmálum Evrópusambandsins að hægt sé að vísa tilteknu evruríki úr myntbandalaginu, né Evrópusambandinu ef út í það er farið, án samþykkis þess.

Fyrir aðildarríki sem vill yfirgefa evruhópinn og taka upp sjálfstæða peningamálastefnu eru strangt til tekið tveir möguleikar í stöðunni. Annar er sá að viðkomandi ríki gangi úr Evrópusambandinu, en með Lissabon-breytingunum á sáttmálum ESB gekk í fyrsta sinn í gildi ákvæði sem heimilar aðildarríkjum að segja sig úr sambandinu. Eftir að aðildarríki hefur tilkynnt leiðtogum aðildarríkjanna í leiðtogaráðinu að það vilji segja sig úr Evrópusambandinu ber ráðherraráðinu, fyrir hönd sambandsins, að gera samning við viðkomandi ríki um hvernig staðið skuli að úrsögn þess og framtíðartengslum við sambandið. Sáttmálar ESB hætta að taka til viðkomandi ríkis á gildistökudegi samnings um úrsögn eða, ef enginn slíkur samningur liggur fyrir, þegar tvö ár eru liðin frá tilkynningu um úrsögn. Ákvæðið kveður þannig bæði á um möguleikann til að semja um úrsögn við ESB og um rétt aðildarríkja til einhliða úrsagnar.

Á það hefur verið bent að einhliða úrsögn evruríkis úr Evrópusambandinu, án samkomulags við hin evruríkin og Seðlabanka Evrópu, sé þó óhugsandi í raun og veru. Aðild að myntbandalaginu hafi svo víðtæk áhrif og flókin að ekkert evruríki geti hlaupið frá skuldbindingum sínum öðruvísi en að ganga frá lausum endum í samvinnu við ráðherraráðið og Seðlabanka Evrópu.

Hinn möguleikinn er að aðildarríkið semji sérstaklega um úrsögn sína úr myntbandalaginu við hin aðildarríkin í samræmi við svonefnda hefðbundna endurskoðunarmeðferð sem heimilar breytingar á sáttmálum sambandsins. Fyrir evruríki sem vill gefa evruna upp á bátinn en ekki yfirgefa Evrópusambandið er þetta eina leiðin. Hún krefst þess þó að öll aðildarríkin 27 komist að samkomulagi um hvernig staðið skuli að því að umrætt ríki gangi úr myntbandalaginu því aðeins er hægt að semja um breytingar á sáttmálum sambandsins með einróma samþykki aðildarríkjanna.

Láttu hjartað ráða




„Himneskir lífrænir gosdrykkir úr fyrsta flokks hráefni og allir í fjölskyldunni finna eitthvað við sitt hæfi.“
Solla

BÓNUS HAGKAUP

Fæst í verslunum Hagkaups og Bónus · www.lifrænt.is

HIMNESKT




# Harpa, tónlistar- og ráðstefnuhús Íslands?

Menning

Ármann Örn Ármannsson
viðskiptafræðingur



Það er ánægjulegt að Ísland er aðeins að jafna sig eftir hrun og ríkisfjármál eru kannski eitthvað gagnsærri en áður. Frú Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra harmar það mjög að stjórnmálamönnum hafi ekki tekist að vinna sér traust með þjóðinni. Harpa er kannski hluti þess dæmis.

### Forsagan

Fyrir nær þrjátíu árum skrifaði ég blaðagrein sem olli því að mér var ýtt út í að veita forystu Samtökum um byggingu Tónlistarhúss (SBTH). Ég varði stórum hluta frítíma míns næstu tíu ár í þetta verkefni. Við hlutum mikinn stuðning og samtökin höfðu yfir 2.000 borgandi stuðningsaðila. Við höfðum 12 manna stjórn skipaða tónlistaráhugamönnum og tónlistarmönnum og 30 manna fulltrúaráð sem skipað var fulltrúum allra helstu samtaka tónlistar í landinu. Eftir norræna hönnunarsamkeppni fengum við samþykktar byggingarnefndarteikningar fyrir glæsilegt tónlistarhús í Laugardal, sem allir voru sáttir við. Þetta hús hefði kostað um 6 milljarða króna á núvirði. Það hafði fullnægjandi aðstöðu til að hýsa óperu.

Þessum áformum var öllum kastað á haug og nýtt tónlistarhús hannað í lok aldarinnar. Ísland var ríkt og aðeins það besta skyldi verða að raunveruleika. Ýmsar tölur hafa verið nefndar um heildarkostnað Hörpu, á bilinu 30-50 milljarðar. Byggingarkostnaður hefur hvergi verið birtur en á fjárlögum getum við séð að almenningur þessa lands og komandi kynslóðir þurfa að greiða 534 milljónir á ári næstu 35 ár til að greiða niður hluta af herkostnaði við þetta mannvirki. Barnabörnin mín, sem nú eru við 5 ára aldurinn, verða komin yfir fertugt þegar þau hafa greitt þennan herkostnað eða meira en 15 þúsund krónur á ári, alls um hálfa milljón króna, á hvern einstakling. Ekkert af þessu verður tekið til baka en ég tel það nauðsynlegt að upplýsa okkur sem er gert að borga hvernig þetta varð svona og hvort þar sé allt heiðarlegt og hreint. Hver ber ábyrgð á þessu?

### Kostnaður við byggingu Hörpu?

Hver var heildarbyggingarkostnaður og hvernig sundurliðast hann í stjórnunarkostnað þeirra stjórna sem voru myndaðar til að byggja Hörpu? Á endanum leggst vitaskuld allur kostnaður á almenning. Þar á ég við félög eins og Austurbakka, Portus, Totus, Ago o.s.frv. Það er ekki auðvelt að botna í þessum félagafjölda kringum eina byggingu og hygg ég að það sé einsdæmi. Öll hafa þessi félög stjórnir, sem vísast sitja ekki þar fyrir velvild eina, og a.m.k. flest eru enn við lýði. Einnig væri áhugavert að vita hver hönnunarkostnaður var en sjálfur byggingarkostnaðurinn er eitthvað sem rætt er af hönnun.

### Örlæti í starfsmannafjölda?

Starfsmannafjöldi Hörpu er skv. upptalningu á heimasíðu 33 manns og eru þá ekki taldir lausráðnir ráðgjafar sem ég hef fregnir af að séu nokkrir. Sambærileg hús eins og t.d. í Ósló hafa 15 manns. Rétt er að það komi fram að Harpa heldur sjálf enga tónleika og skrifstofufólk Íslensku óperunnar er um 8 og sinfóníunnar um 10 en hvorug talan varðar starfsmannafjölda Hörpu. Ég spyr því í einlægni: Hvað réttlætir þetta örlæti í starfsmönnum? Það væri einnig áhugavert að fá skýringar á hvers vegna Halldór Guðmundsson bókmenntafræðingur, Þórunn Sigurðardóttir og Pétur Eiríksson sem mér vitanlega hafa hvorki sérstaka menntun í tónlist né stjórnun tónlistarhúsa eru í forsvari fyrir þessu fyrirtæki. Halldór hefur sér til aðstoðar í fullu starfi lögfræðing hvernig sem því nú stendur. Væri ekki eðlilegt að fólk sem hefur sérmenntað sig á þessu sviði eða er a.m.k. menntað á sviði tónlistar, hefði þarna eitthvað með mál að gera? Það fólk er til á Íslandi. Auðvitað eru einnig haldnar ráðstefnur í Hörpu eins og í flestum sambærilegum húsum.

### Hver er stefna Hörpu í tónleikahaldi?

Ætlar bókmenntafræðingurinn Halldór Guðmundsson aðalforstjóri kannski að gera þetta að húsi orðsins? Ég vil benda honum á að lesa formála Kiljans fyrir svítum Bachs þar sem Laxness segir að tónlistin sé æðri en hið ritaða orð og þar er ég Kiljani hjartanlega sammála. Ég held að við almenningur eigum rétt á að vita stefnu ykkar. Á heimasíðu Hörpu er tíundaður fjöldi stjórna sem tengjast Hörpu og eitt 7 manna listráð. Verksvið listráðs er hvergi tilgreint. Mér er spurn hver er stefna Hörpu? Eiga gróðasjónarmið þar ein að ráða? Eiga þeir sem borga brúsann ekki rétt á neinum tónleikum án þess að greiða sérstaklega fyrir þá? Vissulega er þetta einnig ráðstefnuhús og ráðstefnur hafa þar verið haldnar en ekki verður séð að mikið af bitastæðum tónleikum sé þar fyrirhugað.

### Framtíðarsýn

Ég hef þá sýn að Harpa geti verið flaggskip okkar í tónlistarmenningu Íslands. Ég er ævinlega þakklátur fyrir að hafa alist upp í Laugarnesskóla við morgunsöng á svölum á hverjum morgni og prófun í þekkingu tónverka mánaðarlega. Það var það sem kveikti mína ástríðu fyrir tónlist. Ég vona að Harpa nái að vaxa og dafna með hverju ári og að upphafið sé aðeins vaxtarverkir.

**Lengri útgáfu greinarinnar má lesa á Vísi.**

# Snjallsíma- og spjaldtölvubyltingin

Fjarskipti

Birna Ósk Einarsdóttir
framkvæmdastjóri einstaklingssviðs



Sumarið er komið á Íslandi með tilheyrandi gáska og ferðalögum. Hjá Símanum finnum við fyrir breyttum lífsháttum og þörfum hjá fólki yfir sumarmánuðina. Sumarbústaðir, tjöld og tjaldhýsi verða um tíma annað heimili fólks og þar má jafnvel framlengja dvölina með því að tengjast netinu í gegnum 3G-kerfið og sinna þannig vinnunni um leið og notið er samvista með fjölskyldunni, fjarri skarkalanum. Ferðalögin kalla á það að fólk geti tengst netinu nánast hvar og hvenær sem er, enda hefur Síminn lagt áherslu á það síðustu ár að stækka og þétta 3G-kerfið sitt til þess að mæta þessum þörfum og gera fólki lífið léttara við að afla sér upplýsinga, sinna vinnunni og eiga samskipti.

Með tilkomu snjallsíma og spjaldtölva hafa möguleikar almennings til að nýta fjarskiptatæknina gjörbreyst. Þessi tæki, sem eru allt í senn sími, tölva, myndavél, tónlistarspilari, staðsetningartæki og öflugt félagslegt verkfæri, gera fólki kleift að fást við nánast hvað sem er, óháð staðsetningu. Fjölmargir möguleikar, sem áður voru eingöngu bundnir við tölvur eða GPS-staðsetningartæki, eru nú aðgengilegir í gegnum snjallsímann.

Þetta kallar á ný viðhorf á fjarskiptamarkaði og mikla framsýni því nú er gagnaflutningurinn ekki síður mikilvægur í símanum en talbundin tækni. Tölulegar upplýsingar sýna einmitt þetta í nýjustu skýrslu Póst- og fjarskiptastofnunar. Fjöldi talmínútna í farsíma eykst lítið síðustu ár en um leið hefur gagnaflutningur í farsímum u.þ.b. sexfaldast á síðustu þremur árum.

### Fjárfestingarklemma

Ísland er meðal fremstu þjóða í heiminum í fjarskiptaþjónustu og áætlanir eru um enn frekari uppbyggingu fjarskiptakerfa svo þetta forskot haldist. Íslensk fjarskiptafyrirtæki miða starfsemi sína alfarið við innanlandsmarkað en um leið eykst samkeppni erlendis frá því alþjóðafyrirtæki eins og Facebook, Google, Skype, Netflix, Apple og Microsoft nýta fjarskiptakerfi til að áframselja og dreifa þjónustu sinni, sem felst m.a. í síma- og sjónvarpsþjónustu. Fjölbreytileiki er vissulega fagnaðarefni og neytendur njóta góðs af, en fjarskiptafyrirtækin fá sem stendur ekki eðlilegt endurgjald af þessari þjónustu til þess að viðhalda nauðsynlegri fjárfestingu. Um þessi vandamál er nú mikið rætt á alþjóðavettvangi og full ástæða til þess að fylgjast vel með þeirri umræðu á Íslandi. Hvernig sem leyst verður úr þessari klemmu er mikilvægt að það sé gert í sátt við notendur fjarskiptaþjónustu.

Lífstílsbreyting hefur orðið hjá stórum hópum fólks og þá einkum yngri kynslóðinni sem hefur verið fljótari að tileinka sér þessa nýju tækni en þeir sem eldri eru. Farsímafyrirtækin hafa þurft að bregðast skjótt við þróuninni og tryggja með greiðum gagnaflutningum að viðskiptavinir þeirra geti nýtt sér kosti þessarar nýju tækni.

Til að mæta aukinni þörf fyrir gagnaflutninga verður haldið áfram að auka afköst 3G-dreifikerfisins og verður fjöldi senda endurnýjaður til að mæta þörfum viðskiptavina. Nú þegar styður 3G-kerfi Símans 21Mb/s gagnahraða, en nýr búnaður mun gera Símanum kleift að bjóða aukinn gagnahraða, allt að 42Mb/s í 3G. Þá munu nýir sendar einnig styðja 4G-tæknina sem eykur gagnahraða í allt að 100 Mb/s.

### Það veitir öryggi

Síminn hefur lagt áherslu á að bjóða sérsniðnar leiðir fyrir netnotkun í síma sem gera fólki nú kleift að nýta vel kosti snjallsímans án þess að þurfa að óttast kostnaðinn. Viðskiptavinum Símans býðst að skilgreina ákveðið þak á netnotkun úr farsímanum sem eykur verulega öryggi og tryggir notandann gegn óvæntum kostnaði, sérstaklega þegar ferðast er erlendis. Þessi þjónusta nær til allra landa og er auðvelt að breyta skilgreindu þaki eftir því sem þurfa þykir.

Sífellt fleiri átta sig á kostum þess að nota farsímann einnig sem litla tölvu. Íslendingar eru afar móttækilegir fyrir nýjungum. Mest seldu símarnir hér á landi eru snjallsímar en þeir lúta enn í lægra haldi fyrir „venjulegum" símum í Evrópu og Bandaríkjunum. Þeim er þó spáð örum vexti á næstu tveimur árum á þessum mörkuðum og verða 52% allra seldra síma í heiminum árið 2014 samkvæmt Business Insights. Handtækin verða öruggari með frekari þróun auk þess sem möguleikar þeirra aukast enn frekar. Síminn hefur þann metnað að halda áfram forystu í tækniþróun og spennandi verður að fylgjast með og taka þátt í því sem framtíðin ber í skauti sér.

# Europris

TILBOÐIN GILDA 4.7.–10.7. 2012
EÐA MEÐAN BIRGÐIR ENDAST.

**ÓDÝRT FYRIR ALLA!**




**79**
**COCA COLA**
33 cl



**Borð + 2 stólar**
Sparaðu kr 3280

**6990**

**GARÐSETT**
Tveir stólar og borð
Stakur stóll, kr 3290
Stakt borð, kr 3690
Ath! Sessur fylgja ekki

**Pakkatilboð!**
Sparaðu kr 8990
**Trampólín + öryggisnet**




**45.990**

**TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET**
Ø 3,65 metrar
Trampólín, 3,65 m, kr 34.990
Öryggisnet fyrir trampólín 3,65 m, kr 19.990

DENVER



**15.999**

**7" DVD FERÐASPILARI DENVER**



**990**

**ÚTILEGUSTÓLL**
Burðarpoki fylgir




**69**

**GOS - 33 CL**
Coca Cola Light, Coca Cola Zero, Fanta og Sprite Zero




**69**

**NIKOLINE**
33 cl, þrjár tegundir



frá **3990**

**FERÐATÖSKUR EVA**
46 cm, kr 3990
61 cm, kr 5490
68 cm, kr 8990



MELISSA

**8990**

**ÖRBYLGJUOFN**
17 ltr, 700 W
Fæst í hvítu og svörtu

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA

WWW.EUROPRIS.IS

# Sumarvörur

## 20-50% afsláttur

**Úrval getur verið breytilegt á milli verslana**



**6990**

**ÁLSTÓLL**
Staflanlegur
Verð áður: kr 8999



**7990**

**ÁLSTÓLL**
Staflanlegur
Verð áður: kr 9999



**3790**

**SÓLHLÍF**
2x3 metrar
Verð áður: kr 7590



**3990**

**PARTÝJALD**
Barna. Verð áður: kr 5999



**49.990**

**ÚTISÓFASETT**
Toscana
Sessur og borð með glerplötu fylgir
Stálgrind
Verð áður: kr 85.990



**35.990**

**HÆGINDASTÓLL**
Með fótskemli
Verð áður: kr 62.990



**Borð + 4 stólar**

**19.990**

**GARÐSETT IBIZA**
Fjórir stólar og borð
Borð með glerplötu og rammi úr galvaníseruðu stáli. Ø:90 cm, H:70 cm
Ath! Sessur fylgja ekki. Verð áður: kr 24.990




**10.990**

**GEYMSLUKASSI**
125x55x61 cm
Verð áður: kr 12.990




ROLEX

MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is


# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 4. júlí 2012 | 12. tölublað | 8. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is

Hraði!
Skilvirkni!
Sveigjanleiki!
UMHVERFISMERKI 141 381 Prentgripur
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is



# Verðum að ráða við tækifærin

- Forstjóri Mannvits segir gríðarlega stór tækifæri blasa við Íslendingum, meðal annars vegna olíuvinnslu
- Stöndumst ekki samanburð varðandi háskólamenntun auk þess sem of fátt tæknifólk útskrifast
- Segir hugmyndina að Geysi Green Energy hafa verið góða en framkvæmd hennar ekki

## Deloitte hagnaðist um 300 milljónir króna á árinu 2011

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte hagnaðist um 300,1 milljón króna á síðasta rekstrarári sínu og stjórn þess leggur til að allur hagnaðurinn verði greiddur út til hluthafa. Eigandi 99,9 prósenta hlutar í Deloitte er samlagsfélagið D&T sf., sem er í eigu 37 starfsmanna fyrirtækisins. Þetta kemur fram í ársreikningi Deloitte sem skilað var inn til fyrirtækjaskráar nýverið.

Rekstrarár Deloitte stendur frá byrjun júní til loka maí. Fyrirtækið hagnaðist um samtals 530 milljónir króna á rekstrarárunum 2009 og 2010 og greiddi nánast allan þann hagnað út í arð. Samtals hefur hagnaður, og arðgreiðslur, Deloitte á síðustu þremur árum því numið um 830 milljónum króna.

Á meðal endurskoðunarfyrirtækja hefur einungis KPMG skilað meiri hagnaði á síðustu þremur árum, eða samtals um 1,4 milljörðum króna. Það hefur þegar greitt út 1,1 milljarð króna í arð til 33 hluthafa sinna vegna frammistöðu á rekstrarárunum 2009 og 2010. Tillaga um arðgreiðslu vegna rekstrarársins 2011, þegar KPMG hagnaðist um 408 milljónir króna, er ekki tilgreind í ársreikningi félagsins.

- ÞSJ

## Brún Íslendinga að lyftast

Íslenskir neytendur hafa ekki verið bjartsýnni á horfur í efnahags- og atvinnulífi frá því fyrir hrun. Þetta leiðir væntingavísitala Gallup í ljós en hún hækkaði um 6,6 stig í júní og mælist nú 79,9 stig. Til samanburðar stóð vísitalan í 65,4 stigum fyrir ári síðan en fara þarf aftur til maí árið 2008 til að finna hærra gildi.

Capacent Gallup mælir væntingar neytenda einu sinni í mánuði. Þegar vísitalan er undir 100 stigum eru fleiri neikvæðir en jákvæðir en hún hefur verið undir 100 stigum frá því í febrúar árið 2008.

Ársfjórðungsleg vísitala Capacent Gallup um fyrirhuguð stórkaup var einnig birt í gær en hún hækkaði lítillega á milli fjórðunga eða um 1,7 stig. Vísitalan stendur nú í 54,1 stigi og hefur ekki verið hærri frá því í júní 2008.

- MPL




## Fróðleiksmolinn

DataMarket




### Leiguverð á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri

Í febrúar 2012 hóf Þjóðskrá Íslands að birta í fyrsta sinn upplýsingar um húsaleigu eftir staðsetningu og stærðarflokkum fasteigna á landinu og vísitölu leiguverðs á höfuðborgarsvæðinu.
Ofangreind mynd sýnir meðalleiguverð á hvern fermetra í maí 2012 fyrir mismunandi stærðir íbúða eftir hverfum á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri. Í öllum tilvikum er meðalleiguverð á 2 herbergja íbúðum hæst en lægst á 4 -5 herbergja íbúðum. Samkvæmt þessum tölum er leiguverðið hæst í Reykjavík á 2 herbergja íbúðum vestan Kringlumýrarbrautar og á Seltjarnarnesi eða kr. 1.914 á hvern fermetra.

HEIMILD: ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS

SKOÐA NÁNAR Á DATAMARKET: HTTP://DATA.IS/N3RVKS

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**MIÐVIKUDAGUR 4. JÚLÍ**
- Fasteignamarkaðurinn í mánuðinum eftir landshlutum
- Vöruskipti við útlönd
- Lífeyrissjóðir – hagtölur SÍ
- Gjaldeyrismarkaður – hagtölur SÍ
- Krónumarkaður – hagtölur SÍ
- Raungengi – hagtölur SÍ

**FIMMTUDAGUR 5. JÚLÍ**
- Gistinætur og gestakomur á hótelum í maí 2012

**FÖSTUDAGUR 6. JÚLÍ**
- Efnahagur Seðlabankans – hagtölur SÍ
- Útboð ríkisbréfa

**MÁNUDAGUR 9. JÚLÍ**
- Markaðsupplýsingar Lánamála Ríkisins
- Erlend staða Seðlabankans – hagtölur SÍ

**ÞRIÐJUDAGUR 10. JÚLÍ**
- Fjöldi þinglýstra leigusamninga

**MIÐVIKUDAGUR 11. JÚLÍ**
- Nýjar upplýsingar úr þjóðskrá (talningar)

**FIMMTUDAGUR 12. JÚLÍ**
- Smásöluvísitala RSV
- Gjaldeyrisforði og tengdir liðir – hagtölur SÍ
- Útboð ríkisvíxla

**FÖSTUDAGUR 13. JÚLÍ**
- Trúfélagsbreytingar
- Atvinnuleysi í júní 2012
- Greiðslumiðlun

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á* Vísir



**Í SÓKN** Rekstur HB Granda, stærsta útgerðarfyrirtækis landsins þegar horft er til starfsemi á Íslandi, hefur gengið mjög vel á undanförnum árum. Félagið hagnaðist um 6,2 milljarða króna í fyrra. Eggert Benedikt Guðmundsson er forstjóri HB Granda. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# HB Grandi ætlar að fjárfesta fyrir milljarð

**Faxaflóahafnir hafa fengið umsókn frá HB Granda þar sem óskað er eftir því að fá að byggja frystigeymslur á Granda. Kostar um milljarð, að sögn forstjórans. HB Grandi hagnaðist um 6,2 milljarða í fyrra og greiddi 679 milljónir í arð.**

SJÁVARÚTVEGUR
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

HB Grandi ætlar að byggja frystigeymslu fyrir sjó- og landvinnslu sína á starfssvæði sínu á Granda. Heildarumfang fjárfestingarinnar er um milljarður króna, að sögn Eggerts Benedikts Guðmundssonar, forstjóra Granda.

Í fundargerð stjórnar Faxaflóahafnar frá því í síðasta mánuði kemur fram að HB Grandi hafi lagt inn umsókn um „lóð og stækkun lóðar á Norðurgarði“. Stjórnin tók umsóknina fyrir á fundi sínum 22. júní síðastliðinn. Í fundargerðinni kom fram að stjórnin telji „jákvætt að fyrirtækið vilji byggja upp á svæðinu“.

Eggert segir að um sé að ræða lóð sem liggur í framhaldi af því svæði þar sem HB Grandi er með sína landvinnslu í dag. „Þarna höfum við hug á að koma okkur upp frystigeymslu, bæði fyrir sjóvinnsluna og landvinnsluna. Þetta er mikil framkvæmd. En okkur vantar frystigeymslu og þetta er hluti af okkar rekstri, að hafa almennilega frystigeymslu.“

Spurður um hversu stóra fjárfestingu sé að ræða segir Eggert ekki vera kominn endanlegan botn í það. „En þetta er einhvers staðar í kringum milljarð króna. Það er ekki alveg klárt hvenær við getum hafið framkvæmdir. Það gæti þó orðið tiltölulega fljótlega og ætti að geta gengið hratt og vel ef þetta fer eins og við vonum.“

Rekstur HB Granda hefur gengið afar vel á undanförnum árum. Fyrirtækið hagnaðist um 37,3 milljónir evra, um 6,2 milljarða króna, í fyrra. Það er tæplega fimm sinnum meira en hagnaður þess var árið 2010, þegar hann var 7,8 milljónir evra, eða um 1,2 milljarðar króna. Félagið hefur auk þess verið að grynnka á skuldum sínum. Þær minnkuðu um 2,4 milljarða króna í fyrra og stóðu í um 23,3 milljörðum króna um síðustu áramót. Á sama tíma voru eignir HB Granda metnar á 51,1 milljarð króna. Eiginfjárhlutfall þess var 54,4 prósent. Störfum hjá félaginu fjölgaði um 68 á milli áranna. Vert er að taka fram að HB Grandi gerir upp í evrum líkt og öll helstu útgerðarfyrirtæki landsins. Umreiknun í krónur er öll á gengi dagsins í dag.

Stjórn fyrirtækisins lagði til á aðalfundi fyrr á þessu ári að félagið greiddi 679 milljónir króna í arð vegna frammistöðu þess á árinu 2011. Samtals hefur HB Grandi greitt eigendum sínum 1.223 milljónir króna í arð á árunum 2010 til 2012. Stærsti eigandi HB Granda er Vogun ehf. með 40,1 prósents eignarhlut. Félagið er meðal annars í eigu Árna Vilhjálmssonar, stjórnarformanns HB Granda. Næststærsti eigandinn er Eignarbjarg, dótturfélag Arion banka, með 33,2 prósenta hlut.

### MUNU BORGA MUN MEIRA Í VEIÐIGJALD

HB Grandi greiddi 2,4 milljónir evra í veiðigjald á árinu 2011, samkvæmt síðasta birta ársreikningi félagsins. Á gengi dagsins í dag er sú upphæð um 380 milljónir króna. Árið áður greiddi það um eina milljón evra og á árinu 2009 aðeins 566 þúsund evrur. Samtals hefur HB Grandi því greitt, á gengi dagsins í dag, um 628 milljónir króna í veiðigjald á síðustu þremur árum.
Í júní voru afgreidd frá Alþingi lög um veiðigjald á næsta fiskveiðiári sem fela í sér verulegar breytingar frá því sem áður var. Nú er áætlað að gjaldið skili ríkissjóði 12,7 til 13,8 milljörðum króna á ári. Fyrir síðasta fiskveiðiár greiddu útgerðir 4,5 milljarða króna. Því er um allt að þreföldun að ræða.

VALFRJÁLST TILBOÐ Í HLUTABRÉF ÖSSURAR HF.

TILBOÐSYFIRLIT GERT OPINBERT

Þann 22. maí 2012 tilkynnti William Demant Invest A/S (WDI) um valfrjálst tilboð í hlutabréf Össurar hf. (Össur).

Upplýsingar um tilboðið hafa nú verið gerðar opinberar í tilboðsyfirliti, sem staðfest hefur verið af Fjármálaeftirlitinu.

Tilboðsyfirlitið má nálgast á heimasíðu Össurar, www.ossur.com, en það verður jafnframt sent til nafnskráðra hluthafa í hlutaskrá Össurar.

Tilboðið gildir frá og með 9. júlí 2012 til kl. 14 þann 7. ágúst 2012, nema tilkynnt sé um annað.

4. júlí 2012

William Demant Invest
– an investment company fully owned by the Oticon Foundation

Stækkunaráform í pípunum hjá gagnaveri:

# Thor Data Center tapaði 180 milljónum

Thor Data Center, sem á og rekur gagnaver í Hafnarfirði, tapaði 180,2 milljónum króna í fyrra. Það er heldur meira en fyrirtækið tapaði á árinu 2010 þegar tapið nam 145,9 milljónum. Þetta kemur fram í ársreikningi Thor Data Center sem skilað var inn til ársreikningaskrár í lok maí síðastliðins.

Thor Data Center var stofnað árið 2009 með það fyrir augum að koma á fót gagnaveri sem nýtir ódýra græna orku sem er í senn hagkvæm og mengar ekki. Sumarið 2010 voru fyrirtækinu lagðar til 400 milljónir króna í nýtt hlutafé. Á meðal þeirra sem tóku þátt í aukningunni var Fjárfestingafélagið Títan, í eigu Skúla Mogensen, sem eignaðist 33 prósenta hlut.

Í nóvember 2011 var allt hlutafé í Thor Data Center selt til Advania. Kaupverðið fékkst ekki uppgefið. Í janúar 2012 keypti Títan síðan 5,17 prósenta hlut í Advania á um 140 milljónir króna og var þar með orðið óbeinn eigandi að Thor Data Center á ný.

Í byrjun júní var tilkynnt að Thor Data Center hefði fengið vilyrði fyrir tvöföldun á núverandi lóð fyrirtækisins og að eftir tvöföldunina verði gagnaverið tæplega sex þúsund fermetrar að stærð. Jafnframt hefur Advania fengið vilyrði fyrir 30 þúsund fermetra lóð skammt frá þar sem framtíðaráform eru um að reisa annað gagnaver, allt að 20 þúsund fermetra að stærð með 10 metra lofthæð. - þsj





Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Starfsfólk Íslandsbanka býr yfir áratuga reynslu í þjónustu við sjávarútveginn og hjá bankanum starfar stór hópur fólks með sérþekkingu á greininni. Þannig getum við ávallt tryggt fyrirtækjum í þessari undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar þá bankaþjónustu sem hún þarfnast.

**Þekking sprettur af áhuga.**

**Hallgrímur Magnús Sigurjónsson hefur yfir 30 ára reynslu af sjávarútvegi og fjármögnun fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi.**

**Hallgrímur Magnús er útibússtjóri hjá Íslandsbanka á Ísafirði.**

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

Mikið tap á seljendaláni vegna sölu á danska bankanum FIH:

# Seðlabanki þarf ekki að upplýsa um virðið

Úrskurðarnefnd um upplýsingamál hefur staðfest ákvörðun Seðlabanka Íslands um að synja beiðni Markaðarins um upplýsingar um hvert bókfært virði seljendaláns bankans til nýrra eigenda hins danska banka FIH var um síðustu áramót.

Í rökstuðningi sínum fyrir afhendingu gagnanna benti Markaðurinn á að Seðlabankinn hefði þegar greint frá bókfærðu virði lánsins á heimasíðu sinni þegar það var veitt í september 2010. Því væri ekki verið að biðja um nýjar upplýsingar heldur uppfærslu á áður birtum upplýsingum.

Seðlabankinn taldi sig á hinn bóginn bundinn þagnarskyldu. Á það féllst úrskurðarnefndin eftir að hafa fengið afhenta greinargerð frá Seðlabankanum þar sem fjallað var um „stöðu á skuldabréfi sem tengist sölu á danska bankanum FIH og samninga sem staðið hefur verið að um breytingar og/eða uppgjör þess“. Í úrskurði hennar segir að „af efni þeirra er óhjákvæmilegt annað en



**TAP** Seðlabankinn lánaði Kaupþingi 500 milljónir evra og tók veð í FIH. Tugmilljarða króna tap verður á þeim viðskiptum. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

að fallast á að þær falli undir sérstakt þagnarskylduákvæði 34. gr. Laga [...] um Seðlabanka Íslands“.

Alls var seljendalánið upp á 3,1 milljarð danskra króna, eða um 66 milljarða króna á gengi dagsins í dag. Ljóst er að það er tapað að mestu en hversu mikið, ef eitthvað, fæst til baka kemur ekki í ljós fyrr en á árinu 2015.

Bankastjóri FIH, Bjarne Graven Larsen, sagði í samtali við FinansWatch í júní að litlar líkur væru á að Seðlabankinn fengi eitthvað upp í lánið. - þsj




**DEUTSCHE BANK** Þýski bankinn hefur víðtækar heimildir til að fara með málefni Peru ehf., komi til viðvarandi vanefnda á skuld félagsins við hann. Josef Ackermann var forstjóri Deutsche Bank fram til loka maí síðastliðins.

Fjármögnunarfyrirtækið Lýsing tapaði 4,3 milljörðum á síðasta ári:

# Greiddi Deutsche Bank 35 milljarða

Pera ehf., dótturfélag Lýsingar, endurgreiddi þýska bankarisanum Deutsche Bank 35 milljarða króna af skuld sinni við hann um miðjan mars síðastliðinn. Engin ný lán voru tekin vegna greiðslunnar að sögn Magnúsar Scheving Thorsteinssonar, stjórnarformanns Lýsingar.

Lýsing og dótturfélög töpuðu samtals 4,3 milljörðum króna á árinu 2011. Árið áður hafði fyrirtækið tapað 24 milljörðum króna. Eigið fé þess var samt sem áður 8,6 milljarðar króna um síðustu áramót. Í áritun endurskoðenda samstæðunnar kemur fram að margháttuð óvissa sé um afdrif ýmissa dómsmála sem rekin eru til að komast að lögmæti ýmissa lánasamninga sem Lýsing hefur gert. Þar segir að niðurstaða þeirra geti „haft veruleg áhrif á mat eigna, eigið fé og rekstrarhæfi félagsins“. Á meðal þeirra mála sem tiltekin eru í ársreikningnum er hið svokallaða „Smákranamál“ sem snýst um lögmæti gengistryggingar fjármögnunarleigusamnings. Í ársreikningnum segir að gera megi ráð fyrir því að það þurfi að færa niður eigið fé Lýsingar um fimm til sex milljarða tapist málið. Hæstiréttur sýknaði hins vegar Lýsingu af kröfum Smákrana í lok maí síðastliðins. Um var að ræða stærsta einstaka óvissuþátt í efnahagsreikningi Lýsingar.

Pera, dótturfélag Lýsingar sem heldur utan um tugmilljarða lánafyrirgreiðslu frá Deutsche Bank, skuldaði 91,3 milljarða króna um síðustu áramót. Eigið fé félagsins var neikvætt um 21,9 milljarða króna en handbært fé þess var samt sem áður um 36 milljarðar króna. Það var notað til að greiða um 35 milljarða króna til Deutsche Bank þann 16. mars síðastliðinn. Magnús segir vissulega um hröðun á greiðslum að ræða. Greiðslan nú dragi hins vegar úr gjaldeyrisáhættu félagsins auk þess sem hún hafi jákvæð áhrif á eiginfjárhlutfall í samstæðureikningi Lýsingar.

Pera er veðsett Deutsche Bank til tryggingar á skuldbindingum Lýsingarsamstæðunnar við bankann. Í ársreikningi Peru segir auk þess að Deutsche Bank hafi „víðtækar heimildir til að fara með málefni Peru ehf. komi til viðvarandi vanefnda sem ekki verður úr bætt“. Lýsingarsamstæðan er í eigu Klakka ehf., sem áður hét Exista. - þsj



**HÖFÐATORGI Í GÆR** Þau Björn Z. Ásgrímsson sérfræðingur, Unnur Gunnarsdóttir, starfandi forstjóri, og Halldóra E. Ólafsdóttir framkvæmdastjóri fjölluðu um stöðu lífeyrissjóðakerfisins á fundi með blaðamönnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Draga þarf úr halla lífeyrissjóðakerfisins

**Íslenska lífeyrissjóðakerfið er hlutfallslega hið næststærsta í Evrópu. Það glímir þó við vissa veikleika sem brýnt er að taka á að mati FME. Ekki hefur tekist að ná 3,5% ávöxtunarviðmiði frá árinu 2006, að hluta til vegna gjaldeyrishaftanna.**

**LÍFEYRISSJÓÐIR**
**Magnús Þorlákur Lúðvíksson**
magnusl@frettabladid.is

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er öflugt en glímir þó við ákveðna veikleika. Þetta er mat Fjármálaeftirlitsins (FME) sem kynnti samantekt á stöðu lífeyrissjóðanna fyrir fjölmiðlum á skrifstofu sinni í turninum við Höfðatorg í gær. Þá hvetur FME til þess að dregið verði úr halla í lífeyriskerfinu með því að hækka iðgjöld, skerða réttindi sjóðsfélaga eða hækka lífeyrisaldur.

Heildareignir lífeyrissjóðanna voru 2.230 milljarðar króna í lok síðasta árs sem jafngildir tæpum þriðjungi af heildareignum eftirlitsskyldra aðila á fjármálamarkaði, það er banka, lífeyrissjóða, Íbúðalánasjóðs, verðbréfasjóða og vátryggingafélaga.

Hlutfall heildareigna lífeyrissjóðanna af vergri landsframleiðslu var í lok síðasta árs 137% sem er nánast sama tala og var í lok árs 2007. Eignir lífeyrissjóðanna minnkuðu um rúman fimmtung á árinu 2008 en hafa vaxið síðan. Sem hlutfall af landsframleiðslu er íslenska lífeyrissjóðakerfið hið næststærsta í Evrópu á eftir því hollenska.

Langstærstur hluti eigna lífeyrissjóðanna er vegna skyldusparnaðar einstaklinga eða 1.889 milljarðar. Um 209 milljarðar eru vegna séreignarsparnaðar lífeyrissjóðanna og 132 milljarðar vegna séreignarsparnaðar hjá fjármálafyrirtækjum, líftryggingarfélögum og erlendum aðilum.

Fimm stærstu lífeyrissjóðir landsins; Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR), Lífeyrissjóður verslunarmanna (LV), Gildi lífeyrissjóður, Stapi lífeyrissjóður og Sameinaði lífeyrissjóðurinn, eru sem fyrr risar í kerfinu en samanlagt mynda sjóðirnir fimm 54,8% af kerfinu sé miðað við hreina eign.

Þrátt fyrir miklar eignir er tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðakerfisins neikvæð um háar fjárhæðir en tryggingafræðileg staða þeirra segir til um hversu vel eignir þeirra duga fyrir skuldum þegar tekið er tillit til allra eigna og skulda, bæði áfallinna sem og þeirra sem vænt er að verði til í framtíðinni. Staðan er því mælikvarði á styrk sjóðanna og gefur sem slíkur mun betri mynd af raunverulegri stöðu lífeyrissjóðanna en eignastaða þeirra. Sé staðan neikvæð er ljóst að sjóðirnir hafa ekki getu til þess að standa við allar skuldbindingar sínar. Þar með þarf að óbreyttu að hækka iðgjöld þeirra, minnka réttindi sjóðsfélaga eða hækka lífeyrisaldur, eða þá velja blöndu af þessu þrennu.

Unnur Gunnarsdóttir, starfandi forstjóri FME, sagði mjög brýnt að draga úr tryggingafræðilegum halla, sérstaklega hjá lífeyrissjóðum ríkisins og sveitarfélaga. Hún bætti þó við að þegar upp væri staðið væri það pólitísk spurning að hve miklu leyti opinberu lífeyrissjóðirnir eigi að vera annars vegar sjóðasöfnunarsjóðir og hins vegar gegnumstreymissjóðir. Að mati FME sem eftirlitsaðila sé skynsamlegra að leggja áherslu á sjóðasöfnun en þegar opinberir aðilar þurfa að greiða með sjóðunum eru sjóðirnir í raun orðnir gegnumstreymissjóðir að hluta.

Tryggingafræðileg staða lífeyrissjóðakerfisins var í lok síðasta árs neikvæð um alls 668 milljarða króna sem jafngildir 17,1% af kerfinu. Munar mestu um stöðu LSR en tryggingafræðileg staða hans er neikvæð um ríflega 430 milljarða króna.

Tryggingafræðilega staðan versnaði um 17 milljarða á milli ára en sem hlutfall af kerfinu hefur staðan batnað nokkuð síðustu misseri en hún var til dæmis neikvæð um 20,8% í lok árs 2009.

Stafar betri staða þó ekki af góðri ávöxtun sjóðanna heldur því að lífeyrissjóðir án ábyrgðar launagreiðenda hafa skert réttindi sjóðsfélaga um 130 milljarða króna hið minnsta frá hruni.

Almennt er tryggingafræðileg staða sjóða með ábyrgð launagreiðenda mun verri en hinna þar sem engin slík ábyrgð er til staðar. Tólf af þeim 33 lífeyrissjóðum sem eru undir eftirliti FME njóta ábyrgðar launagreiðenda en í öllum tilfellum er um að ræða lífeyrissjóði starfsmanna ríkis og sveitarfélaga. Felur ábyrgðin í sér að þessir opinberu aðilar þurfa að hlaupa undir bagga með sjóðunum geti þeir ekki staðið við skuldbindingar sínar. Allir sjóðirnir tólf hafa neikvæða tryggingafræðilega stöðu á bilinu 22,9% til 99,4%.

Af hinum almennu sjóðum eru einungis þrír með jákvæða tryggingafræðilega stöðu; Íslenski lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Búnaðarbanka Íslands og Lífeyrissjóður tannlækna. Allir aðrir sjóðir eru með neikvæða stöðu á bilinu 0,4% til 13,1%.

Samkvæmt núgildandi lögum má hallinn á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða án ábyrgðar launagreiðenda ekki vera hærri en 15% í eitt ár eða 10% í fimm ár en ella þarf að lækka réttindi sjóðsfélaga. Miðað við stöðu sjóðanna í árslok 2011 þarf því enginn að minnka réttindi að þessu sinni.

Hins vegar er ekki leyfilegt samkvæmt lögum að skerða réttindi sjóðsfélaga í opinberu lífeyrissjóðunum og því eina leiðin til að laga tryggingafræðilega stöðu þeirra sú að hækka iðgjöld að óbreyttum lögum.

## ÁVÖXTUNARVIÐMIÐ EKKI NÁÐST FRÁ 2006

Raunávöxtun lífeyrissjóðanna á árinu 2011 var 2,5% en var til samanburðar 2,7% á árinu 2010. Lögbundið ávöxtunarviðmið sjóðanna er 3,5% en það hefur ekki náðst frá árinu 2006 þegar raunávöxtun þeirra var 10,2%. Þó ber að hafa í huga að lífeyrissjóðir eru langtímafjárfestar og viðbúið að sveiflur verði í ávöxtun þeirra.

Í máli Unnar Gunnarsdóttur, starfandi forstjóra FME, á fundinum í gær kom fram að gjaldeyrishöftin þrengdu verulega að fjárfestingarmöguleikum lífeyrissjóðanna og stuðluðu að lægra vaxtastigi en ella. Það væri ein af ástæðum þess að lífeyrissjóðunum hefur ekki tekist að ná ávöxtunarviðmiði sínu síðustu árin.

Þá fjallaði Halldóra E. Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri eftirlitssviðs FME, um dreifingu eigna lífeyrissjóðanna á fundinum. Í máli hennar kom meðal annars fram að hlutfall skuldabréfa ríkis og sveitarfélaga af eignasafni lífeyrissjóðanna hefur aukist úr 26% í 48% frá 2008. Því hafi áhættudreifing í eignasöfnunum verið að minnka.



## NESTI Í BÍLINN

**Það getur verið einhæft og óheilsusamlegt að stoppa eingöngu í vegasjoppum á leið um landið. Takið heldur hnetupoka, vatnsflöskur, þurrkaða ávexti og smurðar samlokur með í nesti og borðið úti í guðsgrænni náttúrunni. Það er um að gera að spretta aðeins úr spori í leiðinni.**

TÆKIFÆRISGJAFIR
- mikið af frábærum tilboðum
iittala
10% afsláttur
Tékk KRISTALL
www.tk.is
Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



# ALLT GETUR GERST

**SKEMMTILEG UPPLIFUN** *Anna Valdimarsdóttir sálfræðingur fór í ævintýraferð til Indlands í vetur. Henni var boðið í jólaboð í litlu smáþorpi þar sem henni var tekið eins og einum af þorpsbúum.*

Indlandsferð Önnu Valdimarsdóttur kom þannig til að hún fór í heimsókn til sonar síns og tengdadóttur sem fluttu þangað stuttu áður. „Sonur minn er að vinna hjá tölvufyrirtæki í borginni Chennai á Indlandi. Þau fluttu í september og ég ákvað að nota tækifærið og fara til Indlands. Ég fór í lok nóvember á síðasta ári og var þar í sex vikur,“ segir Anna.

„Þetta var mikið ævintýri og ég ferðaðist mikið, bæði ein og með syni mínum og tengdadóttur. Við eyddum jólum og áramótum í Goa-héraði sem er mikill ferðamannastaður. Þar vorum við í mjög flottri veislu undir berum himni á aðfangadagskvöld. Maturinn var fínn og hljómsveit spilaði fyrir dansi. Þetta var flottara og ævintýralegra en ég bjóst við og í fyrsta og eina skipti sem ég hef dansað á jólanótt.“

Á jóladagsmorgun dreif Anna sig í messu til að halda í einhverjar jólahefðir. „Kirkjan var í litlu þorpi og ég var eina manneskjan í messunni sem var ekki innfædd. Eftir messuna óskuðu þorpsbúar hver öðrum gleðilegra jóla og ég var ekki skilin út undan. Ég var kysst í bak og fyrir og mér óskað gleðilegra jóla. Síðan var mér boðið í jólaboð þorpsins síðar um daginn. Boðið var haldið utandyra og þangað kom jólasveinn og gaf öllum nammi. Síðan var farið í leiki og allir fengu pakka. Þetta var skemmtileg upplifun,“ segir Anna.

Anna eyddi mestum tíma í Chennai hjá fjölskyldu sinni en ferðaðist líka ein á báti. „Þessi ferð hafði töluverð áhrif á mig. Ég sem Vesturlandabúi á þessum stöðum, sem voru ekki miklir ferðamannastaðir, fékk mikla jákvæða athygli. Indverjar eru allir svo lífsglaðir og hlýir. Fólkið spjallaði mikið við mig og mér fannst ég alltaf velkomin alls staðar sem er mikilvægt af því ég ferðaðist mikið ein. Það er svo mikið að gerast á Indlandi, alls staðar svo mikið líf og litir og allar götur iða af mannlífi. Þegar ég steig út fyrir dyr á morgnana vissi ég ekkert hvað myndi á daginn drífa, það getur allt gerst á Indlandi.“

lilja.bjork@365.is

**AFTUR TIL INDLANDS**
Anna segir Indverja vera hlýtt og lífsglatt fólk. Henni fannst hún velkomin á ferðum sínum um landið og langar til að heimsækja það aftur.

**DANSAÐ Á JÓLANÓTT**
„Þetta var mikið ævintýri og ég ferðaðist mikið, bæði ein og með syni mínum og tengdadóttur. Við eyddum jólum og áramótum í Goa-héraði sem er mikill ferðamannastaður.“



Hugsaðu vel um fæturna
Í meira en hálfa öld hafa milljónir manna um allan heim notað BIRKENSTOCK® sér til heilsubótar. Hvað um þig?
Teg: Arisona. St. 35 – 48. Verð: 12.885,-
BIRKENSTOCK
Misty skor
Laugavegi 178
Vertu vinur
Sími 551 2070
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.mistyskor.is



ÚTSALA HAFIN!
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg Þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn
Afkastamikill þurrkari >
Amerísk gæðavara
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Betri gæði á góðu verði
Rúm, dýnur, hægindasófar, svefnsófar, gjafavörur og fleira



PASSION
LÚR
BETRI HVÍLD
Hlíðasmára 1 | 201 Kópavogur | Sími: 554-6969 | www.lur.is

## TÓNLIST Á FERÐINNI

**Þeir sem einhvern tíma hafa ferðast vita að ákveðin lög geta fært þeim aftur minningar úr ferðalaginu. Þeir vita einnig að tónlist lætur löng ferðalög í flugvélum, rútum eða hvers kyns farartækjum líða hraðar.**

**Tónlist getur jafnframt aukið á þá upplifun sem fólk verður fyrir á ferðalögum. Hver og einn hefur sinn eigin tónlistarsmekk og það er líka misjafnt milli einstaklinga hvaða tónlist er sú rétta fyrir ferðalagið.**

**Eitt er þó víst, sama hvaða tónlist er valin þá munu ákveðin lög vekja upp minningar frá ferðalaginu ef á þau hefur einungis verið hlustað þegar viðkomandi var á ferðinni. Þannig má endurlifa ferðalagið hvenær sem er aðeins með því að kveikja á tækinu og setja rétta lagið í gang.**




# NUTRILENK

NÁTTÚRLEGT BYGGINGAREFNI FYRIR BRJÓSKVEFINN






Skráðu þig á facebook síðuna
Nutrilenk fyrir liðina
*- því getur fylgt heppni!*

# Tel að NutriLenk hafi bjargað ferlinum

### Ásdís Hjálmsdóttir er afreksíþróttakona í spjótkasti og því er mikið álag á líkamann vegna strangra æfinga.

Haustið 2009 fékk ég brjóskskemmd í hnéð á mörkum hnéskeljar og lærleggs. Þessu fylgdi mikill sársauki og það brakaði í hnénu á mér í hverju skrefi. Sársaukinn var það slæmur að ég gat ekki æft af fullum krafti og gat ekki einu sinni labbað niður stiga án þess að finna til í hnénu.

Ég var búin að fá tíma í aðgerð þar sem átti að bora inn í beinið í þeirri von að brjóskið myndi endurnýja sig en það var eina mögulega úrræðið.

### Losnaði við hnéverkinn

Viku áður en ég átti að fara í aðgerðina var mér bent á að prófa NutriLenk og ég ákvað að slá til þar sem ég hafði engu að tapa og var tilbúin að reyna allt til að laga hnéð á mér. Strax á fyrstu dögunum minnkaði verkurinn og ég fór að geta æft.

Daginn áður en ég átti að fara í aðgerðina þá fann ég ekkert til í hnénu. Ég hef tekið NutriLenk síðan og aldrei fundið neitt fyrir hnénu aftur.

Ég hef mikið keppt erlendis undanfarin ár og á öllum stórmótum. Í ágúst síðastliðnum tryggði ég mér keppnisrétt á Ólympíuleikunum í London í sumar og ég tel að NutriLenk hafi bjargað ferlinum.



*Ásdís Hjálmsdóttir 26 ára Ólympíufari*

PRENTUN.IS

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum, Hagkaup, Krónunni, Þín verslun Seljabraut og Vöruvali Vestmanneyjum**

### Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Við mikið álag og með árunum getur brjóskvefurinn rýrnað sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar og hnjáliðum. Þess vegna er allt til vinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður | Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið og beinin**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki. NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.

**Prófið sjálf-upplifið breytinguna!**

Nánari upplýsingar á **www.gengurvel.is**

NÁTTÚRULEGT FYRIR LIÐINA






## BAKTERÍUR Á HÓTELUM

**Sjónvarpsfjarstýringin á hótelherbergjum er jafnan þakin bakteríum.**

■ **ÞAÐ SEM GLEYMIST**

**Hefur þú hugleitt hvort herbergið á hótelinu sem þú dvelur á sé örugglega alveg hreint? Margir taka rúmábreiðu strax til hliðar þegar þeir koma inn á hótelherbergi, enda er sjaldnast skipt um þær á milli gestakoma. Gestir kæra sig ekki um að henda sér upp í rúm í óhreinsaða rúmábreiðu. Það er þó ekki hún sem hefur að geyma flestar bakteríur í hótelherberginu.**

**Samkvæmt bandarískri könnun á þremur ólíkum hótelum á þremur ólíkum stöðum kom í ljós að það er sjónvarpsfjarstýringin og slökkvarinn við höfðagaflinn sem eru bakteríuskæðustu hlutirnir í hótelherberginu. Rannsóknin var framkvæmd af teymi frá háskólanum í Houston í Texas. Ekki er hægt að sjá bakteríur eða vírusa þannig að þessir hlutir geta virst hreinir.**

**Tekið er fram að þó að þetta líti ekki vel út þá sé lítil hætta á að fólk veikist vegna þessa. Hins vegar er ágætt ráð að taka með sér blautþurrkur og þrífa sjálfur fjarstýringuna og slökkvarann eða aðra staði í herberginu vilji maður vera viss um hreinlæti. Tuskurnar sem hreingerningarfólkið notar geta nefnilega borið með sér bakteríur frá einu herbergi til annars.**



## SAMFERÐA

**Á ferð um landið**

■ **NÝTUM FERÐINA.**

**Erlendis er algengt að fólk sem hyggur á ferðalög auglýsi eftir ferðafélögum á þar til gerðum heimasíðum. Ástæður geta verið margs konar. Suma vantar einfaldlega bílfar en aðrir hafa bíl en vilja deila bensínkostnaði með einhverjum. Þannig þjónar þessi tilhögun umhverfissjónarmiðum. Auk þess er oftast skemmtilegra að ferðast með einhverjum heldur en einn.**

**Íslensk heimasíða af þessu tagi hefur verið starfrækt frá árinu 2005 og er vefslóðin www.samferda.is.**

MIÐVIKUDAGUR 4. JÚLÍ 2012

# HREINGERNINGAVÖRUR &ÞJÓNUSTA

**Kynningarblað** Flugnahreinsiefni, viðhald viðargólfa, umhverfisvæn hreinsiefni og góð ráð.



# Ungt fólk almennt umhverfisvænna í þrifum



Ekkert lát er á aðsókn í Hússtjórnarskólann í Reykjavík. Skólinn tekur 48 nemendur inn á hverju ári og eru stúlkur í miklum meirihluta nemenda í náminu þar sem öll nauðsynleg heimilisstörf eru kennd.

Hússtjórnarskólinn í Reykjavík hefur verið starfræktur síðan árið 1942, fyrst sem heilsársskóli en frá árinu 1975 hefur skólinn boðið upp á einnar annar nám. Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans, segir nemendur skólans að mestu vera stúlkur en nokkrir strákar hafi þó sest á skólabekk þau fjórtán ár sem hún hefur stýrt skólanum. „Unga fólkið sækir hingað því þetta er öðruvísi nám en kennt er annars staðar. Það langar einfaldlega að læra að bjarga sér. Hér lærir það að prjóna, sauma, elda mat og auðvitað að þrífa.“ Margrét segir algengt að stúlkur sæki námið eftir að menntaskóla ljúki áður en þær fara í áframhaldandi nám. Þann tíma sem hún hefur stýrt skólanum hafa aðeins fjórir strákar sótt námið en sá fimmti bætist í hópinn í haust.

Margrét segir ungt fólk í dag almennt jákvæðara fyrir þrifum en eldri kynslóðir. Það birtist meðal annars í því að unga fólkið taki oftar saman þátt í þrifum heima fyrir eða hafi skýrari verkaskiptingu. „Það er auðvitað eðlilegast að hafa einhverja verkaskiptingu eða taka bara þátt í þessu saman. Yngra fólkið vinnur þetta meira saman í dag en eldra fólkið breytist náttúrulega ekki neitt.“ Þrátt fyrir þessa jákvæðu framför unga fólksins bendir Margrét á að of algengt sé að ungt fólk hefji búskap, kaupi dýr og fín húsgögn og aðra innanstokksmuni, en síðan sé allt í drasli hjá því. „Það gengur ekki upp að kaupa til dæmis fallegt leðursófasett og borð í stofuna og fylla hana síðan af þvotti. Ég hef aldrei skilið þessi vinnubrögð. Best er auðvitað að ganga frá þvottinum strax inn í skáp enda er það minnsta vesenið.“

Margt hefur breyst á undanförnum árum og áratugum þegar kemur að þrifum heima fyrir. Margrét segir að í dag hafi fólk úr óheyrilega mörgum efnum að velja við þrifin. Þó virðist þróunin vera sú að velja umhverfisvænni efni en áður og efni sem eru ekki of sterk og skemmi ekki. „Það þarf að vanda vel val á efnum til þrifnaðar. Það er óþarfi að eiga 30-40 efni inn í skáp heima fyrir. Slíkt er endemis vitleysa. Ef það er síðan þrifið jafnóðum heima fyrir þarf aldrei að nota sterk efni en þá þarf auðvitað að gera það. Ef vaskurinn er fullur af kísil verður auðvitað að nota eitthvað sterkt efni til þrifnaðar. Mér finnst síðan ungt fólk vera meðvitaðra um að velja umhverfisvæn efni.“



„Óvinsælustu húsverkin að mínu mati eru þau að þrífa klósettið og vaska upp,“ segir Margrét Sigfúsdóttir, skólastjóri Hússtjórnarskólans í Reykjavík. MYND/GVA

Margrét segist ekki merkja að einhver þrif heima fyrir séu vinsælli en önnur. „Ef fallegt parket eða flísar eru í íbúðinni þykir fólki gaman að þrífa það og sjá það glansandi hreint. En óvinsælustu húsverkin að mínu mati eru þau að þrífa klósettið og vaska upp. Reyndar sá ég frétt fyrir stuttu þess efnis að karlar sem sinntu heimilisstörfum væru hamingjusamari en aðrir karlmenn. Þeir ættu kannski að skoða það betur í stað þess að tala um hvað þeir eru góðir að grilla en það hef ég reyndar aldrei skilið.“

# Leyniuppskrift sem virkar

Nýtt flugnahreinsiefni frá sápugerðinni Sámi er komið á markað. Bílaleigur eru farnar að nota efnið með góðum árangri.

Sámur sápugerð hefur sett á markað nýtt flugnahreinsiefni, Sáms Túrbó flugnahreinsi. „Það þekkja það flestir hversu erfitt það getur verið að ná dauðum flugum af bílum eftir ferðalög. Við hjá Sámi höfum verið að þróa efni til að þrífa þessar flugur af bílunum síðustu tvö til þrjú árin,“ segir Brynjólfur Grétarsson, eigandi Sáms.

„Þó ég segi sjálfur frá þá þrælvirkar þessi hreinsir. Ég hef notað hann sjálfur og látið vini og ættingja prófa hann með góðum árangri. Ég úða efninu á bílinn þegar ég hef þrifið hann eftir ferðalög. Læt það liggja á í nokkrar mínútur og skola það svo í burtu. Ég hef líka prófað að blanda því saman við rúðuúðann til að þrífa framrúðuna strax og það virkar mjög vel.“ Bílaleigur eru einnig farnar að nota hreinsiefnið og hefur það gengið vel.

Brynjólfur hefur notað flugnahreinsinn til að þrífa bíla að innan og segir hann virka vel á alls kyns bletti. „Það er fínt að nota hann á leðursæti bíla og líka hægt að nota hann á erfiða bletti sem eru fastir í fötum.“

Öll framleiðsla Sáms er íslensk og þeir framleiða allar hreinsivörur sjálfir. „Fyrirtækið hefur verið lengi á markaði eða í um 25 ár og ég hef sjálfur verið í þessu allan þann tíma. Við notum íslensk efni í allar okkar vörur. Flugnahreinsirinn er gerður eftir leyniuppskrift sem ég hef þróað smátt og smátt undanfarin ár. Það hafa verið alls kyns flugnahreinsar á markaði í langan tíma en þeir hafa ekki virkað sem skyldi. Það var ástæðan fyrir því að ég fór að þróa Sáms Túrbó flugnahreinsinn og er orðinn ánægður með blönduna núna,“ segir Brynjólfur.

Olís, N1 og Europris selja Sáms Túrbó flugnahreinsinn ásamt öðrum hreinsivörum frá Sámi.




Brynjólfur í sápugerðinni Sámi hefur 25 ára reynslu af gerð hreinsiefna. Hann hefur nú þróað flugnahreinsiefni sem er komið í sölu hjá Olís, N1 og Europris. MYND/STEFÁN




Túrbó flugnahreinsirinn frá Sámi er nýkominn á markað. Hann er einfaldur í notkun og virkar vel.



## *Af hverju eru íslenskir karlmenn í hreinum fötum?*

Árið 2010 birti Verslunarmannafélag Reykjavíkur niðurstöður könnunar sem fjallaði um ábyrgð kynjanna gagnvart heimili og börnum. Á heimasíðu VR má sjá niðurstöður hennar sem sýna að konur bera meiri ábyrgð á heimilisstörfum en karlar í nær öllum tilfellum. Misræmi virðist þó vera í svörum hvors kyns fyrir sig því karlar vilja eigna sér meira en konurnar og öfugt. Spurningin er hins vegar hver sé að segja satt?

56% kvenna sögðust bera mesta eða alla ábyrgð á þrifum heimilisins en einungis um 6% karla. Um 42% karla sögðu maka bera þessa ábyrgð meðan einungis um 3% kvenna eignuðu mökum sínum þann dugnað. 52% karla sögðu ábyrgðina jafna en 41% kvenna. Af þessu má ráða að heimilisþrifin eru að mestu leyti á herðum kvenna hvort sem litið er til svara karla eða kvenna.

Í fjölskyldum er sameiginlegur þvottur liggjandi í þvottakörfum og bíður þess að vera settur í þvottavél. Íslenskir karlmenn virðast þó koma sér undan því að sjá um það verk. Flestir þeirra virðast samt vera í nokkuð hreinum fötum og börnin þeirra líka. Í könnun VR sögðust 71% kvenna sjá að mestu eða öllu leyti um þvottinn á móti 7% karla. 63% karlanna vildu meina að makinn sæi um þvottinn en 5% kvenna. 24% kvenna sögðu þvottaverkin skiptast jafnt en 30% karla. Þessar niðurstöður varpa því nokkuð góðu ljósi á það af hverju meginþorri íslenskra karlmanna gengur um í hreinum fötum án þess þó að þrífa fötin sín. Makinn, sem í flestum tilfellum er kona, sér um það óþrifaverk.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Elsa Jensdóttir elsaj@365.is sími 512 5427 | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



Á sumrin er dásamlegt að hengja þvott út til þerris í brakandi þurrki og yndislegri gróðurangan. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Kanntu á þvottavél?

**Leiðbeiningastöð heimilanna veitir ráðgjöf og upplýsingar um flest sem snýr að heimilishaldi. Þar á meðal allt sem viðkemur hreinlæti, þrifum og þvottum.**

Stolt hvers heimilishalds er rétt með farinn og fallegur þvottur. Því borgar sig að skoða gaumgæfilega þvottamerkingar alls sem á að setja í þvottavél. Með réttum vinnubrögðum lengist líftími þvottarins, hann hleypur síður og heldur betur lit og lögun sinni.

- Flokkið þvott eftir lit og uppgefnu hitastigi hverrar flíkur. Aðgreinið hversdagsflíkur frá sparifötum. Þvoið sterklitaðan þvott sér; þannig láta gallabuxur lit við hvern þvott. Þvoið flíkur í sama eða svipuðum lit saman.
- Fitubletti þarf strax að meðhöndla með uppþvottalegi, grænsápu eða blettaefni og þvo síðan flíkina á venjubundinn hátt.
- Þvoið flíkur á röngunni. Það varnar sliti og flíkin hnökrar síður.
- Notið ekki of mikið af þvottaefni. Uppgefið magn á kíló er oftast reiknað fyrir kalkríkt vatn. Kalt vatn hér er kalklítið og nær ekki að leysa upp þvottaefni í of miklum mæli. Mýkingarefni er óþarfi og í því efni sem leggst utan á þvott og hvatar sem auka líkur á sveppamyndun í þvottavélum.
- Forðist að geyma óhreinan þvott of lengi því þá vilja óhreinindi festast í efninu. Sveppagróður getur myndast í rökum fatnaði.
- Þurrkið þvott á réttunni. Athugið hvort flík þolir pressun eða þurrkara. Sléttið úr þvotti áður en hann er hengdur til þerris eða hristið til áður en hann er settur í þurrkara. Það fer betur með þvott að stilla þurrktímann lengri og hitastig lægra. Þjónusta Leiðbeiningastöðvar heimilanna er öllum opin, endurgjaldslaust. Sími 552 1135.

Heimild: www.leidbeiningastod.is.


## Gamalt olíuborið parket verður sem nýtt með viðhaldsvörum frá BONA

### Bona Olíu hreinsir



**Bona Oil cleaner ( hreinsir ) er sérstaklega blönduð feit sápa sem ætluð er fyrir dagleg þrif á olíubornum viðargólfum.**

Bona oil cleaner (hreinsir) gerir þrifin auðveld, örugg og árangursrík.

Þessi sérstaka blanda bæði hreinsar of nærir olíuborið parket ásamt því að sem hún eykur vörina á gólfinu.

- Góð á óhreinindi, mjúk við gólfið.
- Skilvirk og þægileg í notkun.
- Brotnar auðveldlega niður í náttúrunni

Sápan kemur blönduð og tilbúin í handhægum 1.lítra spreybrúsum sem er tilbúin til notkunnar. PH gildi hennar er 10,5

**Hentar bæði fyrir íbúðarhúsnæði sem og atvinnuhúsnæði.**

### Bona Olíu refresher



**Bona Oil refresher er sérstök blanda byggð á vatnsbaseruðum grunni og ætluð fyrir olíuborin viðargólf.**

Bona Olíu refresher gerir viðhald fyrir olíuborin viðargólf að leik einum. Einfaldlega spreyið á gólfið og strjúkið yfir. Lausnin inniheldur hreint polyurethan sem bíður upp á sterkari vörn gegn óhreinindum og gefur parketinu nýjan ljóma. Bona Olíu refresher er umhverfisvæn vara með lágu leysiefna innihaldi (VOG), vatnsleysanlegur og nánast lyktarlaus.

- Auðvelt og þægileg í notkun.
- Krefst ekki vélbúnaðar ( buffer).
- 1 lítri dugar á allt að 50 m2.
- Brotnar auðveldlega niður í náttúrunni

**Hentar bæði fyrir íbúðarhúsnæði sem og atvinnuhúsnæði.**

Gólfefnaval

Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík • Sími 517 8000 • www.golfefnaval.is


# Gamalt olíuborið parket verður sem nýtt

**Parketgólf slitna og óhreinkast með tímanum rétt eins og hver önnur gólf. Gólfefnaval ehf. hefur um langt árabil boðið upp á heildarlausn í viðhaldi parkets með umhverfisvænum parketvörum. Sífellt fleiri viðargólf eru nú olíuborin og hefur oft reynst erfitt að þrífa þau og halda þeim við. Nú eru komin ný efni frá Bona sem gera það mun auðveldara að halda olíubornu viðargólfi við.**

Starfsfólk Gólfefnavals mælir með Bona olíuhreinsi (Bona Oil Cleaner) til daglegra þrifa. Það er sérstaklega blönduð feit sápa sem er ætluð til daglegra þrifa á olíubornum viðargólfum.

Bona olíuhreinsirinn gerir þrifin auðveld, örugg og árangursrík. Þessi sérstaka blanda bæði hreinsar og nærir olíuborna parketið ásamt því að auka vörnina á gólfinu.

### Nýtt á Íslandi

Þegar næra þarf olíuborið parket benda starfsmenn Gólfefnavals á Bona Oil Refresher en efnið er ætlað á olíuborin gólf sem farin eru að láta á sjá. „Með Bona Oil Refresher verður viðhaldið á olíu- og vaxbornum (hardwax oiled) viðargólfum að leik einum. Efninu er einfaldlega spreyjað á gólfið og síðan strokið yfir það,“ segir Gunnar Þór Jóhannesson, framkvæmdastjóri Gólfefnavals. „Efnið krefst ekki vélbúnaðar. Lausnin tryggir sterka vörn og gefur gólfinu nýjan fallegan ljóma. Bona Oil Refresher er umhverfisvæn vara með mjög lágu leysiefnainnihaldi. Það er vatnsleysanlegt og nánast lyktarlaust.

### Slitin og snjáð lökkuð gólf

Gunnar segir einnig fáanlegt efni fyrir lakkað parket sem heitir Bona Refresher. „Það er borið á parketið til að endurheimta gljáann án þess að slípa það.“ útskýrir hann. Efnið er ætlað fyrir parket sem eru orðin lúin, rispuð og mött. Það er mjög auðvelt í notkun og ætlað fyrir hinn almenna notanda. „Það kemur fólki mjög á óvart hve árangursrík, einföld og ódýr þessi lausn er,“ segir Gunnar Þór.

### Slípun, lökkun og olíuburður

Gólfefnaval leggur mikla áherslu á að bjóða heildarlausnir í hreinsi- og viðhaldsvörum fyrir parket. „Við höfum fundið mikið fyrir því undanfarið að fólk velur að endurnýja parketgólfin sín með slípun og lökkun eða olíuburði í stað þess að rífa þau upp og leggja ný. Sumir kjósa að breyta um lit á gólfinu á meðan aðrir velja hefðbundið lakk,“ segir Gunnar Þór.

### Umhverfisvæn efni

Gólfefnaval flytur inn viðhaldsvörur fyrir allar gerðir parketa frá Bona í Svíþjóð. „Neytendur hugsa sífellt meira um heilsufarsleg og umhverfisleg áhrif þeirra efna sem þeir nota og í dag er Bona einn stærsti framleiðandi umhverfisvænna viðhaldsefna fyrir parket í heimi,“ segir Gunnar Þór.

### Metum gólfið fyrir fólk

Í samvinnu við Iðjuna fræðslusetur og Félag íslenskra parketmanna hefur Gólfefnaval boðið upp á fjölda námskeiða fyrir fagmenn. „Við förum í fyrirtæki og heimahús og metum ástand parkets og leggjum síðan til hvað hægt er að gera og hvað sé hagkvæmast að nota á parketið,“ segir Gunnar Þór.



Gólfefnaval flytur inn viðhaldsvörur fyrir allar gerðir af parketi frá Bona í Svíþjóð. Bona er einn stærsti framleiðandi umhverfisvænna viðhaldsefna fyrir parket í heimi. MYND/GVA

Hann segir þau parket sem seld hafa verið hér á landi undanfarin 20 ár í 90% tilfella vera slípanleg tvisvar til þrisvar sinnum. „Því er upplagt að skoða það hvort ekki sé hægt að slípa upp gamla parketið og gera það sem nýtt. Það er mun ódýrara að endurslípa parketið heldur en kaupa nýtt,“ segir Gunnar Þór.

Gólfefnaval er fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt frá árinu 1998 og segir Gunnar að vörur frá Bona séu sífellt að verða stærri þáttur í verslun fyrirtækisins. Vörurnar fást auk þess í Hagkaupum Garðabæ, Skeifunni, Kringlunni og í Smáralind, Eini parketþjónustu á Akureyri og í Shell-skálanum í Hveragerði.



# Hreingerningarvenjur

Stundum virðist ógerningur að halda heimilinu hreinu – eða hreinlega í boðlegu ástandi – í meira en nokkrar klukkustundir. Hér eru fáein ráð til að hafa í huga til að byrja með. Þessar reglur þekkjum við öll en gleymum samt:

1. Gangið frá strax. Þetta á bæði við um matseld, matartímann og vinnu. Við matseld má hæglega nýta tímann í að ganga frá meðan beðið er eftir að maturinn verði tilbúinn. Svo gengur hver fjölskyldumeðlimur frá eftir sig. Best er að hafa reglu á uppvaski ef uppþvottavél er ekki til staðar. Og varðandi vinnu þá er betra að ganga frá heldur en skilja allt eftir á hvolfi því það er ekki freistandi að hverfa aftur til vinnu í svoleiðis hrúgu.
2. Hafið reglu á endurvinnsluferðum og rusli. Út með ruslið á hverjum degi, annað er sóðalegt. Og flestir gefast upp á að safna dagblöðum og mjólkurfernum ef enginn nennir að fara með þær í endurvinnsluna. Gott er að skipuleggja einn dag í mánuði til að fara í Sorpu.
3. Tínið upp hluti í leiðinni. Á leiðinni upp stigann er auðvelt að hunsa kaffibollann sem bíður eftir að fara upp í eldhús eða klofa yfir stígvélin sem liggja á miðju gólfinu. Venjið ykkur á að tína þessa hluti upp í leiðinni.
4. Hjálpist að. Hafið reglu á tiltekt heimilisins og kannski jafnvel sektir fyrir þá sem ekki standa sig.



## STÓRUM POLLI AF MÁLNINGU NÁÐ AF TEPPI

**Ef mikið** af málningu hellist niður á teppi getur það reynst þrautin þyngri að ná henni úr. Hér er þó ágætis ráð til þess. Skerið út tvo hluta úr pappakassa. Notið endana á pappanum til að ná málningunni saman í poll. Notið svo pappahlutana eins og skeið og lyftið málningunni aftur ofan í málningarfötuna. Þegar mestu af vökvanum hefur verið hellt aftur í fötuna þarf að ná í tvær aðrar fötur. Aðra með hreinu vatni og hina tóma. Hellið hreina vatninu á blettinn sem er eftir á teppinu, skafið svo upp með skeið og setjið í tómu fötuna. Vinnið hratt og ákveðið. Svo þarf að fá teppahreinsivél til að ná öllum málningarleifum úr, passið að halda málningarblettinum blautum á meðan beðið er eftir vélinni.

## KÓK Á ERFIÐA BLETTI



- Kók, sem kom fyrst á markað árið 1886, er einhver útbreiddasti drykkur heims. Þó að flestir líti á það sem svaladrykk er einnig hægt að nota það til að losna við erfiða bletti og óhreinindi. Ekki er mælt með því að það komi í staðinn fyrir önnur hreinsiefni en það getur verið ódýr lausn þegar þau eru ekki við höndina.
- Kók er til að mynda ágætt að nota til að losna við ryð. Hellið kóki í skál og látið ryðgaða hlutinn liggja í henni yfir nótt. Að morgni hefur sýran í kókinu brotið ryðið niður og ætti að vera auðvelt að skrúbba það af. Eins er hægt að væta grófa tusku með kóki og nudda krómaða hluti sem eiga það til að safna ryðblettum.
- Kók er sömuleiðis ágætis gluggahreinsir. Það virkar til að mynda vel á bílrúður sem eiga það til að safna miklum óhreinindum. Skvettið kóki á rúðuna og nuddið. Þurrkið af með votri tusku til að ná sykurskáninni burt.
- Þá er hægt að nota kók til að losna við svarta brunabletti sem sitja fastir í botni eldhúspotta. Hellið kóki í pottinn svo það þeki brunann. Setjið pottinn á hellu við lágan hita og látið standa í klukkutíma eða svo. Þvoið pottinn svo eins og venjulega.
- Fitublettir í fötum eru oft erfiðir viðureignar. Ef blettahreinsir er ekki við hendina má prófa að hella kóki yfir þvottinn og þvo hann svo eins og venjulega með góðu þvottaefni. Þetta ráð virkar sömuleiðis ágætlega á blóðbletti og til að eyða lykt.





Heimild: listverse.com







# STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS

Fasteignir.is er stærsti og ítarlegasti húsnæðisvefur á Íslandi, með yfir 12.000 eignir á skrá.

- Eini vefurinn með allar sölueignir á skrá
- Lifandi og uppfærður leiguvefur
- Fjölbreyttar upplýsingar í boði fyrir kaupendur, seljendur og leigjendur
- Opin hús, myndasýningar og þjónustusíður fyrir húseigendur

Þú færð góð ráð um fasteignaviðskipti og aðstoð við leigu á íbúð.
Þú finnur draumaeignina þína á fasteignir.is.

Félag Fasteignasala
vísir

# Gríðarleg tækifæri fram undan

**Mannvit velti 8,7 milljörðum króna í fyrra. Fyrirtækið breytti algjörlegu áherslum sínum eftir bankahrun og sérhæfir sig nú í orku og iðnaði. Mannvit er búið að stofna félag í Noregi og horfir í auknum mæli til námu- og olíuvinnslu í Grænlandi eftir framtíðarverkefnum.**

VIÐTAL
Þórður Snær Júlíusson
thordur@frettabladid.is

Verkfræði- og ráðgjafarfyrirtækið Mannvit átti mjög gott rekstrarár á síðasta ári. Velta fyrirtækisins var 8,7 milljarðar króna og hagnaður þess fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta 1,1 milljarður króna. Hagnaður þess var 751 milljón króna.

Eyjólfur Árni Rafnsson, forstjóri Mannvits, segir árið 2011 hafa verið það besta, rekstrarlega séð, frá upphafi. „Þótt við horfum alla leið aftur til upphafs þeirra þriggja fyrirtækja sem síðar urðu Mannvit (VGK, Hönnun og Rafhönnun), en það er á árinu 1963, þá er þetta samt besta árið. Því fylgir auðvitað heppni, en við fórum í gegnum mjög mikla naflaskoðun haustið 2008.

Svo settum við niður fæturna og horfðum fram á veginn strax í upphafi árs 2009. Við breyttum áherslum okkar. Á árunum 2006 til 2008 vorum við mjög umsvifamikil í þjónustu við byggingageirann, sveitarfélög og ríkið. Þessi þjónusta var um 60 prósent af okkar umfangi. Hún var eiginlega orðin óeðlilega stór hluti. Þetta hefur breyst hjá okkur núna. Þessi þjónusta, sem við flokkum sem mannvirkjagerð, er nú undir 20 prósentum af því sem við gerum. Um 60 prósent er nú þjónusta við iðnað og um 20 prósent eru orkutengd verkefni."

### VILJA SÉRHÆFA SIG Í ORKU OG IÐNAÐI

Að sögn Eyjólfs Árna var tekin ákvörðun um það innan Mannvits fyrir margt löngu að ætla að sérhæfa sig í að þjónusta orku- og iðnaðargeirann. „Á árunum 2007 og 2008 þá töldum við okkur sjá það í spilunum að verkefnin sem við vorum að vinna að gætu ekki haldist í svona miklu magni áfram og fórum að undirbúa okkur fyrir að þetta myndi breytast. Það hefur skilað sér.

Grunnreksturinn hjá okkur var mjög góður en við áætluðum strax haustið 2008 að það gæti orðið um 35 prósenta samdráttur hjá okkur. Við fórum í ráðstafanir til að mæta því. Samdrátturinn varð minni, 25 til 27 prósent, en vegna þess að við mættum honum strax skiluðum við hagnaði upp frá því."

Hann bendir þó á að Mannvit er þjónustufyrirtæki sem sveiflast mjög með fjárfestingum. Þær þurfa að vera fyrir hendi til að svona fyrirtæki þrífist, en fjárfesting er mjög lítil á Íslandi í dag. „Til samanburðar má benda á að Norðmenn eru að fjárfesta á þessu ári 186 milljarða norskra króna bara í olíu og gasi. Það samsvarar því að við værum að fjárfesta 250 til 260 milljarða íslenskra króna bara í einni atvinnugrein hér á Íslandi, þegar búið er að leiðrétta fyrir krónunni og mannfjöldanum. Það er svona tvöfalt meira en heildarfjárfesting í ár nemur á landinu öllu."

### Í ALÞJÓÐLEGRI SAMKEPPNI

Á meðal þess sem Mannvit hefur gert til að auka möguleika sína til að bjóða upp á fjölbreyttari þjónustu var að stofna HRV Engineering árið 1996, en það er dótturfélag sem Mannvit á með Verkís og sérhæfir sig í þjónustu við áliðnaðinn. Eyjólfur Árni segir þetta hafa verið mikið gæfuspor. „Fyrir um 15 árum þegar verið var að byggja upp álverið á Grundartanga þá snerum við okkur að því að þjónusta þann geira mun meira en við höfðum verið að gera. Þá voru stofnarnar þrjár, sem síðar runnu saman í Mannvit, með um tíu til tuttugu manns að þjónusta áliðnaðinn í heild. Í dag eru um 230 manns að vinna við þetta. Það góða við að það séu svona mörg álver á Íslandi er að þá er hægt að byggja upp víðtæka þjónustu við þau. Hana er síðan hægt að flytja út. HRV er því í alþjóðlegri samkeppni vegna þeirrar þekkingar sem við höfum byggt þar upp."

### STOFNUÐU FÉLAG Í MOLDE

Á þessum grunni ákvað Mannvit, í gegnum HRV, að einbeita sér í auknum mæli að olíutengdum verkefnum líka. Búið er að stofna félag í Molde í Noregi með norskum samstarfsaðilum og eru sérfræðingar frá Mannviti fluttir þangað frá Íslandi til að vinna að uppbyggingu þess. Eyjólfur Árni segir stefnuna þó vera að byrja smátt, sem sé þó afstæð afstaða. „Það sem Norðmenn segja að sé smátt í olíuiðnaðinum er risastórt fyrir okkur. Bara í Molde vantar til að mynda um tvö þúsund manns til starfa í honum á þessu ári. Heildarfjöldi þeirra sem starfa í okkar geira á Íslandi á frjálsum markaði er um 1.400 manns. Stærðirnar eru því miklar.

Ásamt því að komast inn í olíu- og gasiðnaðinn er ætlun okkar að þjónusta áliðnaðinn í Noregi í gegnum annað félag sem er stofnað sérstaklega. Mannvit er líka að vinna beint þarna í orkugeiranum við smærri virkjanir. Við eigum góða möguleika í orkugeiranum þar líka, enda er olíu- og gasgeirinn að soga til sín allt fólk þarna."

### MIKIL TÆKIFÆRI Á GRÆNLANDI

Á ráðstefnu sem Arion banki hélt nýverið um olíu á Drekasvæðinu kom fram að árinu 2025 megi búast við olíuvinnslu á þremur svæðum norðan Íslands: við austurströnd Grænlands, á Drekasvæðinu og við Jan Mayen. Viðbúið er að íslensk fyrirtæki muni veita þjónustu fyrir öll svæðin.

Eyjólfur Árni bendir á að Íslendingar þurfi líka að undirbúa sig fyrir að þjónusta námuiðnað í Grænlandi. Þar er búið að úthluta um 140 námu- og rannsóknarvinnsluleyfum auk þess sem álframleiðandinn Alcoa hefur uppi áform um að reisa þar álver. Þetta kemur allt til viðbótar við væntanlega olíuvinnslu við austurströnd landsins. Eyjólfur Árni segi innviði í Grænlandi vera of veika til að heimamenn geti þjónustað þessar miklu framkvæmdir. Nærtækast sé fyrir þá að líta til Íslands í leit að þeirri þjónustu. „Grænlendingarnir vilja fá Íslendinga í þessa þjónustu. Þeir segja það. Höfuðborgarsvæðið yrði alltaf kjarninn í því enda höfum við alla þá þjónustu sem til þarf þar. En þjónusta fyrir Grænland myndi líka skapa tækifæri nær þéttbýliskjörnum á vestur og norðvesturhluta landsins.

Ef það reynist olía í vinnanlegu magni, hvort sem er á Austur-Grænlandi eða á Drekasvæðinu/Jan Mayen, þá eru bara tvö lönd sem koma til greina til að þjónusta þá vinnslu, Ísland eða Norður-Noregur. Þeir staðir sem koma raunverulega til greina í þessa þjónustu, að okkar mati, eru Akureyri, Húsavík og Egilsstaðir/Reyðarfjörður. Ástæðan er sú að þar er nægjanlegur fjöldi af fólki og nauðsynlegir innviðir til staðar. Þar eru til dæmis sjúkrahús og aðrar grunnstoðir. En allir Íslendingar munu njóta góðs af þegar upp er staðið."

### ÞURFUM Á HJÁLP AÐ HALDA

Spurður hvort Ísland, þessi fámenna þjóð, muni ráða við svona mörg stór verkefni á jafn skömmum tíma segir Eyjólfur Árni það miklu frekar vera spurninguna en hvort við munum fá þau. „Ég held að við þurfum að taka okkur saman sem heild og undirbúa okkur til að ráða við þetta. En við þurfum aðstoð og hana eigum við að sækja til Norðmanna. Þeir gerðu allt mjög vel þegar þeir fundu sína olíu. Þá settu þeir í gang langtímaáætlun bæði hvað varðar eignarhald og í að byggja upp nauðsynlega þekkingu í olíu- og gasiðnaði í gegnum sitt skólakerfi. Í dag eru Norðmenn á meðal þeirra fremstu í heiminum í því."

Að mati Eyjólfs Árna þurfa stjórnvöld að móta heildræna framtíðarsýn um þessi mál. Hann telur það líka mjög hollt að þau leiti til Norðmanna eftir viðeigandi hjálp til að takast á við þau. „Ég held að það sé mjög mikilvægt að gera það á stjórnvaldsstigi. Þeir eiga Drekasvæðið á móti okkur og báðar þjóðir munu njóta góðs af."




FORSTJÓRINN „Norðmenn eru að fjárfesta á þessu ári 186 milljarða norskra króna bara í olíu og gasi. Það samsvarar því að við værum að fjárfesta 250 til 260 milljarða íslenskra króna bara í einni atvinnugrein hérna á Íslandi, þegar búið er að leiðrétta fyrir krónunni og mannfjöldanum," segir Eyjólfur Árni Rafnsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## MENNTUM OF LÍTIÐ AF TÆKNIFÓLKI

Eyjólfur Árni hefur miklar áhyggjur af því að íslenska menntakerfið mennti allt of lítið af tæknifólki í samanburði við þau lönd sem við berum okkur saman við. Það geti staðið þróun íslenska hagkerfisins fyrir þrifum. „Það er heilmikil samkeppni um fólk á okkar markaði. Samtök atvinnulífsins unnu í vetur skýrslu þar sem kom í ljós að færra fólk á aldrinum 25 til 34 ára hérlendis, borið saman við OECD-löndin, er með háskólapróf. Á Íslandi eru það 37 prósent á þessu aldursbili. Á sama tíma eru 47 prósent Norðmanna á sama aldursbili með háskólapróf. Eina þjóðin af þeim sem við berum okkur saman við sem er fyrir neðan okkur eru Þjóðverjar. Það kunna að vera skýringar á því, til dæmis í tengslum við sameiningu austurs og vesturs. Það er því ótrúlega lágt hlutfall með háskólamenntun á þessu aldursbili á Íslandi. Við þurfum því að efla hana.

Svo þegar maður skoðar hlutfall þeirra sem fara í tækni- og raungreinar þá erum við líka með því lægsta sem að sést hjá þessum þjóðum. Við höfum með auglýsingum og hvatningu verið að ýta á fólk að fara í svona nám. Það vantar fólk á þennan markað."

## HUGMYNDIN AÐ GEYSI GREEN VAR RÉTT, EN FRAMKVÆMDIN HEFÐI MÁTT VERA BETRI

Félag í eigu Mannvits, VGK Invest, var á meðal þeirra sem stóðu að stofnun hins umdeilda Geysis Green Energy (GGE) í upphafi árs 2007. Félagið sérhæfði sig í starfsemi tengdri virkjun á jarðhitaorku. Í október 2007 var reynt að sameina GGE og Reykjavik Energy Invest (REI). Grunnhugmyndin að baki hins sameinaða félags var að nýta þá sérþekkingu sem byggst hafði upp innan Orkuveitu Reykjavíkur á sviði jarðvarmanýtingar erlendis. Sameiningin, og útrásaráformin, urðu hins vegar að engu líkt og frægt er orðið.

Eyjólfur Árni segir Mannvit ekki sjá eftir því að hafa lagt af stað í þetta ævintýri. „Auðvitað hefðum við viljað að þetta gengi upp. Og við sjáum eftir því að Geysir Green gerði það ekki. En þetta var hárrétt skref sem var tekið og hugsunin var rétt. Að fara inn í orkufyrirtæki þar sem bakgrunnsþekking og rekstrarreynsla var til staðar og sigla síðan með það út fyrir landssteinana til að taka þátt í uppbyggingu orkuiðnaðarins utan Íslands. Við áttum að fara út í þetta.

Hefðum við borið gæfu til þess að REI eða Geysir Green hefðu klárast á einhvern skynsamlegan máta, sem þessi verkefni gerðu því miður ekki, þá hefði orðið til mjög öflugt fyrirtæki. Það var ekki verið að selja neinar auðlindir úr landi, heldur átti að nýta þekkingu og reynslu. Hugmyndin var góð, en framkvæmdin hefði mátt vera önnur."

Hann er líka mjög harður á því hvernig eigi að fara með þær orkuauðlindir, og í raun allar aðrar náttúruauðlindir, sem Íslendingar eiga nú þegar. Þær á að nýta sem fyrst. „Við hjá Mannviti erum alveg grjóthörð á því að við viljum sjá auðlindir okkar nýttar. Jafnvel þótt það fáist ekki allra hæsta verð fyrir þær núna, þá eigum við að nýta þær og nota arðinn til að byggja upp öflugt og vel menntað samfélag. Þá verður í framhaldinu hægt að fara að tala um nýsköpun og þróun á Íslandi. Það er heldur ekkert víst að það verði kaupandi að þessum verðmætum sem við eigum í dag, hvort sem þau eru í orkunni eða öðru, eftir 20, 30 eða 50 ár. Ef þau eru til staðar í dag, þá eigum við að selja í dag. Við eigum ekki að selja eignarhaldið á auðlindunum, heldur afurðina. Það er okkar skoðun."

Að mati Eyjólfs Árna er því nauðsynlegt að ljúka rammaáætlun um nýtingu orkuauðlinda. Hann er þó óánægður með hvaða stefnu sú vinna hefur tekið með því að færri kostir hafa ratað í nýtingarflokk. „Við viljum sjá þessari vinnu lokið á þann faglega hátt sem lagt var af stað með og ná sátt. Það gengur ekki að leikreglunum sé breytt í hálfleik og að pólitíkin taki við. Það er mjög erfitt að mótmæla því að það gerðist.

En mér finnst umræða um þessi mál oft og tíðum í furðulegum skotgrafarhernaði. Það læðist að manni sá grunur að einhverjir sem koma að málinu hafi hreinlega ekki viljað sátt. Að það sé hópur sem telur það hreinlega gott að hafa þessi mál áfram í átakafarvegi til að geta rifist um þau."

# Í pínulítilli útrás með Rollersigns

**Margmiðlun ehf. er komið í útrás með Rollersigns skilti sem breyta beltastoðum í auglýsingamiðil. Er með dreifingarrétt á Norðurlöndunum og í baltneskju ríkjunum. Mörg íslensk fyrirtæki hafa sett búnaðinn upp hjá sér. Breytir afmörkun svæða í auglýsingu.**

**AUGLÝSINGAR**
**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is

Íslenskt fyrirtæki, Margmiðlun ehf., hefur fengið dreifingarrétt fyrir svokölluð rúlluskilti á Norðurlöndunum, baltneskju ríkjunum þremur auk Íslands. Markaðsstjóri fyrirtækisins segir það vera í pínulítilli útrás.

Rúlluskiltin, eða Rollersigns á ensku, er samsett vara. Um er að ræða hólk sem passar ofan á nánast allar hefðbundnar beltastoðir sem notaðar eru til að stýra umferð og afmarka svæði og eru til dæmis mjög mikið notaðar í brottfararsölum flugvalla. Fyrir þremur árum fékk Bretinn Robert Lewis þá hugmynd að það væru vannýtt tækifæri til að koma á framfæri skilaboðum eða auglýsingum á slíkum beltastoðum. Hann framleiddi því hólk með ákveðnum festingum, kom auglýsingaborða fyrir innan í honum og festi á stoðirnar. Borðinn var síðan dreginn niður eins og rúllugardína.

Jón H. Karlsson, sölustjóri Margmiðlunar, segir forsögu þess að fyrirtækið hóf viðskiptasamband við Lewis vera þá að Karl Heimir Karlsson, sem er eigandi Margmiðlunar ásamt Lárusi Guðmundssyni, sá hann í breskum þætti sem heitir „Dragon's Den“. „Í þáttinn koma menn og kynna viðskiptahugmyndir sínar fyrir margmilljónerum og reyndum viðskiptamönnum sem sitja þar í panel og reyna að tala fyrir sinni hugmynd. Robert Lewis kynnti þar sína hugmynd og fékk ágætis viðtökur. Eftir þáttinn gat hann farið af stað með fyrirtæki til að markaðssetja hugmyndina á heimsvísu. Við hjá Margmiðlun settum okkar í samband við hann og fengum dreifingarréttinn fyrir Ísland.“



**ROLLERSIGNS** Skiltin eru þegar komin upp á ýmsum stöðum hérlendis. Á meðal þeirra aðila sem nýta þau til auglýsinga er Smárabíó í Smáralindinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Að sögn Jóns hefur varan fengið hreint ágætar viðtökur. „Það eru til dæmis komnar upp auglýsingar í Smárabíói. Flugfélag Íslands er búið að kaupa hólka frá okkur til að hafa á ellefu af áfangastöðum sínum. Kaffitár er búið að koma sér upp afmörkun kaffiteríunnar í fríhöfninni í Keflavík. Munnharpan fékk afhent skilti í síðustu viku. Við verðum með skilti sem aðalstuðningsaðili golfklúbbs Reykjavíkur ætlar að setja upp á planinu hjá klúbbnum til að bjóða félagsmenn velkomna. Við höfum því fengið hreint ágætar viðtökur.“

> Við höfum þegar afgreitt fyrstu pöntun til Svíþjóðar, erum komnir í gang í Danmörku og Noregi og komnir í ákveðin tengsl í Finnlandi.

Síðar bað Lewis Margmiðlun um að hjálpa sér með ákveðin landssvæði vegna þess að hann annaði ekki eftirspurn. Í kjölfarið fékk fyrirtækið dreifingarrétt fyrir Norðurlönd og baltnesku ríkin Eistland, Lettland og Litháen. Þegar hefur verið gengið frá samningum við sænska fyrirtækið Vällingby Dekal Konsept um að gerast endursöluaðili fyrir Rollersigns í Svíþjóð. Jón segir fyrirtækið nú vinna að því að finna endurseljendur í öðrum löndum. „Við höfum þegar afgreitt fyrstu pöntun til Svíþjóðar, erum komnir í gang í Danmörku og Noregi og komnir í ákveðin tengsl í Finnlandi. Við eigum enn eftir að ná góðum tengslum í baltnesku ríkjunum. En þetta er eins og fíll. Þú étur hann ekki í heilu lagi. Það má segja að við séum komnir í pínulitla útrás.“




## PMD STJÓRNENDANÁM HR

PMD Stjórnendanám HR (Program for Management Development) er kjörið fyrir stjórnendur sem vilja bæta menntun sína og hæfni samhliða vinnu án þess að skuldbinda sig til langtímanáms.

Námið er hannað að alþjóðlegri fyrirmynd og lagað að íslenskum aðstæðum. Sérfræðingar og samstarfsaðilar Háskólans í Reykjavík sjá um kennsluna sem er byggð að miklu leyti á hagnýtum verkefnum tengdum atvinnulífinu.

NÁMSLOTUR:
- Forysta til framfara
- Stefnumótun og stjórnun breytinga
- Stefnumiðuð mannauðsstjórnun
- Rekstur og verðmætasköpun
- Árangur á markaði
- Samningar og verkefnastjórn

OPNI HÁSKÓLINN
Í HÁSKÓLANUM Í REYKJAVÍK

Skráðu þig núna á
www.opnihaskolinn.is

# 1877 2012















Þann 16. júní 1877 var prentað fyrsta eintakið af blaðinu Ísafold og markar það upphaf Ísafoldarprentsmiðju. Í ár fögnum við 135 ára afmæli og erum stolt af því að vera elsta starfandi prentsmiðja landsins og eitt elsta starfandi fyrirtæki á Íslandi. Ísafoldarprentsmiðja býður heildarlausnir í prentþjónustu, er leiðandi í hagkvæmum lausnum, hefur vaxið og styrkst í kreppunni og stendur sterkari en nokkru sinni fyrr.



# Við höfum prentað í 135 ár

**Gildin okkar eru: ÁREIÐANLEIKI - METNAÐUR - HAGKVÆMNI**

ÍSAFOLDAR PRENTSMIÐJA

UMHVERFISMERKI 141 825 Prentgripur

Suðurhraun 1
Garðabæ
Sími: 595 0300
**www.isafold.is**

BANKAHÓLFIÐ



Þórður Snær Júlíusson

# Endurteknar staðfestingar

Í febrúar 2009 kynnti Framsóknarflokkurinn sitt helsta tromp í kosningum sem fram undan voru, tilboð um tuttugu prósenta almenna niðurfellingu skulda. Síðan þá hefur þessi krafa verið sett ítrekað fram og háværir þrýstihópar knúið á um að þessi leið verði farin. Fleiri og fleiri stjórnmálamenn úr öllum flokkum hafa tekið undir þessa kröfu.

Á árinu 2012 einu saman hafa komið út þrjár skýrslur sem fara yfir málið. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands vann þá fyrstu að beiðni ríkisstjórnarinnar í kjölfar þess að formaður Hagsmunasamtaka heimilanna afhenti forsætisráðherra undirskriftarlista þeirra sem vildu „almennar og réttlátar leiðréttingar á stökkbreyttum lánum heimilanna“. Niðurstaðan var nokkuð skýr. Nýju bankarnir hafa fullnýtt þann afslátt sem þeir fengu á húsnæðislánasöfnum, kostnaður við að færa lán niður um 18,7 prósent yrði rúmlega 200 milljarðar króna og hann myndi lenda nánast alfarið á skattgreiðendum, óháð því hvort þeir myndu fá niðurfellingu eða ekki.

Í byrjun apríl kynnti Seðlabankinn lokaniðurstöðu sína á greiningu á stöðu íslenskra heimila. Hún byggir á gagnagrunni sem bankinn aflaði á árinu 2009 og samanstendur af ítarlegum upplýsingum um hvert stakt lán, tekjur, fjölskyldugerð, búsetu og aldur. Hún nær til nærri því hvers einasta heimilis á landinu. Niðurstaðan var sú að tuttugu prósenta almenn skuldaniðurfærsla á verðtryggðum lánum myndi kosta 261 milljarð króna. Um 57 prósent afskriftanna, tæplega 150 milljarðar króna, myndu falla í skaut tekjuháum heimilum. Það eru heimili sem hafa meira en 200 þúsund krónur á milli handanna á mánuði eftir að greitt hefur verið af lánum og lágmarksframfærslu. Einungis fjórðungur afskriftanna myndu skila sér til þeirra sem eru í greiðsluvanda.

Enn ein skýrslan var lögð fram á Alþingi í byrjun júní. Hún var afrakstur vinnu þriggja sérfræðinga sem unnin var fyrir þingið. Í henni kom fram að heildarkostnaður við 20 prósenta niðurfærslu yrði 248 milljarðar króna. Þar af yrði beinn kostnaður ríkis og sveitarfélaga 172 milljarðar. Afgangurinn myndi skiptast á milli innlánsstofnana, sem eru að hluta til í eigu ríkisins, og lífeyrissjóða, sem eru í eigu okkar allra.

En öllum skýrslunum er vísað út í hafsauga af áhugamönnum um afskriftir. Þar sem þær sýna allar sömu niðurstöðu þá eru skýrslurnar sagðar illa skrifaðir leikþættir ríkisstjórnarinnar sem notaðir að forgangsraða í þágu heimilanna. Það má gagnrýna sitjandi ríkisstjórn fyrir margt, og sumt ansi kostnaðarsamt, en það er út í hött að gagnrýna hana fyrir að gefa ekki hluta af þjóðinni tæplega fjórtán prósent af vergri landsframleiðslu vegna þess að háværminnihlutahópur heimtar það.

FRÁ 1. NÓVEMBER 2012 TAKA FYRIRTÆKI VIÐ GREIÐSLUKORTUM MEÐ ÖRGJÖRVA-POSA SEM SNÝR AÐ VIÐSKIPTAVINUM

Um heim allan innleiða alþjóðlegu kortafyrirtækin kröfur um öryggi í kortaviðskiptum til að sporna við fjársvikum skipulagðra glæpasamtaka. Nú er komið að íslenskum fyrirtækjum að uppfylla þessar kröfur. Fyrirtæki sem tekur við greiðslu með því að lesa segulrönd örgjörvakorts tekur á sig alla ábyrgð ef færslan reynist sviksamleg.





FYRIRTÆKI MEÐ AFGREIÐSLUKERFI OG SJÁLFSTÆÐA POSA

Þjónustuaðilar eiga tilbúnar lausnir, svo sem tengingar á milli afgreiðslukassa og örgjörvaposa, tvo samtengda posa eða einn posa sem má snúa í báðar áttir.

Á VEFNUM WWW.PINNID.IS ERU UPPLÝSINGAR UM AÐSTOÐ VIÐ FYRIRTÆKI VEGNA ÞESSARA BREYTINGA.

***_ PINNIÐ Á MINNIÐ

**Með verkefninu Pinnið á minnið er notkun greiðslukorta með örgjörva innleidd á Íslandi.** Greiðsluveitan ehf., dótturfyrirtæki Seðlabanka Íslands, sér um framkvæmd verkefnisins ásamt færsluhirðunum Borgun, Valitor og Teller (samstarfsaðila Kortaþjónustunnar). Verkefnið Pinnið á minnið er unnið með heimild Samkeppniseftirlitsins samanber ákvörðun 18/2010.

SHARP



SHARP SJÓÐVÉL XE-A207B

99 vöruflokkar
Allt að 2000 PLU númer
Rafrænn innri strimill 9000 línur
Stór LCD skjár
SD kortarauf
– hægt að flytja gögn yfir á PC
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill

Kr. 69.900,-



SHARP SJÓÐVÉL XE-A113B

32 vöruflokkar
Allt að 200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 54.900,-

SHARP SJÓÐVÉL XE-A213



Allt að 99 vöruflokkar
Allt að 1200 PLU númer
Sjálfvirk dagsetning og tími
Hitaprentun
Íslenskur strimill
Rafrænn innri strimill
Mjög auðveld í forritun

Kr. 79.900,-

ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

SHARP EÐALVÉL









**2990**

**TJALD**
**EASY CAMP**
2ja manna
~~Verð áður: kr 3999~~




**6990**

**TJALD**
3ja manna
~~Verð áður: kr 8999~~



frá **1990**

**KÆLIBOX**
24 ltr. ~~Verð áður: kr 2990.~~ **NÚ: KR 1990**
35 ltr. ~~Verð áður: kr 3990.~~ **NÚ: KR 2590**
Kælihylki, 2x500 g, kr 399
Kælihylki, 2x850 g, kr 599



**1890**

**VINDSÆNG**
183 x 51 x 2,5 cm
~~Verð áður: kr 2290~~

**2490**

**SVEFNPOKI**
Sumarpoki, +10°C. ~~Verð áður: kr 2990~~



**2590**

**ÚTILEGUSTÓLL**
1,5 cm bólstur
~~Verð áður: kr 2990~~



**4990**

**ÚTILEGUBORÐ**
80 x 60 cm
~~Verð áður: kr 5990~~



**4990**

**BORÐGRILL**
~~Verð áður: kr 6990~~



**1990**

**FÖTUGRILL**
Með kolum og klárt til notkunar
~~Verð áður: kr 2899~~



frá **3599**

**FÓTBOLTAMARK**
**MEÐ STÁLRAMMA**
90x60x40 cm, kr 3599
213x152x75 cm, með tösku, kr 9990

FATNAÐUR • ÞVOTTA- OG HREINLÆTISEFNI • VERKFÆRI • HEIMILISVARA • SNYRTIVARA • PRJÓNAGARN • FRÍSTUNDAVARA • MATVARA

**ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALL**



**299**
**SERVÍETTUR**
75 í pk



**499**
**PAPPADISKAR**
50 stk



**299**
**PLASTGLÖS**
50 stk



**799**
**KAFFIMÁL**
50 í pk

**ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALLA! ÓDÝRT FYRIR ALL**



KETER

**39.990**
**GARÐSKÚR**
130x193x198 cm



**499**
**REIÐHJÓLAPUMPA**
Ál
~~Verð áður: kr 1299~~



**-30%**
**af öllum málningaverkfærum**



**3590**
**REIÐHJÓLAGRIND**
Fyrir þrenn hjól, lakkað stál
~~Verð áður: kr 5799~~



**2 kg**
**499**
**GRILLKOL**



**7990**
**BARNABÍLSTÓLL**
15-36 kg
Stillanlegur hnakkapúði
og bak
~~Verð áður: kr 10.990~~



**6590**
**ÍSLENSKI FÁNINN**
53x83 cm
Fánastöng: 130 cm
Hægt að festa á vegg



**3990**
**KÚLUGRILL**
43 cm



**5 ltr**
**3990**
**VIÐAROLÍA**
Glær

## *Verslanir*

- *Korputorgi - S: 533 3353*
- *Fiskislóð 3 (Granda) - S: 511 3322*
- *Dalvegi 10-14, Kópavogi- S: 544 2333*
- *Austurvegi 69, Selfossi - S: 483 3366*

*Birt með fyrirvara um texta - og myndabrengl. Vörur geta verið uppseldar.*

## *SENDUM UM ALLT LAND!*

*Pöntunarsími* **511 3322**

*Visa / MasterCard*

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Italiano Pizzeria

Italiano er að leita að duglegum, snyrtilegum starfsmanni í hlutastarf og fullt starf. Góð íslenskukunnátta og mikil hæfni í mannlegum samskiptum áskilin. Sæktu um á staðnum eða sendu okkur mail á italiano@italiano.is

**Pípara vantar í Osló**

Pípara vantar til tímabundinna starfa í Osló nú í sumar. Þurfa að geta hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar í síma 863 2575

**Pípulagningamenn**

Óska eftir pípulagningameistara eða svein til starfa í Stavanger Uppl. í s: +47 908 41 752 eða stefan@jonsson-partnere.no

Guesthouse requesting employee in 100% work to conduct housekeeping. The applicant must be well organized and efficient. Driving license is desirable. Please send your application rs29@simnet.is

**Vegamálun ehf.**

óskar eftir að ráða duglegan starfskraft. Meirapróf skilyrði! Umsóknir sendist á vegamalun@vegamalun.is Nánari upplýsingar veitir Skúli í síma 6150857

## Atvinna óskast

Byggingartæknifræðingur útskrift 1977, frá Danm. Óskar eftir hálfu starfi. S. 777 5066, gudjonr2@internet.is

Karlmaður óskar eftir vinnu.Uppl í síma 8489096 frá 15-18

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**

Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922

**Heitar kynlífssögur**

905-2002 • 535-9930

**Símadömur • live spjall**

908-6000 • 535-9999

# Fasteignir



Sigrún Stella Einarsdóttir
lögg. fasteignasali
GSM 824 0610

FASTEIGNA MIÐLUN
GRAFARVOGS

## Stararimi 29 - Grafarvogi

**Opið hús miðvikudaginn 4. júlí milli kl. 17:00 & 17:30**




Fallegt 172 fm einbýlishús með glæsilegri skjólgóðri lóð, á góðum stað í rótgrónu hverfi í Grafarvogi. Húsið er með góðum 30 fm bílskúr, stórri sólarverönd, sérsmíðuðum innréttingum, fjórum svefnherbergjum, stór baðherbergi með baðkari og sturtu. Eldhúsið er með fallegri kirsuberja innréttingu, flísum, gólfhita, keramik helluborði, ofni, örbylgjuofni og uppþvottavél frá Simens. Stofan er björt, með parketi á gólfi og dyr út á sólpallinn. Til greina kemur að skipta á minni eign.



**Fasteignasali verður á staðnum. Verið velkomin!**
**Nánari upplýsingar í síma 575-8585**

Sími 575 8585 FASTEIGNASALAN Í ÞÍNU HVERFI www.fmg.is

ALLT FASTEIGNIR
www.alltfasteignir.is Fasteignasala & Leigumiðlun s.565-1233



Anton Karlsson
s: 771 8601



Þorbjörn Pálsson
Löggiltur fasteignasali

Síðumúli 29 108 Reykjavík, alltfasteignir@alltfasteignir.is



**Háaleitisbraut 105 Reykjavík**

89 fm. 5 herbergja fyrstuhæðar íbúð á þessum eftirsótta stað. Laus við kaupsamning. Skipti koma til greina. **Verð kr. 21.500.000.** Nánari upplýsingar: Anton Karlsson s. 771 8601, 565 1233 anton@alltfasteignir.is



**Frostafold 26 112 Reykjavík**

Snyrtileg 86,6 fm 3ja herbergja íbúð á 2. hæð. Um er að ræða skemmtilega eign í góðu hverfi. Skipti koma til greina á stærri eign. **Verð kr 21.500.000.** Nánari upplýsingar: Anton Karlsson s. 771 8601, 565 1233 anton@alltfasteignir.is

**Frítt verðmat! • Frí kaupandaþjónusta!**
**Anton Karlsson býr yfir ára langri reynslu af sölu fasteigna.**

*Ef ég get orðið þér og þínum að liði í fasteignaviðskiptum, þá er það mér sannur heiður. Sími 771 8601*

**Allar upplýsingar veitir Anton Karlsson í síma 771 8601 - 565 1233**

vissir þú að...
börn eiga rétt á vernd gegn ofbeldi?

Barnaheill
Save the Children á Íslandi












# Boðaþing 10-12

55 +

**Sölumenn Mikluborgar sýna**

## GLÆSILEGAR ÍBÚÐIR FYRIR FÓLK Á BESTA ALDRI:

- Vandaðar íbúðir, bílageymsla og lyfta
- Útivistarperlur í næsta nágrenni
- Mikil þjónusta á svæðinu
- Traustur verktaki

FASTEIGNASALAN MIKLABORG 569 7000 Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar

- með þér alla leið -



**SVEINBJÖRN BEINTEINSSON** allsherjargoði (1924-1993) fæddist þennan dag.
*„Ófær vegur enginn reynist. Orkan vex í hverri þraut.“*



## 40 ára afmæli

Til hamingju með
40 ára afmælið pabbi,
við elskum þig

**Ingólfur Guðni Árnason**

HRÖNN HAFLIÐADÓTTIR SÖNGKONA: ER SJÖTUG Í DAG

# Fékk oft tvær afmælisveislur

„Ríkisstarfsmenn hætta sjötugir svo ég fer að hætta formlega en verð eitthvað í tímavinnu áfram við skráningu gamalla skjala,“ segir Hrönn Hafliðadóttir söngkona sem fagnar sjötugsafmæli í dag. Hún starfar sem skjalavörður í Innanríkisráðuneytinu, kveðst vera grúskari, því þyki henni gaman í vinnunni. Starfslok leggist þó vel í hana enda muni hún örugglega finna sér nóg að gera.

„Ég á stóra fjölskyldu, fullt af áhugamálum og svo er ég svo heppin að eiga karlinn minn ennþá,“ segir hún glaðlega og kynnir hann til sögunnar. „Hann heitir Ísólfur Pálmarsson og er af þessari frægu Ísólfsætt frá Stokkseyri. Hann er píanósmiður og reyndar leigubílstjóri líka, er með verkstæði heima og umboð fyrir afskaplega góð hljóðfæri. Við Ísólfur eigum tvö börn, sjö barnabörn og fjögur barnabarnabörn og teljum okkur stórrík.“

Hrönn segir dóttur sína ætla að halda veislu í tilefni dagsins og rifjar í framhaldinu upp afmæli æskunnar. „Ég fór í sveit á sumrin frá sex ára aldri, en það var haldið upp á afmælið mitt í maí um leið og yngri systur minnar og svo fékk ég líka veislu í sveitinni þannig að úr varð tvöföld viðhöfn.“

Líf Hrannar hefur hverfst mikið um tónlist. Hún byrjaði í Pólýfónkórnum 1968, lærði söng hjá Engel Lund, tók einsöngvarapróf frá Söngskólanum í Reykjavík og var eitt ár við nám í Vínarborg. Auk þess að koma fram á fjölda tónleika hefur hún sungið á annan tug hlutverka hjá Íslensku óperunni og nú er hún í tvímur kirkjukórum, Háteigskirkju og Landakots. Spurð hvort mismunur sé á því að syngja í kaþólskri kirkju og lútherskri svarar hún: „Sálmarnir eru mest þeir sömu en messusvör eru öll sungin á latínu í Landakoti. Það er aðalmunurinn. En latínan vefst ekkert fyrir mér, ég lærði hana í menntaskóla og hef sungið mikið á ítölsku sem er skylt mál.“



**HRÖNN HAFLIÐADÓTTIR SÖNGKONA** „Ég á stóra fjölskyldu, fullt af áhugamálum og svo er ég svo heppin að eiga karlinn minn enn þá,“ segir þessi hressa kona og kvíðir ekki starfslokum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Pápi spyr örugglega hvort hann eigi að taka með sér nótur og ég mun svara því játandi.

Ætt og uppruni? „Ég ólst upp í Reykjavík, móðir mín hét Jónheiður Níelsdóttir og var bóndadóttir frá Æsustöðum í Eyjafirði en faðir minn heitir Hafliði Þórir Jónsson. Hann var kaupmaður, lengi gjaldkeri í Búnaðarbankanum og hefur verið atvinnupíanóleikari síðan hann var sextán ára. Við skemmtum stundum saman feðginin. Árið 2005 vorum við boðin út til Danmerkur að spila og syngja við brúðkaup dóttur vinar okkar. Við vorum þar í tíu daga og skemmtum í brúðkaupinu, í sjötugsafmæli og á tveimur elliheimilum, svo héldum við líka eina kirkjutónleika. Þá var pabbi 87 ára að aldri.“

Þegar giskað er á að lagið verði tekið í veislunni í kvöld segir Hrönn. „Ég veit það ekki. Þetta verður nú bara spilað af fingrum fram. Pápi spyr örugglega hvort hann eigi að taka með sér nótur og ég mun svara því játandi því dóttir mín á gott hljóðfæri.“ **gun@frettabladid.is**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma.

**HULDA ANNA KRISTJÁNSDÓTTIR**

Lést á dvalarheimilinu Jaðri Ólafsvík miðvikudaginn 27. júní. Útförin fer fram í Ólafsvíkurkirkju á laugardaginn 7. júlí kl. 11:00

**Kristjana Huldudóttir** — **Pétur Bogason**
**Sigurður Kristján Höskuldsson** — **Guðmunda Wium**
**Magnús Höskuldsson** — **Sæunn Jeremíasdóttir**
**Valur Höskuldsson** — **Sigfríð Ósk Valdimarsdóttir**
**Grétar Höskuldsson** — **Olga Sædís Aðalsteinsdóttir**
**Bára Höskuldsdóttir** — **Pétur Sigurðsson**
**Erla Höskuldsdóttir** — **Sveinbjörn Benediktsson**
**Barnabörn og barnabarnabörn**

---

✝

Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug við andlát elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**KRISTÍNAR INGVARSDÓTTUR**
**Hrafnistu í Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu Reykjavík, deild F4.

**Ingvar Sveinsson**
**Ólafía Sveinsdóttir**
**Guðbjörg Sveinsdóttir**
**Björn Sveinsson**
**Kristín Sveinsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

✝



Elsku maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,

**JÓN ELÍAS LUNDBERG**

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Neskaupstað 29. júní. Útförin fer fram frá Norðfjarðarkirkju föstudaginn 6. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Hollvinasamtök Fjórðungssjúkrahússins á Neskaupstað.

**Margrét Sigurjónsdóttir**
**Jóhanna Gísladóttir** — **Rúnar Laxdal Gunnarsson**
**Anton Lundberg** — **Þórey Þorkelsdóttir**
**Ingvar Lundberg** — **Santia Sigurjónsdóttir**
**Ragnar Lundberg** — **Marina Suturina**
**barnabörn og langafabörn**
**Kristín Lundberg**

---

✝



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**MARGRÉT ÓLÖF ÞORBERGSDÓTTIR**
**síðast til heimilis að Lækjasmára 2 í Kópavogi,**

lést á Hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð í Kópavogi sunnudaginn 1. júlí. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Þorbergur Karlsson** — **Jónína A. Sanders**
**Valdimar Örn Karlsson** — **Guðrún Valdís Guðmundsdóttir**
**Hafsteinn Karlsson** — **Ebba Pálsdóttir**
**Sigríður Ingibjörg Karlsdóttir** — **Ólafur Helgason**
**Gunnar Karlsson** — **Ólöf Nordal**
**Arnþrúður Karlsdóttir** — **Ólafur Kolbeinsson**
**Eva Björk Karlsdóttir** — **Alfreð Örn Lilliendahl**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**KRISTBJÖRG HRÓLFSDÓTTIR**
**Þjórsártúni,**

lést á Hrafnistu föstudaginn 29. júní. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
**Valgerður Ölvisdóttir** — **Gunnar Snorrason**
**Lilja Ölvisdóttir** — **Emil Kristófersson**
**Kristjana Ingibjörg Ölvisdóttir** — **Jón Ármann Sigurðsson**
**Karl Ölvisson** — **Jóhanna Hilmarsdóttir**
**Guðrún Gyða Ölvisdóttir** — **Guðmundur Unnar Agnarsson**
**Hrólfur Ölvisson** — **Irma Sjöfn Óskarsdóttir**

---

✝



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**SIGURÐUR SIGURÐSSON**
**Aðalstræti 97, Patreksfirði,**

sem andaðist á Heilbrigðisstofnuninni Patreksfirði þann 23. júní, verður jarðsettur frá Patreksfjarðarkirkju laugardaginn 7. júlí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Slysavarnadeildina Unni á Patreksfirði.

**Ingveldur Ásta Hjartardóttir**
**Hjörtur Sigurðsson** — **Sigríður Ólafsdóttir**
**Anna María Sigurðardóttir** — **Björn Ágúst Jónsson**
**Ríkharð H. Sigurðsson**
**Sigurður Svanur Sigurðsson**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær sonur, faðir okkar, bróðir, tengdafaðir og afi,

**ÞORVALDUR A. ÁSTRÁÐSSON**
**Njarðargötu 27, Reykjavík,**

lést á heimili sínu þann 25. júní síðastliðinn. Útför hefur farið fram í kyrrþey. Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug.

**Kristín Á. Þorvaldsdóttir**
**Halldór Alberts Þorvaldsson** — **Sigrún Björg Ingvadóttir**
**Ástráður Freyr Þorvaldsson**
**Jón Ingi Þorvaldsson** — **Unnur Erlendsdóttir**
**Jón Yngvi Ástráðsson** — **Sjöfn Jónsdóttir**
**og barnabörn.**

---

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**HULDA SOFFÍA LONG**
**kennari,**
**Norðurbrún 1, Reykjavík,**

lést 24. júní. Jarðarförin fer fram frá Seljakirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Sigurbjörg Eyrún Þorvaldsdóttir**
**Kjartan Þór Þorvaldsson** — **Hildur Ása Sævarsdóttir**
**Sandra María Kjartansdóttir**
**Kristófer Þór Kjartansson**

---

✝



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BJARNI JÓNSSON**
**vélstjóri,**
**Árskógum 8, Reykjavík,**

andaðist laugardaginn 30. júní á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Neskirkju þriðjudaginn 10. júlí kl. 13.00.

**Fríða Helgadóttir**
**Elín Bjarnadóttir**
**Helgi Bjarnason**
**Fríða Dís Bjarnadóttir** — **Leifur Gústafsson**
**Fríða Stefánsdóttir** — **Ragnar Bjarni Stefánsson**

---

✝



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ERLA JÚLÍUSDÓTTIR**
**(BÍBÍ)**
**Kópavogsbraut 1a, Kópavogi,**

sem lést miðvikudaginn 27. júní, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju fimmtudaginn 5. júlí kl. 13.00.

**Birgir Stefánsson**
**Þorgerður Edda Birgisdóttir** — **Jón Ellert Sverrisson**
**Brynhildur Birgisdóttir** — **Einar Þór Jónatansson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Android 4.0 SPJALDTÖLVA

## 8" SPJALDTÖLVA FYRIR SUMARFRÍIÐ !

**Nextbook Premium 8SE spjaldtölvan er fullkominn ferðafélagi fyrir alla fjölskylduna í sumarfríinu. Frábær fyrir leikina, bíómyndirnar, tónlistina og rafrænu bækurnar. Myndavél og háhraða Capacitive skjár með multi-touch snertitækni. Aðgangur að þúsundum ókeypis leikja og smáforrita og stuðningur við Flash 11.**




nextbook
M805

**SÉRSTAKT**
**TILBOÐSVERÐ**

# 19.990

GILDIR MEÐAN BIRGÐIR ENDAST

**Ein sú vinsælasta fyrir börnin**
Einföld í notkun og með aðgangi að hundruðum ókeypis leikja fyrir börn á öllum aldri. Gott að geta stytt langar bílferðir með því að spila tölvuleik eða horfa á bíómyndir.

**Android 4.0 Ice Cream Sandwich**
Ein af nýjustu uppfærslum Android stýrikerfisins frá Google. Hraðvirkari og skemmtilegri valmyndir.

**Þúsundir smáforrita**
Þú getur fundið bæði ókeypis og ódýr smáforrit um allt milli himins og jarðar í markaðnum.

**Capacitive skjátækni**
Tækni sem tryggir að spjaldtölvan er næmari á snertingu og hraðvirkari. 800x600 punkta upplausn.

**Netið á ferðalagi**
Innbyggður öflugur Wi-Fi móttakari til að komast á netið heima eða á ferðinni.

**Flash 11 stuðningur**
Styður nýjustu útgáfuna af Flash og getur með því spilað allt Flash efni og myndbönd á netinu eins og því er ætlað að birtast.

**Minni stækkanlegt um 32GB**
4GB innbyggt Flash minni sem hægt er að stækka um allt að 32 GB með micro SD minniskorti.

**Allt að 7 tíma rafhlöðuending**
Langur líftími rafhlöðu. Dugar allt að 7 tíma við tónlistarspilun, 5 tíma á netinu og 4 tíma við myndbandsspilun.

**Myndavél að framan**
Taktu myndir á spjaldtölvuna og deildu með vinum á Facebook.

**Góð fyrir rafbækur**
Kemur með Nook lesforriti fyrir rafbækur en einnig er hægt að hlaða niður vinsælum rafbókaforritum m.a. frá Amazon.

tl.is

**STÆRSTA TÖLVUVERSLUN LANDSINS**




**OPIÐ**
**10-18**
**ALLA VIRKA DAGA**

**TÖLVU LISTINN**

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** samtök, **6.** strit, **8.** kæla, **9.** lúsaegg, **11.** gjaldmiðill, **12.** skarkali, **14.** hroki, **16.** skst., **17.** sönghús, **18.** hjör, **20.** tveir, **21.** hræða.

**LÓÐRÉTT**
**1.** einn milljarðasti, **3.** golf áhald, **4.** Grænlendingur, **5.** fley, **7.** aðdragandi, **10.** gegnsær, **13.** verkur, **15.** boðaföll, **16.** skordýr, **19.** í röð.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** stef, **6.** at, **8.** ísa, **9.** nít, **11.** kr, **12.** ólæti, **14.** dramb, **16.** fr, **17.** kór, **18.** löm, **20.** ii, **21.** ógna.

**LÓÐRÉTT:** **1.** nanó, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** tildrög, **10.** tær, **13.** tak, **15.** brim, **16.** fló, **19.** mn.


Fasteignasala Mosfellsbæjar

KJARNA - ÞVERHOLTI 2
• 270 MOSFELLSBÆ
• SÍMI: 586 8080
• FAX: 586 8081
WWW.FASTMOS.IS

Stórikriki 3 - 270 Mosfellsbær




Opið hús í dag miðvikudag frá kl. 17:00 til 17:30
Fallegt og vel skipulagt 219,5 fm endaraðhús á tveimur hæðum með innbyggðum bílskúr og stórri lóð. Frábært fjölskylduhús með 4 svefnherbergjum o.fl. **Eignin er laus til afhendingar strax. V. 44,9 m.**

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.
Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir. vísir


# Rammíslenskt

**BAKÞANKAR**
Svavar Hávarðsson

Landnyrðingur, agnúði, úrkomuákefð og læðiveður eru allt orð sem ég hef aldrei notað, fyrr en núna. Það breytir því samt ekki að þau eru notuð reglulega af íslenskum veðurfræðingum. Það þarf nefnilega mörg innihaldsrík orð til að lýsa veðrinu á Íslandi. „Gráleitir, kaldlegir skýjaflókar komu og hurfu á norðurlofti. Þungt og stynjandi öldusog heyrðist við skerin og hamrana, og með ógnandi dyn mól vindurinn skarann í fjallinu. Fram af brúnunum kembdi mjöllina í hvirflandi mekki…“ skrifaði Hagalín. Þetta er íslenskt; rammíslenskt.



**Á** Íslandi býr þjóð sem þetta óblíða veður og strjálbýlt land hefur mótað í aldanna rás. Í dag tökum við myndir en áður fyrr bjuggu menn ekki svo vel, auðvitað. Því var gripið til mannlýsinga. „Hvað hennar líkamans skapnað áhrærir þá var hún með meðalhæð, nett og nokkuð fattvaxin, og þess vegna framsett, með ljósleitt og hrokkið höfuðhár með hofmannsvikum. Hafði verið smáfelld og andlitsfríð þar til bólusótt ein 1736 afskræmdi hana mikið,“ skrifaði Jón Steingrímsson eldklerkur. Þetta er líka rammíslenskt.

**ÉG** hef spurt bestu vini mína að því hvað þeim finnist falla undir þennan flokk – að vera rammíslenskt. Einn, búsettur á Spáni, segir að það sé hafið og fjöllin. Ég get skrifað undir það og bætt við að mér finnst ég aldrei vera eins íslenskur og þegar ég ligg á árbakka og hlusta á hrossagauk hneggja einhvers staðar fyrir ofan mig. Veiðistöng þarf að vera nálæg, og fiskur í hylnum. Bragðið af flatbrauði með hangikjöti skemmir ekki fyrir.

**SKRIFAÐAR** hafa verið langlokur um hvað einkennir þessa þjóð. Allir hafa sína skoðun á því. Ég tíni til háfleyg dæmi, en maður sem ég þekki segir þetta miklu einfaldara: Það eina sem þjóðin á út af fyrir sig er að skammast sín fyrir að sofa, segir hann og getur trútt um talað. Hann leggur sig nefnilega aldrei. Hann fær sér blaðsíðu og segist löngu vaknaður þegar hann er ræstur. Það er sem sagt ekkert einhlýtt svar við spurningunni um hvað það er sem einkennir okkur öðru fremur.

**ÉG** held að það sé tungumálið. Hallgrímur Helgason hefur bent á að sparleg notkun málsins í gegnum aldirnar hafi skilað því hreinu til okkar. Það verði að tala mikið til að tungumál breytist eitthvað að ráði – og þar með þjóðin. Það var sem sagt rammíslenskt að nota það lítið sem einkennir okkur helst. Nú hefur þetta snúist upp í andhverfu sína. Orðavaðall er rammíslenskur.

**ÆTTUM** við kannski að kappkosta að velja orð okkar af meiri kostgæfni en undanfarið? Og halda í það besta, þó við þurfum að breyta mörgu.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**HLANDVÆTTUR** Eitt verka Guðmundar Thoroddsen sem sýnt verður á sýningunni Hlandvættir í ÞOKU.

# Karlar og hversdagsleg afrek þeirra

Guðmundur Thoroddsen opnar sýninguna Hlandvættir í ÞOKU á morgun klukkan sjö. Í sýningu hans birtast karlar og hversdagsleg afrek þeirra í gegnum aldirnar í formi útskorinna viðarlíkneskja. Skegg- og hárprýði montinna herramanna verður til sýnis og andar skeggjaðra hlandvætta þyngja eða létta andrúmsloft sýningarrýmisins, eftir því hvernig á þeim liggur.

ÞOKA er í kjallara Hríms hönnunarhúss við Laugaveg 25. Sýningin stendur yfir til 9. ágúst og eru allir velkomnir.

# Úr amerísku söngbókinni

**Tríóið After Hours Trio kemur fram í Norræna húsinu á morgun, 5. júlí, klukkan 16.30. Það er skipað Erlu Stefánsdóttur söngkonu, Sigmari Þór Matthíassyni bassaleikara og Baldri Tryggvasyni gítarleikara. Þau spila djasslög úr amerísku söngbókinni og lög úr ýmsum áttum.**

**Dagskráin er hluti af pikknikktónleikaröð Norræna hússins og hægt er að gera alvöru pikknikk úr ferðinni með veitingum úr móttöku þess.**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 4. júlí 2012**

### → Tónleikar

**12.00** Kammerkórinn Schola cantorum syngur íslenska og erlenda kirkjutónlist undir hvelfingum Hallgrímskirkju. Miðaverð er kr. 1.500.

**18.30** Sumartónleikar Hinsegin kórsins verða haldnir í Tjarnarsal Ráðhúss Reykjavíkur. Aðgangur er ókeypis en tekið verður vð framlögum í ferðasjóð kórsins vegna Færeyjaferðar í júlí.

**20.00** Kammerhópurinn Stilla heldur tónleika í Miðgarði í Skagafirði. Hópurinn er skipaður strengjakvartett og söngvurum. Yfirskrift tónleikanna er Tónlist frá ýmsum löndum - Rússland, Frakkland, Ítalía, Svíþjóð, Ísland, Rúmenía og Írland. Miðaverð er kr. 2.500/1.500.

**21.00** Björg Þórhallsdóttir sópran, Elísabet Waage hörpuleikari og Hilmar Örn Agnarsson orgel/harmóníumleikari leika íslensk sönglög á tónleikum í Reykjahlíðarkirkju við Mývatn. Aðgangseyrir er kr. 2.500.

### → Uppákomur

**14.00** Ferðanefnd Félags eldri borgara í Kópavogi efnir til lautarferðar í Guðmundarlund. Rútuferð frá Gjábakka klukkan 14, Gullsmára klukkan 14.15 og Boðanum klukkan 14.25. Léttar veitingar og skemmtiatriði. Verð kr. 500. Skráning í síma 554-1226 og 897-4566.

### → Tónlist

**12.00** Helga Þórdís Guðmundsdóttir leikur á orgel Dómkirkju Krists konungs í Landakoti. Aðgangur er ókeypis.

**21.00** Reykjavík Swing Syndicate verður með tónleika á Café Rosenberg. Leikin verða balllög frá bannárum síðustu aldar. Aðgangseyrir er kr. 1.500 og enginn posi er á staðnum.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.**

# Birgir ræðir reynslusögu matarfíkils

Listamannsspjall með Birgi Sigurðssyni verður haldið í Flóru í Listagilinu á Akureyri annað kvöld klukkan átta. Spjallið er haldið í tengslum við myndlistarsýningu Birgis sem staðið hefur í Flóru síðustu vikur, en henni lýkur á laugardaginn. Sýningin nefnist „Reynslusaga matarfíkils“ og er vídeó-innsetning sem gefur áhorfandanum innsýn í heim matarfíkils. Í spjallinu kemur Birgir til með að opna inn á tilurð verksins á sýningunni og eins annarra verka hans í myndlist.

Um sýninguna segir Birgir í fréttatilkynningu: „Efniviður sýningarinnar er upplifun mín og reynsla af matarfíkn. Sýningin er þakklæti til matarfíknarinnar sem hefur skipt mig miklu máli í mínu lífi. Mér finnst engin þörf á að tala um þyngd, þyngdartap eða annað sem snýr að þyngd líkamans. Ég er að fjalla um næturátið mitt og hvernig það hefur birst mér allt mitt líf: Ég vakna til að borða og get ekki hætt.“

Birgir Sigurðsson er menntaður rafvirki og er að mestu sjálfmenntaður í myndlist. Hann hefur á undanförnum 14 árum haldið fjölmargar myndlistarsýningar og rekur nú 002 Gallerí á heimili sínu í Hafnarfirði.

Flóra er verslun, vinnustofa og viðburðastaður Kristínar Þóru Kjartansdóttur, félagsfræðings og garðyrkjukonu. Listrænn ráðunautur staðarins er Hlynur Hallsson, myndlistarmaður.



**MATARFÍKN** Efniviður sýningar Birgis Sigurðssonar.









| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 2D | KL. 5 -8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D LÚXUS | KL. 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| SPIDER-MAN 3D | KL. 4 - 5 - 8 - 10.50 | 10 |
| PROMETHEUS 3D | KL. 8 - 10.30 | 16 |
| MADAGASCAR 3D ÍSL.TAL | KL. 3.40 - 5.50 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL. 8 - 10.25 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| SPIDER-MAN 3D | KL 6 - 9 | 12 |
| INTOUCHABLES | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| MIB 3 3D | KL. 5.30 - 8 – 10.30 | 10 |
| STARBUCK | KL 5.30 - 8 | L |
| WHAT TO EXPECT WHEN EXPECTING | KL 10.20 | L |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| SPIDERMAN 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.30 | 10 |
| WHAT TO EXPECT WHEN... | KL. 5.45 - 8 - 10 | L |
| PIRANHA 3D | KL. 10.20 | 16 |

Barnaheill Save the Children Iceland

facebook/smarabio • facebook/haskolabio



midi.is Miðasala og nánari upplýsingar

LAUGARÁS BÍÓ www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075 5%




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| THE AMAZING SPIDER-MAN 3D | 4, 7, 10(P) |
| WHAT TO EXPECT | 8, 10.15 |
| INTOUCHABLES - ISL TEXTI | 4, 8, 10.20 |
| MADAGASKAR 3 3D | 4, 6 |



SAMBÍÓIN SAMbio.is




| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5 - 8 - 10:50 | 3D | 12 |
| AMAZING SPIDER-MAN VIP | KL. 5 - 8 - 10:50 | 2D | VIP |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 4 - 10:10 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:50 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:30 - 8 - 10:50 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL TALI | KL. 3:40 - 5:50 | 2D | L |
| SNOW WHITE | KL. 8 - 10:10 | 2D | 12 |
| THE DICTATOR | KL. 8 | 2D | 12 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TALI | KL. 3:40 | 2D | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | | |
|---|---|---|---|
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |
| ROCK OF AGES | KL. 8 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:20 | 2D | 16 |
| UNDRALAND IBBA ÍSL TAL | KL. 6 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10:20 | 2D | 16 |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | | |
|---|---|---|---|
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 5:10 - 8 - 9 - 10:50 | 3D | 12 |
| AMAZING SPIDER-MAN | KL. 6 - 10 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 8 - 10:40 | 2D | 16 |
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| MADAGASCAR 3 ÍSL TAL | KL. 6 | 3D | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI | | | |
|---|---|---|---|
| ROCK OF AGES | KL. 5:20 - 8 | 2D | 12 |
| CHERNOBYL DIARIES | KL. 10:40 | 2D | 16 |
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL TALI | KL. 5:50 - 8 | 3D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ÍSL TALI | KL. 5:50 | 2D | L |
| MADAGASCAR 3 M/ENSKU. TALI | KL. 10:10 | 2D | L |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| THE AVENGERS | KL. 10:10 | 2D | 10 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | | |
|---|---|---|---|
| THE AMAZING SPIDERMAN | KL. 8 - 10:50 | 3D | 12 |
| LOL | KL. 8 | 2D | 12 |
| SAFE | KL. 10 | 2D | 16 |

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMbio.is




**SVÍFUR** Einar töframaður sýnir leikni sína á sviði töfrabragða með því að láta dreng svífa í loftinu en fyrst dáleiðir hann drenginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Með dúfu úr Hogwarts á heimsmeistaramóti

**Töframenn á borð við David Copperfield og Darren Brown verða á meðal gesta á heimsmeistaramóti töframanna sem Einar Mikael tekur þátt í á næstunni.**

„Ég mun láta gegnheilt mahóníborð svífa í lausu lofti með töfradúfu frá Hogwarts sitjandi á því allan tímann,“ segir Einar Mikael Sverrisson töframaður sem keppir fyrstur Íslendinga á Heimsmeistaramóti töframanna í Blackpool í Englandi. Þar mun hann sýna ofangreint töfrabragð og keppa við um 150 töframenn.

Einar segir aðeins útvalda fá þátttökurétt á mótinu. „Þér þarf að vera boðið inn á þetta og verður að sýna atriði sem hefur ekki sést áður. Jafnframt þarftu að vera virkur töframaður í samfélaginu og að hafa tekið þátt í góðgerðarsýningum því þeir vilja að heimsmeistarinn sé góð fyrirmynd.“

Samkvæmt Einari koma allir bestu töframenn heims saman á mótinu til þess að láta plata sig. „David Copperfield og Darren Brown mæta pottþétt. Þeir eru stórstjörnurnar í þessu og koma til að upplifa eitthvað magnað aftur,“ segir hann og bætir við að þekktir töframenn kaupi oft áhugaverð atriði og að stórar umboðsskrifstofur séu á höttunum eftir einhverju óvenjulegu.

Einar frumsýndi keppnisatriðið fyrir ári og hefur verið að betrumbæta það síðan. „Ég hef verið að bæta inn í það ýmsu eins og töfradúfunni. Það hefur alveg tekið ár að þjálfa hana,“ segir hann en fuglinn, sem heitir Prins, valdi hann fyrir meistaranám sitt í töfrafræðum við Hogwarts School of Witchcraft and Wizardy. Hann lýkur náminu í fjarnámi í sumar en áður hefur hann lokið grunnnámi þaðan. „Ég er að sérhæfa mig í dúfutöfrabrögðum og sjónhverfingum,“ segir hann og svarar ákveðinn að skólinn sé til í alvörunni. „Það bar ekki mikið á skólanum fyrr en myndirnar með Harry Potter komu út en þetta er leynisamfélag eins og allt tengt töfrabrögðum,“ segir Einar en margir kannast aðeins við skólann af sögusviði Harry Potter bókanna.

Mótið stendur yfir dagana 9. til 14. júlí og er haldið af alþjóðlegum samtökum töframanna eða FISM, sem stendur fyrir The Fédération Internationale des Sociétés Magiques, á þriggja ára fresti.

Töfrabrögð Einars má sjá á tofrabrogd.is.

hallfridur@frettabladid.is

Tónlist ★★★★☆

**Múgsefjun**

Múgsefjun

**Record Records**

## Útpælt og proggað popp

Þetta er önnur plata Múgsefjunar og ber nafn sveitarinnar. Sú fyrsta, Skiptar skoðanir, kom út fyrir fjórum árum og fékk fínar viðtökur. Nýja platan er þemaplata sem fjallar um íslenskt samfélag síðustu árin, eða að minnsta kosti skil ég hana þannig. Tónlistin er fjölskrúðugt og hugmyndaríkt popp.



Þeir félagar eru ekkert í vandræðum með að framleiða fínar melódíur og á plötunni leika þeir sér að því að búa til flókin og progguð popplög. Þeir gera líka tilraunir með útsetningar, hljóm og hljóðfæraval. Kirkjuorgel setur til dæmis skemmtilegan svip á nokkur lög og harmonikka, fiðla og básúna fá líka að hljóma.

Þetta er útpæld og flott plata. Hún virkar mjög vel sem heild. Maður fylgir hljómsveitinni í gegnum söguna og hvert margkaflaskipt lagið á fætur öðru. Lögin eru öll góð, þó að maður grípi þau misfljótt. Mín uppáhaldslög eru Sendlingur og sandlóa, Sitjum og bíðum, Svona fer fyrir þeim sem eru fyrir, Fékkst ekki nóg og hið frábæra Þórðargleði, sem er eitt af lögum ársins. Loks ber svo að geta umslagsins sem er einkar vel heppnað og smellpassar við tónlist og texta.

Á heildina litið er þetta skolli fín plata. Ein af þeim betri það sem af er árs.

Trausti Júlíusson

**Niðurstaða:** Hugmyndarík og skemmtileg þemaplata

# Matlock látinn

Leikarinn Andy Griffith lést á heimili sínu í Norður-Karólínu í Bandaríkjunum í gær, 86 ára að aldri. Leikarinn var hvað best þekktur fyrir túlkun sína á lögfræðingnum Matlock í samnefndum sjónvarpsþáttum, sem voru sýndir í Bandaríkjunum á árunum 1986-95. Það var hins vegar hlutverk Griffith í gamanþáttunum The Andy Griffith Show sem skaut leikaranum upp á stjörnuhiminn árið 1960.



**ANDY GRIFFITH**

Griffith var einnig góður söngvari þar sem hann aðhylltist kántrý- og sálartónlist. Hann söng meðal annars upphafslag The Andy Griffith Show og vann Grammy-verðlaunin árið 1996 fyrir trúarlega gospellagið I Love to Tell the Story.

Griffith var þríkvæntur en hann skilur eftir sig dótturina Dixie Nan og eiginkonuna, Cindi Knight.


MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midi.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS




**MIÐVIKUDAGUR: BERNIE** 17:50, 20:00, 22:10 ■ UNG (GOODBYE FIRST LOVE) 17:50, 20:00 ■ SUMARTÍÐ (SUMMER HOURS) 17:50, 20:00, 22:10 ■ *COOL CUTS: LEGENDS OF VALHALLA-THOR* 18:00 ■ *COOL CUTS: JAR CITY* 20:00 ■ *COOL CUTS: LAST DAYS OF THE ARCTIC* 22:00 ■ *BLACK'S GAME* 22:00

FRÁ 5. JÚLÍ: **GLASTONBURY THE MOVIE**!

**SKÓLANEMAR:** 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKJA OG ELDRI BORGARA.

# sport

sport@frettabladid.is



**ANTON SVEINN MCKEE** fékk í gær staðfestingu á því að honum hafi verið boðin þátttaka á Ólympíuleikunum í Lundúnum. Mun hann keppa í 1500 m skriðsundi. Anton náði OST-lágmarki fyrir leikana og þurfti því að bíða eftir boði frá FINA, Alþjóðasundsambandinu. Jakob Jóhann Sveinsson fékk sams konar boð í fyrradag og eru því íslenskir sundmenn á leikunum í Lundúnum orðnir sex. Enn er möguleiki á að Árni Már Árnason og Ragnheiður Ragnarsdóttir bætist í íslenska ÓL-hópinn.

# Mesta markaflóðið í hálfa öld

**FH-ingar hafa skorað mark á 17 mínútna fresti í undanförnum 4 leikjum og það þarf að fara 52 ár aftur í tímann til að finna annað eins markaskor í fjögurra leikja törn. FH náði þó ekki að bæta met KR frá 1960.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar hafa skorað 21 mark í síðustu fjórum leikjum sínum í Pepsi-deild karla. Lærisveinar Heimis Guðjónssonar unnu 7-2 sigur á Akranesi um síðustu helgi eftir að hafa gert 2-2 jafntefli á heimavelli við Stjörnuna, unnið 4-2 útisigur í Keflavík og 8-0 heimsigur á Fylki í leikjunum á undan. FH-liðið komst þar með í fámennan hóp liða sem bera ábyrgð á mestu markaflóðum íslensku fótboltasögunnar.

Mörg frábær fótboltalið hafa spilað í efstu deild undanfarna áratugi en ekkert þeirra náði að brjóta 20 marka múrinn í fjórum leikjum. Það þarf í raun að fara allar götur til þeirra tíma þegar goðsagnirnar Þórólfur Beck og Ríkharður Jónsson fóru fyrir sínum liðum í Vesturbænum og uppi á Akranesi til að finna annað eins markaflóð og hjá Hafnfirðingum síðustu fjórar vikur.



**SJÖ MÖRK UPPI Á SKAGA** FH-ingarnir Atli Guðnason, Albert Ingason og Hólmar Örn Rúnarsson fagna hér Danny Thomas í 7-2 sigri á ÍA. FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR BJARKI

KR-liðið frá 1960 á metið en auk þess að skora 23 mörk í fjórum leikjum kemst liðið einnig í 3. sætið með 21 mark í fjórum leikjum fyrr sama sumar. Sumarið árið eftir settu KR-ingar einnig sams konar met með því að skora 22 mörk í fjórum leikum en ólíkt metinu frá 1960 þá entist það í aðeins eitt ár. Þrátt fyrir þetta markaflóð fyrir 52 árum tókst KR-ingum þó ekki að landa titlinum á metárinu 1960. KR-liðinu tókst ekki að skora í 2 af síðustu 3 leikjum sínum. Skagamenn unnu úrslitaleik liðanna 1-0 og fögnuðu titlinum. FH-ingar hafa sýnt styrk sinn í þessum leikjum en það er löng leið fram undan að Íslandsmeistaratitlinum.

Ríkharður Jónsson og félagar í gullaldarliði Skagamanna eiga einnig tvö markaflóð inn á topp fimm en Skagamenn skoruðu 20 mörk í fjögurra leikja törn bæði sumarið 1955 og svo sumarið 1958.

Síðan þá er liðin meira en hálf öld og það hefur verið langt frá því að vera daglegt brauð að lið hafi nálgast inngöngu í 20 marka hópinn.

Tíu marka leikir Skagamanna frá 1973 (10-1 sigur á Blikum) og 1993 (10-1 sigur á Víkingum) eða framlag Valsara til Listahátíðar 1976 (17 mörk í 3 leikjum) voru ekki nóg til að komast í umrætt hóp. Öll tuttugu marka liðin fyrir afrek FH-inga voru lið sem fóru mikinn fyrir meira en hálfri öld.

Það er samt einna athyglisverðast í frammistöðu FH-inga undanfarna 28 daga að ógnunin kemur alls staðar að í FH-liðinu. Þrír af fjórum markahæstu mönnum FH-inga í þessari markatörn spila á miðjunni eða í vörninni og þar á meðal hefur bakvörðurinn Guðjón Árni Antoníusson skorað 4 mörk og lagt upp önnur tvö. Atli Guðnason er samt í nokkrum sérflokki þegar kemur að sköpun marka FH í síðustu fjórum leikjum. Hann kom með beinum hætti að fjórum mörkum liðsins uppi á Skaga og hefur alls skorað 5 mörk og gefið 5 stoðsendingar í síðustu fjórum leikjum.

Hér fyrir neðan má sjá smá samanburð á þremur mestu markaflóðum í efstu deild á Íslandi síðan að deildarskipting var tekin upp 1955.

ooj@frettabladid.is

### KR 1960 - 23 mörk

| | |
|---|---|
| Mark á 15,6 mínútna fresti | |
| 58 dagar (20. júní til 17. ágúst) | |
| **Leikirnir:** | **Markatala: 23-3 (+20)** |
| 5-0 útisigur á Keflavík | |
| 6-0 heimasigur á Val | |
| 5-3 útisigur á ÍA | |
| 7-0 útisigur á Val | |
| **Markahæstir:** | **6 markaskorarar** |
| Þórólfur Beck | 8 |
| Sveinn Jónsson | 6 |
| Gunnar Guðmannsson | 3 |

### KR 1959 - 22 mörk

| | |
|---|---|
| Mark á 16,4 mínútna fresti | |
| 19 dagar (10. júní til 29. júní) | |
| **Leikirnir:** | **Markatala: 22-1 (+21)** |
| 5-0 heimasigur á Þrótti | |
| 7-0 heimasigur á Fram | |
| 3-0 útisigur á Keflavík | |
| 7-1 heimasigur á Val | |
| **Markahæstir:** | **7 markaskorarar** |
| Sveinn Jónsson | 7 |
| Þórólfur Beck | 5 |
| Ellert B. Schram | 3 |

### FH 2012 - 21 mark

| | |
|---|---|
| Mark á 17,1 mínútna fresti | |
| 28 dagar (2. júní til 30. júní) | |
| **Leikirnir:** | **Markatala: 21-6 (+15)** |
| 8-0 heimasigur á Fylki | |
| 4-2 útisigur á Keflavík | |
| 2-2 jafntefli við Stjörnuna | |
| 7-2 útisigur á ÍA | |
| **Markahæstir:** | **8 markaskorarar** |
| Atli Guðnason 5, Guðjón Árni Antoníusson 4, Björn Daníel Sverrisson 3, Hólmar Örn Rúnarsson 3 | |

### Mestu markaflóðin

**( í efstu deild frá 1955 til 2012)**

| | |
|---|---|
| 23 - KR 1960 | (5-0, 6-0, 5-3, 7-0) |
| 22 - KR 1959 | (5-0, 7-0, 3-0, 7-1) |
| 21 - FH 2012 | (8-0, 4-2, 2-2, 7-2) |
| 21 - KR 1960 | (6-0, 5-3, 7-0, 3-5) |
| 20 - ÍA 1955 | (8-0, 1-4, 6-1, 5-2) |
| 20 - ÍA 1958 | (2-2, 7-1, 5-1, 6-4) |
| 19 - ÍA 1960 | (3-5, 4-1, 7-1, 5-1) |
| 19 - ÍA 1973 | (10-1, 6-2, 0-1, 3-1) |
| 19 - Valur 1976 | (2-0, 6-1, 5-1, 6-0) |
| 18 - ÍA 1959, KR 1961, ÍA 1993 (2) | |



**KÁRI STEINN KARLSSON** Reynir við brautarmetið á Íslandsmeistaramótinu í götuhlaupi um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Íslandsmótið í götuhlaupi:

## Bætir Kári Steinn metið?

**FRJÁLSAR** Kári Steinn Karlsson, Íslandsmethafi í maraþonhlaupi karla, stefnir að því að slá brautarmetið á Íslandsmeistaramótinu í 10 km götuhlaupi sem fram fer á Akureyri fimmtudaginn 5. júlí.

Það er Ungmennafélag Akureyrar sem hefur umsjón með Íslandsmeistaramótinu sem er hluti af dagskrá Akureyrarhlaups UFA, Átaks og Íslenskra verðbréfa.

Hlaupið hefst kl. 20.00 og verður spennandi að sjá hvort Ólympíufarinn Kári Steinn nái að bæta Íslandsmet Jóns Diðrikssonar sem er frá árinu 1983, en Jón hljóp 10 km á 30,11 mínútum. Brautin á Akureyri er flöt og hröð að sögn mótshaldara og er hún tilvalin fyrir hlaupara að bæta árangur sinn.

Keppt er í þremur vegalengdum 5 km, 10 km og 21 km hlaupi. Skráning keppenda fer fram á vefsíðunni hlaup.is, og nánari upplýsingar er að finna á akureyrarhlaup.is. - seth


POTTURINN STEFNIR Í 100.000.000 +700.000.000

800 MILLJÓNIR

ÞÚ TALDIR RÉTT ★ 800.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 700 milljónir.

**Ekki gleyma að vera með! Fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is**



FÍTON / SÍA

VÍKINGA LOTTÓ

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!

MIÐINN GILDIR 04. JÚLÍ 2012

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| A. | 12 | 14 | 17 | 21 | 41 | 48 |
| B. | 05 | 16 | 23 | 36 | 37 | 38 |
| C. | 07 | 09 | 13 | 22 | 34 | 38 |
| D. | 03 | 06 | 19 | 24 | 25 | 31 |
| E. | 11 | 19 | 21 | 25 | 38 | 42 |
| F. | 01 | 25 | 35 | 36 | 39 | 46 |
| G. | 18 | 19 | 20 | 23 | 28 | 46 |
| H. | 22 | 27 | 29 | 39 | 40 | 42 |

# PEPSI KVENNA

**Selfoss - Þór/KA 2-6**
0-1 Sandra María Jessen (3.), 0-2 Sandra María (13.), 1-2 Melanie Adelman (20.), 2-2 Guðmunda Brynja Óladóttir (26.), 2-3 Kayle Grimsley (49.), 2-4 Lára Einarsdóttir (66.), 2-5 Tahnai Annis (73.), 2-6 Lillý Rut Hlynsdóttir (90.+2).

**ÍBV - Stjarnan 2-2**
0-1 Anna Björk Kristjánsdóttir (36.), 0-2 Harpa Þorsteinsdóttir (45.), 1-2 Danka Podovac, víti (54.), 2-2 Danka Podovac (84.).

**Breiðablik - Valur 1-0**
1-0 Rakel Hönnudóttir (6.)

**Afturelding - KR 1-0**
1-0 Carla Lee (53.)

**Fylkir - FH 3-0**
1-0 Anna Björg Björnsdóttir (2.), 2-0 Ruth Þórðar Þórðardóttir (48.), 3-0 Margrét Ástvaldsdóttir (66.)

## STAÐAN Í DEILDINNI

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Þór/KA** | **8** | **6** | **1** | **1** | **22-9** | **19** |
| Breiðablik | 8 | 5 | 2 | 1 | 20-7 | 17 |
| **Stjarnan** | **8** | **5** | **2** | **1** | **18 - 10** | **17** |
| ÍBV | 8 | 5 | 1 | 2 | 24-11 | 16 |
| **Valur** | **8** | **4** | **1** | **3** | **19-11** | **13** |
| Fylkir | 8 | 3 | 2 | 3 | 11 - 12 | 11 |
| **FH** | **8** | **2** | **1** | **5** | **10 - 19** | **7** |
| Selfoss | 8 | 2 | 1 | 5 | 14-36 | 7 |
| **Afturelding** | **8** | **1** | **1** | **6** | **6-20** | **4** |
| KR | 8 | 0 | 2 | 6 | 8-18 | 2 |



**SANDRA MARÍA** Búin að skora 8 mörk í fyrstu 8 umferðunum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Pepsi-deild kvenna í gær:

# Þór/KA með 2ja stiga forskot

**FÓTBOLTI** Þór/KA náði tveggja stiga forskoti á toppi Pepsi-deildar kvenna eftir 6-2 sigur á Selfossi í gær og jafntefli ÍBV og Stjörnunnar í Eyjum. Hin 17 ára gamla Sandra María Jessen skoraði tvö fyrstu mörkin og er markahæsti leikmaður deildarinnar.

Sandra María kom Þór/KA í 2-0 með tveimur mörkum á fyrstu þréttán mínútum leiksins en Melanie Adelman og Guðmunda Brynja Óladóttir voru búnar að jafna metin áður en þréttán mínútur voru liðnar og staðan því 2-2 í hálfleik. Kayle Grimsley kom Þór/KA yfir í upphafi seinni hálfleiks og þær Lára Einarsdóttir og Tahnai Annis og Lillý Rut Hlynsdóttir bættu síðan við mörkum á síðustu 25 mínútum leiksins.

ÍBV og Stjarnan gerðu 2-2 jafntefli í Eyjum en bæði lið hafa verið á góðu skriði. Stjarnan komst í 2-0 í fyrri hálfleik með mörkum Önnu Bjarka Kristjánsdóttur og Hörpu Þorsteinsdóttur en ÍBV-liðinu tókst að tryggja sér eitt stig í þeim síðari. Danka Podovac var hetja Eyjaliðsins en hún skoraði bæði mörk liðsins í seinni hálfleiknum, það fyrra úr víti og það seinna eftir sendingu Elísu Viðarsdóttur. - óój



**HETJA KVÖLDSINS** Rakel Hönnudóttir skoraði sigurmark Blika á móti Val í gær. Hér er hún í baráttunni við Dagnýju Brynjarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Rakel Hönnudóttir tryggði Breiðabliki 1-0 sigur á Val í gær:

# Dýrmæt stig fyrir Blika

**FÓTBOLTI** Breiðablik komst upp í 2. sæti Pepsi-deildar kvenna í gærkvöldi eftir 1-0 sigur á Val en sigurinn var aldrei í hættu. Blikakonur náðu snemma forskotinu og náði Valsliðið aldrei að ógna þeirri forystu út leikinn. Rakel Hönnudóttir skoraði eina markið strax á sjöttu mínútu eftir sendingu frá besta manni vallarsins Þórdísi Hrönn Sigfúsdóttur.

„Flottur sigur, gaman að spila svona leiki þar sem spennan nær fram í endann," sagði Fanndís Friðriksdóttir, fyrirliði Breiðabliks eftir leikinn. „Þessi stig gætu reynst okkur dýrmæt, og við ætluðum okkur að stimpla okkur í toppbaráttuna og þessi sigur gæti reynst gríðarlega mikilvægur í því ferli. Við ætlum okkur að vera í toppbaráttunni og höfum burði til að vera þar, núna er bara að halda áfram á sömu braut," sagði Fanndís.

„Við hefðum getað komist yfir þær í dag þannig að það er dýrt að missa þær svona fram úr okkur," sagði Rakel Logadóttir, fyrirliði Vals eftir leikinn. „Sem betur fer er þetta ekki búið, það er nóg eftir af mótinu þótt við höfum tapað stigum hér í dag," sagði Rakel eftir þriðja tap Vals í sumar. - kpt





Álag á hellur er meira á Íslandi en annars staðar í heiminum sökum veður- og hitabreytinga. Hjá BM Vallá eru hellur því steyptar í einu lagi, úr harðari efnum og í viðeigandi þykkt eftir notkun, og síðan styrkleika- og gæðaprófaðar.

Við bjóðum mikið úrval af hellum, hleðslusteini og garðeiningum og faglega ráðgjöf við landslagshönnun og val á hellum. Allar vörur eru afgreiddar fljótt og örugglega.

Hellur eiga að endast lengi og því ber að vanda til verksins strax í upphafi.

**Þess vegna velur fagfólkið BM Vallá.**

PIPAR\TBWA · SÍA · 121700





6 cm

**Fagmenn ráðleggja 6 cm þykkar hellur að lágmarki í bílaplön.**

**Vörur okkar eru sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður. Fáðu tilboð og gerðu verðsamanburð!**

BM Vallá ehf
Breiðhöfða 3
110 Reykjavík

Sími: 412 5050
sala@bmvalla.is
Opið mán.–fös. kl. 8–18

BM Vallá ehf · Akureyri
Austursíðu 2
603 Akureyri

Sími: 412 5203
sala@bmvalla.is
Opið mán.–fös. kl. 8–17

BM·VALLÁ

bmvalla.is



39.900
ALHLIÐASÖG - VELTISÖG

RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA
Sími: 585 2888

> Stöð 2 kl. 20.50

**Drop Dead Diva**

***Skemmtileg þáttaröð um unga konu sem þarf að takast á við lífið í ókunnugum líkama. Hún var löguleg fyrirsæta en er nú þybbinn lögfræðingur og í þættinum í kvöld fer hún með mál sakbornings sem var ranglega dæmdur í fangelsi og þurfti að dúsa þar í áratug. Á sama tíma eru Kim og Greyson að verja mann sem opnaði vefsíðu þar sem giftir menn fá tækifæri til að halda fram hjá konum sínum.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON HLÆR AÐ ÓGÆFUNNI

# *Lamdir í klessu í Evrópu*

Strákarnir Auddi, Sveppi og Pétur Jóhann eru mættir enn og aftur á skjái landsmanna. Í þetta skipti í þættina Evrópska drauminn ásamt Mosfellingnum Steinda Jr. Einhverjum finnst nóg komið, en ég er ósammála. Þessir strákar eru hæfileikaríkir skemmtikraftar og fara létt með að skemmta fólki í þáttunum, sem snúast í stuttu máli um að þeir gera sig að fíflum á meginlandi Evrópu. Þeir verða ekki fengnir til að stýra kosningasjónvarpi og gera sér fulla grein fyrir því.

Fyrsti þátturinn var stórskemmtilegur og ég skellti nokkrum sinnum upp úr, sem hlýtur að vera tilgangurinn. Óborganlegt var að fylgjast með Pétri og Sveppa kyssa ógæfumenn á strætum stórborgar og samúð mín með þeim síðarnefnda var mikil þegar sá fyrrnefndi fékk það hlutverk að grafa hann lifandi.



Hápunktur þáttarins var samt þegar Auddi og Steindi þurftu að slást við þekktan bardagamann í þrjár lotur. Til að gera langa sögu stutta þá riðu þeir ekki feitum hesti frá bardaganum (þó ég sé ekki frá því að Steindi sé búinn að bæta á sig).

Evrópski draumurinn er þáttur sem veit hvað hann á að vera og er akkúrat það. Vitleysisgangur frá upphafi til enda, með það göfuga takmark að skemmta fólki. Sem honum tekst.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Tríó **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Sögur af misgóðum mönnum **14.00** Fréttir **14.03** Tónlistarklúbburinn **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Leyndardómar býflugnanna **15.25** Skorningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Tónlist fólksins **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Stefnumót **19.40** Vor í dal: Úr örsögum Friðriks Þórs Friðrikssonar **20.00** Leynifélagið **20.30** Út um græna grundu **21.30** Kvöldsagan: Innansveitarkronika **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.15** Rússneski píanóskólinn **23.05** Veraldarvit **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**16.35 Herstöðvarlíf** (Army Wives) Bandarísk þáttaröð um eiginkonur hermanna.
**17.20 Einu sinni var...lífið** (2:26)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Disneystundin**
**18.01 Finnbogi og Felix**
**18.23 Sígildar teiknimyndir**
**18.30 Gló magnaða**
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Með okkar augum** (1:6)
**20.05 Læknamiðstöðin** (1:22) (Private Practice V)
**20.50 Verði þér að góðu** (Bon appétit) Stuttmynd eftir Helenu Stefánsdóttur.
**21.05 Kviðdómurinn** (1:5) (The Jury II)
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Heimur versnandi fer** (The Mean World Syndrome) Kanadísk heimildamynd byggð á greiningu George Gerbners á ofbeldi í fjölmiðlum og áhrifum þess á áhorfendur. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi barna.
**23.10 Hringiða** (5:8) (Engrenages II) (e) Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**00.05 Fréttir**
**00.15 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.15 Jesse Stone: Thin Ice**
**08.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**10.00 Charlie St. Cloud**
**12.00 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**14.00 Austin Powers: The Spy Who Shagged Me**
**16.00 Charlie St. Cloud.**
**18.00 Algjör Sveppi og dularfulla hótelherbergið**
**20.00 Jesse Stone: Thin Ice**
**22.00 True Lies**
**00.20 The Golden Compass**
**02.10 Doctor Strange**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.40 Malcolm in the Middle** (3:16)
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 Doctors** (78:175)
**10.15 60 mínútur**
**11.00 Perfect Couples** (11:13)
**11.25 Til Death** (18:18)
**11.50 Grey's Anatomy** (5:24)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Mike & Molly** (14:24)
**13.25 Hannað fyrir Ísland** (3:7)
**14.15 The Glee Project** (5:11)
**15.00 Týnda kynslóðin** (2:32)
**15.30 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 Friends** (13:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Simpsons** (18:22)
**19.40 Arrested Development** (10:18)
**20.00 New Girl** (21:24)
**20.25 2 Broke Girls** (9:24)
**20.50 Drop Dead Diva** (5:13) Dramatískir gamanþættir um unga og huggulega fyrirsætu sem lætur lífið í bílslysi en sál hennar tekur sér bólfestu í snjalla lögfræðingnum Jane Bingum.
**21.35 Gossip Girl** (21:24)
**22.20 The No. 1 Ladies' Detective Agency** (5:7) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum eftir Alexander McCall Smith.
**23.15 The Closer** (8:21)
**00.00 Fringe** (2:22)
**00.45 Rescue Me** (19:22)
**01.30 Game of Thrones** (1:10)
**02.30 Game of Thrones** (2:10)
**03.25 The Good Guys** (10:20)
**04.10 Chase** (12:18)
**04.55 Drop Dead Diva** (5:13)
**05.40 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi deild kvk: ÍBV - Stjarnan**
**18.00 Pepsi deild kvk: ÍBV - Stjarnan**
**19.50 Herminator Invitational** (1:2) Sýnt frá stórskemmtilegu góðgerðargolfmóti sem knattspyrnumaðurinn Hermann Hreiðarsson stendur fyrir í Vestmannaeyjum. Fjölmargir þekktir kappar taka þátt í mótinu.
**20.35 Meistaradeild Evrópu: Bate - Barcelona**
**22.20 Pepsi deild kk: ÍA - FH**
**00.10 Pepsi mörkin**

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**18.00 Newcastle - Liverpool**
**19.45 Man. City - Arsenal 12.09.09**
**20.15 Man. City - Blackburn**
**22.00 Arsenal - Man. Utd.**
**23.45 PL Classic Matches: Man Utd - Derby County, 1996**

## STÖÐ 2 EXTRA

**18.45 The Doctors** (150:175)
**19.25 American Dad** (9:18)
**19.50 The Cleveland Show** (7:21)
**20.15 Masterchef USA** (6:20)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 The Crimson Petal and the White** (2:2)
**23.25 Two and a Half Men** (19:24)
**23.50 The Big Bang Theory** (10:24)
**00.15 How I Met Your Mother** (13:24)
**00.40 Eastbound and Down** (5:7)
**01.10 The Daily Show: Global Edition** (22:41)
**01.35 American Dad** (9:18)
**02.00 The Cleveland Show** (7:21)
**02.25 The Doctors** (150:175)
**03.05 Fréttir Stöðvar 2**
**03.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**16.00 Real Housewives of Orange County** (9:17) (e)
**16.45 Design Star** (1:9) (e)
**17.35 Rachael Ray**
**18.20 How To Look Good Naked** (2:12) (e) Bresk þáttaröð þar sem konur með alvörubrjóst og mjaðmir læra að elska líkama sinn.
**19.10 America's Funniest Home Videos** (10:48) (e)
**19.35 30 Rock** (10:23) (e)
**20.00 Will & Grace** (16:27) (e)
**20.25 The Marriage Ref** (3:10) (e)
**21.10 The Firm** (19:22) Þættir sem byggðir eru á samnefndri kvikmynd frá árinu 1993 eftir skáldsögu Johns Grisham.
**22.00 Law & Order: Criminal Intent** (5:16)
**22.45 Jimmy Kimmel** Húmoristinn Jimmy Kimmel hefur staðið vaktina í spjallþættinum Jimmy Kimmel Live! frá árinu 2003 og er einn vinsælasti spjallþáttakónginn vestanhafs.
**23.30 Hawaii Five-0** (22:23) (e)
**00.20 Royal Pains** (9:18) (e)
**01.05 The Firm** (19:22) (e)
**01.55 Lost Girl** (9:13) (e)
**02.40 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** AT&T National - PGA Tour 2012 (3:4) **11.50** Golfing World **12.40** Golfing World **13.30** AT&T National - PGA Tour 2012 (3:4) **18.00** Golfing World **18.50** Inside the PGA Tour (26:45) **19.20** LPGA Highlights (13:20) **20.40** Champions Tour - Highlights (12:25) **21.35** Inside the PGA Tour (27:45) **22.00** Golfing World **22.50** PGA Tour - Highlights (24:45) **23.45** ESPN America

## N4

**18.00** Að norðan **18.30** Áttavitinn Suðurland

## BBC entertainment

**06.40** Keeping Up Appearances **07.40** One Foot in the Grave **08.15** The Inspector Lynley Mysteries **09.45** Deal or No Deal **10.20** EastEnders **10.50** Come Dine With Me **11.40** QI **12.40** Keeping Up Appearances **13.40** One Foot in the Grave **14.50** Top Gear **15.40** QI **16.40** Come Dine With Me **17.30** The Graham Norton Show **18.15** QI **19.15** The Graham Norton Show **20.00** QI **20.30** Shooting Stars **21.00** Peep Show **21.25** Live at the Apollo **22.10** The Increasingly Poor Decisions of Todd Margaret **22.35** The Thick of It

## DR 1

**13.10** Jamie's Great Britain **14.00** Professor Balthazar **14.10** Olivia **14.20** Timmy-tid **14.30** Skæg med bogstaver **15.00** Hun så et mord **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Vores Liv **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Spise med Price **18.30** Søren Ryge præsenterer **19.00** TV Avisen **19.30** Aftentour 2012 **20.00** Bonderøven **20.30** Kidnappet **21.10** Onsdags Lotto **21.15** Lulu og Leon **21.16** Lulu og Leon **22.00** Damages **22.45** Pacific Paradise Police **23.30** Arvingen til Glenbogle

## NRK 1

**11.35** Kongeparet 75 år **13.00** NRK nyheter **13.05** Sjukehuset i Aidensfield **14.00** NRK nyheter **14.05** Matador **15.00** NRK nyheter **15.10** Sommeråpent **16.00** Oddasat - nyheter på samisk **16.05** Tegnspråknytt **16.10** Team Bachstad **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Tinas sommerkjøkken **18.15** På vei til Sel **18.45** Vikinglotto **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Sommeråpent **20.15** 4·4·2 **21.00** Kveldsnytt **21.15** Kalde føtter **22.05** Lovesikh **22.35** Boardwalk Empire

## svt1

**10.00** Mitt i naturen **10.05** Anslagstavlan **10.10** Pearl Jam 20 år **12.05** Recount **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Desperate Romantics **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport **16.10** Regionala nyheter **16.15** Hundra procent bonde **16.45** Biltokig **17.20** Sverige i dag sommar **17.30** Rapport **17.52** Regionala nyheter **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Engelska mord **19.30** Mad Dogs **20.15** Undercover Boss **21.05** Rapport **21.10** Fängelset **21.40** Allsång på Skansen **22.40** Kören **23.40** Rapport **23.45** Ett annat sätt att leva

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur tækni og vísindi **21.00** Fiskikóngurinn **21.30** Eru þeir að fá´ann

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 100,5 Kaninn | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |





ÆVINTÝRAEYJAN MEÐ HEMMA GUNN OG SVANSÍ

Á laugardaginn verður Ævintýraeyjan með Hemma Gunn og Svansí á Bylgjunni. Boðið verður upp á frábær tónlistaratriði og uppákomur fyrir alla fjölskylduna.
**Vertu með Bylgjunni og Olís um helgina.**

BYLGJULESTIN ÞAKKAR Bolvíkingum frábærar viðtökur um síðustu helgi. Nú um helgina verður Bylgjulestin á Goslokahátíð í Vestmannaeyjum.

BYLGJULESTIN Í SUMAR

| | |
|---|---|
| 9. JÚNÍ | Selfoss |
| 16. JÚNÍ | Hafnarfjörður |
| 23. JÚNÍ | Hveragerði |
| 30. JÚNÍ | Bolungarvík |
| 7. JÚLÍ | Vestmannaeyjar |
| 14. JÚLÍ | Flúðir |
| 21. JÚLÍ | Blönduós |
| 28. JÚLÍ | Siglufjörður og Fáskrúðsfjörður |
| 11. ÁGÚST | Dalvík |
| 18. ÁGÚST | Reykjavík |

ÆVINTÝRA EYJAN olís BYLGJAN 989

BYLGJAN KYNNIR

STÓRTÓNLEIKAR Í HLJÓMSKÁLAGARÐINUM
Á LAUGARDAGINN KLUKKAN 18.00

# OF MONSTERS AND MEN

AÐGANGUR ÓKEYPIS
OG ALLIR VELKOMNIR

Í BEINNI Á BYLGJUNNI
LAY LOW & MAMMÚT



NJÓTUM KVÖLDSINS SAMAN MEÐ VINSÆLUSTU HLJÓMSVEIT LANDSINS.
MUNIÐ BÍLASTÆÐIN VIÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS, STRÆTÓ OG REIÐHJÓL.

Reykjavíkurborg

BYLGJAN 989

## GOTT Á GRILLIÐ



*„Mér finnst rosalega gott að grilla pitsu. Ég nota álpappír og plötu undir og það hefur heppnast vel hingað til. Muna bara eftir því að gera smá gat á álpappírinn.“*

Guðlaug Elísa Einarsdóttir, annar eigandi verslunarinnar Suzie Q sem var opnuð nýverið við Ingólfsstræti.

# Gefa út nýtt túristablað á frönsku

„Flestir Frakkar skilja ekki ensku og við viljum útskýra fyrir þeim íslenska menningu í raun og veru og sleppa öllum klisjum,“ segir Lea Gestsdóttir Gayet sem gaf út fyrsta tölublað fríblaðsins Le Pourquoi Pas? síðasta föstudag.

Blaðið er ætlað frönskumælandi ferðalöngum en Leu hefur þótt skorta slíkt rit. „Þetta er ætlað fólki til dæmis frá Frakklandi, Sviss, Belgíu og Kanada. Ég hef líka tekið eftir Ítölum og Spánverjum að lesa blaðið en þeir skilja margir frönsku mun betur en ensku,“ segir Lea og nefnir Grapevine máli sínu til stuðnings um mikilvægi fríblaða sem fjalla um íslenska menningu á erlendu tungumáli.

Lea ritstýrði blaðinu ásamt frönsku blaðakonunni Virginie Le Borgne en blaðamaðurinn Serge Ronene kom jafnframt að útgáfunni ásamt góðum hópi. „Hugmyndin kviknaði í byrjun mars þegar ég og Ronene vorum á Fáskrúðsfirði að rannsaka sögu frönsku sjómannanna sem voru þar í gamla daga og við fórum að velta fyrir okkur hve lítið efni er skrifað fyrir franska ferðamenn.“

Næsta tölublað er væntanlegt í byrjun ágúst og finnur Lea fyrir miklum meðbyr. „Við stefnum á að gefa blaðið út í júlí, ágúst og desember,“ segir Lea og bætir við að 30 þúsund Frakkar komi hingað ár hvert og þá helst í fyrrnefndum mánuðum.

Efnistök fyrsta tölublaðsins eru þrískipt. „Við tókum viðtal við Vigdísi Finnbogadóttur og Þóru Arnórsdóttur til að vekja athygli á að Þóra bauð sig fram til forseta sem ólétt kona. Það er eitthvað sem væri ekki hægt í Frakklandi og vildum við sýna sterkan hlut kvenna í íslensku samfélagi.“ Ritstjórnin tók einnig viðtöl við frönskumælandi listamenn hér á landi, fjallaði um bæi úti á landi sem og íslenska íþróttaiðkun. - hþt



**NÝTT FRÍBLAÐ** Virginie Le Borgne og Lea Gestsdóttir Gayet standa á bak við nýtt blað á frönsku um íslenska menningu.








**KARNIVAL** Myndin var tekin af Roxanne Lowit, einum frægasta ljósmyndara heims, af nýjustu sýningu Cedar Lake dansflokksins en hópurinn lagði áherslu á litadýrð og endurvinnslu og minnti umgjörðin helst á karnival. MYND/ROXANNE LOWIT

**EDDA GUÐMUNDSDÓTTIR:** STÍLISTI FYRIR W MAGAZINE OG WESTWOOD

# Listrænn stjórnandi fyrir sýningu hjá Cedar Lake



**GERIR ÞAÐ GOTT** Edda er stílisti fyrir fræga fólkið MYND/BRITT KUBAT

„Ég er stílisti fyrir tískublöð, auglýsingar og aðila á borð við Oprah Winfrey og Diane Sawyer,“ segir Edda Guðmundsdóttir stílisti í tískuborginni New York. Nú síðast var hún fengin sem listrænn stjórnandi fyrir sýningu Cedar Lake dansflokksins, sem er einn sá virtasti í New York, en hún var frumsýnd 18. júní og lauk á dögunum. Hún telur uppsetninguna til stærri verkefna sinna.

„Ég setti sýninguna saman ásamt Benoit-Swan Pouffer, listrænum stjórnanda flokksins, og gerði búningana. Ég réð myndlistar- og tónlistarmenn og fékk Hildi Yeoman, fatahönnuð, til að aðstoða mig við búningana,“ segir Edda en hún sá tískusýningu Hildar á Reykjavík Fashion Festival og heillaðist. Hún fékk jafnframt Andreu Helgadóttur til að sjá um förðun en þær eiga langt samstarf að baki. Þema danssýningarinnar var endurvinnsla og fyrir utan hönnun Hildar var allur heimurinn úr endurunnum efnivið.

„Dansflokkurinn setur upp eina óhefðbundna sýningu á ári. Ég var í sama hlutverki í fyrra en þá fékk ég Ratatat til liðs við okkur. Núna réðum við tónlistarmanninn Mikael Karlsson og vorum með mannlegan taktkjaft sem breytti um takt um leið og dansararnir snertu ákveðinn skúlptúr,“ útskýrir Edda.

Samstarf Eddu og flokksins heldur áfram í næstu óhefðbundnu sýningu sem verður unnin með Diane Von Furstenberg og Michael Bloomberg, borgarstjóra New York, að ári. hallfridur@frettabladid.is

### NÝLEG VERKEFNI EDDU

Fyrir utan danssýninguna hefur Edda í nógu að snúast en á dögunum var hún stílisti fyrir Áslaugu Magnúsdóttur, eiganda Moda Operandi, fyrir brasilíska Vogue og fyrir ítölsku söngkonuna Gala sem boðar endurkomu. Einnig stíliseraði hún herferð Vivienne Westwood fyrir Amazon, sjónvarpsauglýsingu fyrir L'Bel, sem er stærsta snyrtivörumerki Suður-Ameríku og auglýsingu fyrir Stella Artois. Nú vinnur hún að öðru tískumyndbandi sínu fyrir hið þekkta W Magazine.

# Hlátur og mikil dramatík

Útvarpskonan Guðrún Dís Emilsdóttir mun stýra sjónvarpsþættinum Flikk-Flakk sem hefur göngu sína á RÚV annað kvöld. Gunna Dís er betur þekkt sem annar tveggja umsjónarmanna útvarpsþáttarins Virkir morgnar á Rás 2.

Í sjónvarpsþættinum ferðast fjórir hönnuðir með Gunnu Dís um landið og breyta niðurníddum hafnarsvæðum í falleg torg. Íbúar bæjanna sjá svo um að framkvæma breytingarnar og hafa til þess tvo daga. Gunna Dís hefur áður verið kynnir í beinum útsendingum Sjónvarpsins en þetta er fyrsta stóra verkefnið sem hún tekur að sér fyrir RÚV.

„Það var frekar auðvelt að færa sig yfir í sjónvarp þó ég hafi þurft smá tíma til að venjast því að sjá sjálfa mig í mynd. Maður fékk vissulega kjánahroll fyrst en sem betur fer rjátlaðist hann af manni,“ segir Gunna Dís.

Tökur á þáttunum fóru fram í Vestmannaeyjum og Höfn í Hornafirði í júní og kveðst Gunna Dís spennt að sjá afraksturinn enda hafi það litla sem hún hefur þegar séð lofað góðu.

„Ég vona að þetta verði pínu í anda amerísku raunveruleikaþáttarins Extreme Makeover, Home Edition, nema massífara. Þetta verður dramatík, hlátur og í raun allt nema grátur.“

Samstarfsmaður Gunnu Dísar, útvarpsmaðurinn Andri Freyr Viðarsson, hefur einnig látið til sín taka á sjónvarpsskjánum í vetur og liggur því beinast við að spyrja hvort þau muni sjást saman á skjánum í nánustu framtíð. „Það hefur nú ekkert borist í tal. Er fólk ekki komið með nóg af okkur saman í útvarpinu? En ég útiloka ekki neitt,“ segir hún að lokum. - sm



**Á SKJÁINN** Guðrún Dís Emilsdóttir er umsjónarmaður sjónvarpsþáttarins Flikk-Flakk sem hefur göngu sína á RÚV annað kvöld. Hún hlakkar mikið til að sjá árangurinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# TYGGÐU EXTRA
## EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Bondgella í bænum

Þrátt fyrir að afmælisbarn gærdagsins, Tom Cruise, hafi yfirgefið landann var mótleikkona hans, **Olga Kurylenko** úr Oblivion, enn á landinu í gær og snæddi hádegismat á Fish Market ásamt fríðu föruneyti. Lítið hefur verið fjallað um ferðir hennar hér á landi en Olga fer með stærsta kvenhlutverk myndarinnar og er hvað þekktust sem Bondgellan á móti Daniel Craig úr James Bond: Quantum of Solace. Greinilegt er að hún kann að meta íslenskt fiskmeti því hún sat einnig til borðs á Humarhúsinu á Stokkseyri í júní ásamt kærastanum sínum, Hollywood-leikaranum Danny Huston.



### Felix með nýja plötu í vinnslu

**Felix Bergsson** leikari og tónlistarmaður hefur lengi verið stórtækur í listinni. Hann hefur sungið inn á margar plötur og með hljómsveitum en það var ekki fyrr en í fyrra sem hann sendi frá sér sína fyrstu sólóplötu. Sú hét Þögul nóttin og hlaut fínar viðtökur. Nú hefur Felix hafist handa við undirbúning næstu plötu ásamt Jóni Ólafssyni, sem sá um að útsetja alla tónlist og stjórna upptökum á fyrri plötunni. Þeir félagar hófu undirbúninginn í lok júnímánaðar en komust væntanlega ekki langt því nú er Felix farinn í sumarfrí til útlanda. **- hþt, þeb**



## Mest lesið vísir

1. Kominn út úr skápnum
2. Hélt konu nauðugri í tvær klukkustundir
3. Egill búinn að kæra stúlkuna
4. Tökum á mynd Cruise lokið
5. Ól barn í bíl á leiðinni á sjúkrahús
6. Líkamsárás á mann á sextugsaldri í nótt




FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT | 512 5100 | STOD2.IS

